HJÁLMAR HJÁLMARSSON

Útbýr folalda-carpaccio og góðan múslígraut

• matur • helgin • konudagur

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

VERA PÁLSDÓTTIR LJÓSMYNDARI

Gerir upp við fortíðina með sýningu á Mokka

Undirbýr jarðveginn fyrir breytta tíma

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU

HLJÓMGRUNNUR

Stúdíó Sýrland tekur í notkun nýtt hljóðver

Sérblaðið Hljómgrunnur

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

19. febrúar 2010 — 42. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Birta hannar Eurovision-kjólinn

Hera Björk segir umræðuna hafa engin áhrif á sig.

FÓLK 34

Óhagkvæm einkavæðing

Ögmundur Jónasson ræðir galla einkavæðingar heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Í DAG 16

Ekki tóm steypa

Árlegur steinsteypudagur er haldinn í dag af Steinsteypufélagi Íslands.

TÍMAMÓT 20

Evrópudeild UEFA

Fyrri leikirnir í 32 liða úrslitum í Evrópudeild UEFA fóru fram í gær.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓKOMA EÐA ÉL Í dag verða norðaustan 8-15 m/s, hvassast NV- og SA-lands. Víða snjókoma eða él en bjart syðra fyrra partinn. Frost víðast 0-5 stig.

VEÐUR 4

73,8%

23,7%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

Samninganefndin komin til landsins

Hlé verður á viðræðum um upptöku Icesave-samninga um óákveðinn tíma. Óvíst hvort eða hvenær verður fundað á ný. Formaður Sjálfstæðisflokksins segir þjóðaratkvæðagreiðslu ótengda efni skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

UTANRÍKISMÁL Sendinefnd Íslendinga, sem verið hefur í viðræðum við Breta og Hollendinga, sneri heim frá Lundúnum í gær. Hún mun funda með forystumönnum stjórnmálaflokkanna í dag. Óvíst er um framhaldið.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir millibilsástand ríkja nú og ekki hafi verið forsendur frekari sameiginlegra funda í bili. Hann vildi lítið tjá sig um málið fyrr en eftir fundinn í dag. Spurður hvort lesa megi það út úr stöðunni að Bretar og Hollendingar hafi hafnað hugmyndum Íslendinga sagði hann ekkert um það að segja annað en að ekki hefðu verið forsendur til frekari fundarhalda í bili.

Í sama streng tók Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, allar yfirlýsingar verði að bíða fundar með nefndarmönnum.

Bandaríski lögfræðingurinn Lee C. Buchheit, sem er í samninganefndinni, mun sitja fundinn í dag, en óvíst er með aðkomu hans í framhaldinu.

Forystumenn flokkanna funduðu seinnipartinn í gær um stöðuna og í kjölfarið var nefndin kölluð heim. Á þann fund komu Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, og Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar Alþingis. Enn er óljóst hvort skýrsla nefndarinnar kemur út fyrir mánaðamót.

Steingrímur segist enn á þeirri skoðun að afar óheppilegt sé að skýrslan og þjóðaratkvæðagreiðslan falli nánast á sama tíma. Bjarni tekur undir það, en segir þó ekki ástæðu til að fresta þjóðaratkvæðagreiðslunni. Samningarnir batni ekkert við það sem stendur í rannsóknarskýrslunni.

Spurður hvort enn ríki samstaða hérlendis segir Steingrímur: „Veganestið sem við fórum út með byggði á ákveðinni samstöðu. Hvernig á það reynir í framhaldinu verður að koma í ljós.“

Wikileaks birti í gær skjöl sem sýna að leitað hafi verið eftir stuðningi bandarískra stjórnvalda varðandi Icesave.

- kóp/sjá síðu 4

ÆTTFRÆÐI OG AÐRAR DYGGÐIR Hvort sem ríkir glys góðærisins eða kreppan ríður húsum breytist áhugi Íslendinga á bókum seint. Þessar frúr voru svo heppnar að komast á foropnun bókamarkaðar Félags íslenskra bókaútgefenda í Perlunni, sem opnaður verður í dag. Að sjálfsögðu er þar að finna ættfræðibækur, enda ættrakning íþrótt þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gengi krónunnar hefur ekki verið sterkara gagnvart evru frá í júlí í fyrrasumar:

Gæti leitt til lægri stýrivaxta

VIÐSKIPTI Gengisvísitala krónunnar endaði í 231 stigi í gær og hefur krónan ekki verið sterkari gagnvart evru síðan seint í júlí í fyrra. Evran og erlendir gjaldmiðlar fasttengdir henni í Evrópu mynda í kringum helming gengisvísitölu krónunnar. Þar á meðal er danska krónan.

Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, segir þetta jákvæðar fréttir, ekki síst þar sem vörur frá evrusvæðinu verði ódýrari en áður. Hann bendir á að almennt sé lítið að gerast á millibankamarkaði. Seðlabankinn, sem hafi keypt krónur fyrir um einn milljarð að jafnaði á mánuði í eitt ár eftir að gjaldeyrishöft voru sett í lok nóvember í hittifyrra, hafi haldið sig til hlés frá í nóvember í fyrra.

Seðlabankinn líti þróunina jákvæðum augum ogýti það undir frekari lækkun stýrivaxta, að mati Jóns. „Það er erfitt að spá fyrir um gjaldmiðla. En ég tel betri líkur á því nú en fyrir nokkrum mánuðum síðan að krónan muni standa af sér veturinn og þokast upp. Horfurnar eru ekki slæmar á næstunni,“ segir Jón Bjarki.

- jab

LOGAR Eldtungur stóðu út um glugga húsnæðis skattyfirvalda í Texas eftir að flugvél var flogið á bygginguna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flaug á húsnæði skattsins:

Eins saknað og tveir á spítala

BANDARÍKIN, AP Flugmaður lítillar einkaflugvélar lést þegar hann flaug vélinni á húsnæði skattyfirvalda í Texas-ríki í Bandaríkjunum í gær. Eins manns sem var í byggingunni var enn saknað í gærkvöldi og tveir slösuðust.

Maðurinn, sem starfaði sem hugbúnaðarhönnuður, hefur átt í deilu við skattyfirvöld í Texas. Talið er víst að hann hafi viljandi flogið vélinni á bygginguna.

„Ofbeldi er ekki bara svarið, það er eina svarið,“ skrifaði maðurinn meðal annars á vefsíðu sína. Þar sagðist hann ætla að reyna „eitthvað nýtt“ í baráttu sinni við skattinn. - bj

Gleymdi að gefa fátækum:

Hrói Höttur ákærður í Denver

BANDARÍKIN, AP Maður að nafni Robin Joshua Hood var kærður á dögunum fyrir að villa á sér heimildir í borginni Denver í Bandaríkjunum.

Málið hefur vakið athygli vestra, enda er Robin Hood nafn þjóðsagnapersónunnar Hróa Hattar á frummálinu. Sá bandaríski stelur þó ekki frá hinum ríku til að gefa fátækum. Að sögn lögreglu fann hann seðlaveski í miðborg Denver og notaði skilríki eigandans til að villa á sér heimildir, en Hood var eftirlýstur fyrir fíkniefnabrot.

Lögreglan hafði hendur í hári hans þegar hann var gripinn glóðvolgur við búðarhnupl.

Bæjarráð Akureyrar:

Ríkið láti gera stærri flugstöð

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Akureyrar vill að flugstöð og flughlað á Akureyrarflugvelli verði stækkað sem fyrst og tekur þar með undir áskorun þess efnis frá stjórn Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi.

„Millilandaflug á heilsársgrundvelli kemur til með að skapa ferðaþjónustunni á Norður- og Austurlandi algjörlega nýjan rekstrargrundvöll, efla arðsemi, nýsköpun og þróun í ferðaþjónustu og mun hafa jákvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, sérstaklega yfir vetrartímann,“ segir bæjarráð sem kveður eðlilegt að framkvæmdin verði greidd af samgönguáætlun ríkisins. Ekki sé rétt að leggja kostnaðinn eingöngu á flugrekendur og þar með notendur mannvirkisins. - gar

SPURNING DAGSINS

Gunnlaugur, berjast menn alltaf í boltanum?

„Við kýlum alltaf á þetta."

Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals í fótbolta, segir slagsmál tveggja leikmanna liðsins hafa verið léttar ryskingar enda hlaupi fótboltamönnum gjarnan kapp í kinn.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar tvö nauðgunarmál:

Yfirheyrður vegna nauðgunar

LÖGREGLUMÁL Karlmaður hefur verið yfirheyrður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu vegna nauðgunar sem kærð var eftir síðustu helgi. Þá kannar lögregla vísbendingar varðandi annan meintan nauðgara.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni kærðu tvær stúlkur nauðgun eftir síðustu helgi. Önnur þeirra er sautján ára og hin um tvítugt. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins kærði sú sautján ára nauðgun sem átti sér stað á skemmtistað í borginni. Eldri stúlkan kærði mann fyrir að nauðga sér í bíl. Eftir því sem næst verður komist ók hún nokkrum piltum, þar af einum sem hún þekkti. Piltarnir tíndust úr bílnum, þar til einungis einn var eftir. Hann er kærður fyrir að hafa nauðgað stúlkunni.

Báðar stúlkurnar leituðu á neyðarmóttöku Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi fyrir þolendur kynferðisofbeldis eftir árásirnar. Þær voru báðar með áverka eftir ofbeldið.

Hvorug stúlknanna mun hafa þekkt ofbeldismanninn sem þær urðu fyrir barðinu á.

Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur rannsókn málsins með höndum.

- jss

LÖGREGLUSTÖÐIN Lögregla hefur yfirheyrt karlmann vegna nauðgunar um síðustu helgi.

Barátta gegn talibönum:

Marja að mestu á valdi Natóliðs

AFGANISTAN, AP „Ég myndi segja að við séum með hryggjarstykkið úr bænum á okkar valdi," segir Larry Nicholson, herforingi í fjölþjóðaliði NATO og Bandaríkjanna í Afganistan.

Fimmtán þúsund manna herlið réðist á bæinn Marja í Helmand-héraði í síðustu viku. Talibanar hafa haft bæinn og næsta nágrenni á valdi sínu undanfarin ár, en innrásarliðið hefur nú náð helstu götum og stjórnsýslubyggingum bæjarins á sitt vald.

„Við erum þar sem við viljum vera," segir Nicholson.

- gb

Securitas sett í söluferli:

Stærsta eignin seld úr búi Fons

VIÐSKIPTI JP Lögmönnum hefur verið falið að annast formlegt ferli á öryggisvörslufyrirtækinu Securitas. Fyrirtækið er helsta eign þrotabús Fons, félags áður í meirihlutaeigu Pálma Haraldssonar. Stefnt er að því að nýir eigendur taki við Securitas í kringum 20. mars næstkomandi.

Securitas var auglýst til sölu í dagblöðum í gær. Þar kemur fram að allir sem geti sýnt fram á að þeir eigi þrjú hundruð milljónir króna eða meira geti lagt fram tilboð í félagið. Þá geta fjármögnunarvilyrði frá fjármálastofnun, sem metið er fullnægjandi af seljanda, talist gilt, samkvæmt því sem þar segir.

- jab

Yfirmaður loftslagsmála SÞ:

Yvo de Boer segir af sér

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP Yfirmaður loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum, Yvo de Boer, tilkynnti í gær um afsögn sína, frá og með 1. júlí. De Boer hefur gegnt stöðunni í fjögur ár og er fyrir mörgum andlit loftslagsviðræðna.

YVO DE BOER

Þrátt fyrir yfirlýsingar um hið gagnstæða leiða menn líkur að því að óánægja með útkomu ráðstefnunnar í Kaupmannahöfn hafi haft sitt að segja um ákvörðunina. Óttast menn nú að snurða geti hlaupið á þráðinn í viðræðum, en enginn augljós eftirmaður er til staðar. Tilkynningin kemur fimm mánuðum áður en fulltrúar 193 ríkja munu þinga um loftslagsmál í Cancun í Mexíkó.

- kóp

Milljarða útgreiðsla hangir yfir borginni

Borgarsjóður gæti þurft að greiða milljarða króna ef dómstólar segja að borginni beri að taka aftur við lóðum og endurgreiða þeim lóðarhöfum sem það kjósa. Ábyrgðarlaust að greiða ef það er ekki okkar skylda, segir borgarstjórinn.

REYKJAVÍKURBORG „Á meðan við erum að forgangsraða í þágu grunnþjónustu og annars sem mestu máli skiptir getum við auðvitað ekki varið það að endurgreiða lóðir nema það sé alveg skýrt að það sé okkar skylda," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri.

Meirihlutinn í borgarráði Reykjavíkur samþykkti í gær bókun um að úrskurðir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þess efnis að borgin ætti að taka aftur við seldum lóðum væru byggðir á röngum forsendum og því rangir. Uppi sé lagaleg óvissa því Héraðsdómur Reykjavíkur hafi í desember komist að þveröfugri niðurstöðu en ráðuneytið. „Reykjavíkurborg hefur ekki í sínum samþykktum viðurkennt að til staðar hafi verið einhliða skilaréttur hjá lóðarhöfum íbúðahúsalóða, þar sem byggingarréttur var seldur í kjölfar útboðs, eða atvinnuhúsalóða," ítrekar meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í bókun.

Samkvæmt framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar frá í júní 2009 gátu hugsanleg fjárútlát borgarinnar vegna lóðaskila í Úlfarsárdal og á Sléttuvegsreit numið þremur milljörðum króna með verðbótum. Þar af hafi verið gerð krafa um 365 milljónir. Þessar upplýsingar fengust ekki uppfærðar í gær og ekki reyndist unnt að fá samsvarandi upplýsingar um atvinnulóðir. En ljóst er að upphæðin sem um er að tefla skiptir milljörðum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúar meirihlutans skiptust á bókunum um málið í borgarráði en Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúi VG, sat hjá. „Þetta er mál sem verður leitt til lykta í Hæstarétti," segir Þorleifur við Fréttablaðið.

ÚLFARSÁRDALUR Eigendum lóða er neitað um að skila þeim og fá endurgreitt eins og tíðkaðist hjá borginni fyrir hrun fjármálakerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það er ekkert í samþykktum borgarinnar sem gerir ráð fyrir svona einhliða skilum á lóðum.
>
> **HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**
> BORGARSTJÓRI

Dagur B. Eggertsson og aðrir fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarráði segjast byggja afstöðu sína á sjónarmiðum jafnræðis og sanngirni. Uppi sé lagaleg óvissa og spurningar um óvandaða stjórnsýslu. Dráttur á niðurstöðu geti verið afar afdrifaríkur fyrir viðkomandi fjölskyldur. Þótt staða borgarsjóðs sé erfið sé það „þó ekki síður ábyrgðarhluti hjá borgarstjóra og meirihluta borgarstjórnar á láta viðkomandi fjölskyldunum einum eftir að axla ábyrgð," eins og segir í bókun.

Hanna Birna segir að á meðan uppi sé lagaleg óvissa fylgi borgaryfirvöld lögfræðilegri ráðgjöf. Bæði borgarlögmaður og aðrir lögmenn sem vinni fyrir borgina í þessu málum telji að ekki hvíli á borginni skylda til að taka við lóðunum. „Það er ekkert í samþykktum borgarinnar sem gerir ráð fyrir svona einhliða skilum á lóðum. Í þeim tilvikum sem borgin endurgreiddi atvinnulóðir án þess að vera skyldug til þess var það vegna þess að borgin taldi sig afdráttarlaust geta endurselt þær lóðir," segir borgarstjórinn.

gar@frettabladid.is

VERKFALL Boðað verkfall flugvirkja á að standa frá 22. til 28. febrúar.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Fyrirhugað verkfall flugvirkja:

Óttast að ferðamenn fælist frá

SAMGÖNGUMÁL Samtök ferðaþjónustunnar lýsa yfir miklum áhyggjum vegna boðaðs verkfalls flugvirkja, sem að óbreyttu hefst á mánudag. Ef af verkfalli verður mun flug til landsins stöðvast, og mikil viðskipti fara forgörðum, með tilheyrandi tapi fyrir fyrirtæki og þjóðarbúið, segir í yfirlýsingu frá samtökunum.

Þar segir enn fremur að verkföll sem stöðvi flug til landsins séu slæm fyrir orðspor Íslands og fæli ferðamenn frá landinu.

Kristján Kristinsson, formaður samninganefndar Félags flugvirkja, sagði í gær ágætan gang í samningaviðræðum.

- þj

Héraðsdómur Suðurlands:

Gaf fólki varning úr sjoppu

DÓMSMÁL Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Suðurlands fyrir að afhenda varning út um lúgu söluskála Olís á Selfossi án þess að taka greiðslu fyrir.

Þannig rétti maðurinn óþekktum manni eða konu tvö karton af sígarettum út um lúguna. Næsti „viðskiptavinur" fékk kók og sælgæti án greiðslu þegar hann leit við. Þá bar að sjoppunni stúlku um tvítugt. Hún fékk kók, en þar að auki renndi sjoppumaðurinn korti í gegnum kortalesara og tók peningaupphæð úr afgreiðslukassanum sem hann lét stúlkuna hafa. Maðurinn hefur játað brotin.

- jss

KAREN Í 4. SÆTI

KÓPAVOGUR - GERUM ENN BETUR
PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS 20. FEBRÚAR

Ráðherra gefur út reglugerð um 20 þúsund tonn aukreitis:

Loðnukvóti aukinn í dag

SJÁVARÚTVEGUR Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra gefur í dag út reglugerð um að auka loðnukvóta um 20 þúsund tonn. Er það gert að tillögu Hafrannsóknastofnunar sem fram kom í gær.

JÓN BJARNASON

Mælingar Hafró sýna 505 þúsund tonn af kynþroska loðnu. Áður en þær fóru fram höfðu 45 þúsund tonn verið veidd, þannig að áætluð stærð stofns, að meðtöldum afla, er um 550 þúsund tonn. Gildandi aflaregla gerir ráð fyrir að 400 þúsund tonn séu skilin eftir til hrygningar og því lagði Hafró til leyfilegan hámarksafla 150 þúsund tonn, 20 þúsund tonna aukningu frá fyrri tillögu.

DREKKHLAÐIN SUÐUREY Talið er að aukning loðnukvótans skili um 1,5 milljarða króna í aflaverðmæti. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Jón Bjarnason segir loðnuna á besta stigi núna, fulla af hrognum og því afar dýrmæta. Með aukningu kvótans fáist upp í hrognasölusamninga. „Ég gef út í fyrramálið [í dag] reglugerð um 20 þúsund tonna aukningu. það er mjög ánægjulegt að geta gert það," segir ráðherra.

Af þessum 20 þúsund tonnum koma 18 þúsund í hlut Íslendinga, en afgangurinn fer til Færeyinga og Grænlendinga samkvæmt samningum. Aflaverðmæti gæti numið um 1,5 milljörðum.

Nokkuð hefur verið þrýst á um að auka þorskkvóta, jafnvel um 40 þúsund tonn. Jón segir það ekki til skoðunar hjá ráðuneytinu.

- kóp

FRÁBÆR TILBOÐ Í TILEFNI DAGSINS

Konudagstilboð

LG VIEWTY – 3G

Frábær 3G sími með stórum snertiskjá, flottri 5MP myndavél, tónlistarspilara og FM útvarpi.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 29.900 kr.

SONY ERICSSON JALOU – 3G | 3GL

Handhægur og nettur stelpusími, demantslaga með sérstakri filmu sem gerir skjáinn að spegli.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 39.900 kr.

TILBOÐ GILDA: 19.-21. FEBRÚAR

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

ENNEMM / SÍA / NM41037

GENGIÐ 18.02.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	128	128,62
Sterlingspund	199,77	200,75
Evra	173,81	174,79
Dönsk króna	23,349	23,485
Norsk króna	21,631	21,759
Sænsk króna	17,76	17,864
Japanskt jen	1,4088	1,417
SDR	196,06	197,22

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
230,3209

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fulltrúar íslenskra stjórnvalda báðu Bandaríkjamenn um stuðning vegna Icesave:

Óttuðust þjóðargjaldþrot 2011

EFNAHAGSMÁL Fulltrúar íslenskra stjórnvalda óskuðu eftir yfirlýsingu frá bandarískum stjórnvöldum um stuðning við sjónarmið Íslands í Icesave-málinu á tveggja tíma fundi með fulltrúa bandarískra stjórnvalda 12. janúar.

Þeir Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, og Kristján Guy Burgess, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, funduðu með Sam Watson, sem stýrir sendiráði Bandaríkjanna hér á landi þar sem sendiherra hefur ekki verið skipaður.

Í trúnaðarskjali sem sent var frá sendiráðinu til bandarískra stjórnvalda, og birt var á síðunni

EINAR GUNNARSSON

KRISTJÁN GUY BURGESS

Wikileaks í gærkvöldi, er haft eftir Einari að fari allt á versta veg í Icesave-málinu gæti Ísland orðið gjaldþrota strax á næsta ári.

Einar og Kristján sögðu íslensk stjórnvöld þurfa alþjóðlegan stuðning í baráttu sinni við Breta og Hollendinga. Watson sagði á móti bandarísk stjórnvöld ætla að halda hlutleysi í málinu.

Í minnisblaðinu er í framhaldinu haft eftir þeim Einari og Kristjáni að slíkt hlutleysi væri í raun ómögulegt þegar tvö stór lönd væru að kúga lítið land.

Í skjalinu kemur einnig fram að Watson hafi fundað með Ian Whiting, sendiherra Bretlands á Íslandi. Haft er eftir Whiting að bresk stjórnvöld hafi fengið misvísandi skilaboð frá íslenskum stjórnvöldum. Fyrst hafi þau talað fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu en svo vilji þau nýja samninga. - bj

Byssuskot í forsetahöll Níger:

Valdarán líklega framið

NÍGER, AP Líklegt þykir að valdarán hafi verið framið í Níger í Vestur-Afríku. Hermenn með alvæpni réðust inn í forsetahöllina um miðjan dag, og hafði ekkert spurst til Mamadou Tandja forseta í gærkvöldi.

Reykur barst frá forsetahöllinni eftir um 20 mínútna skotbardaga milli hermanna og lífvarða forsetans. Vitni sagði hermennina hafa fært forsetann á brott.

Níger var svo til útilokað frá samfélagi þjóðanna eftir að forsetinn breytti stjórnarskrá til að halda völdum og fá sjálfum sér alræðisvald í hendur í desember síðastliðnum. - bj

DALAÍ LAMA Í WASHINGTON Obama forseti lýsti yfir eindrægnum stuðningi við málstað Tíbeta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dalaí Lama hitti Obama:

Ánægður með stuðninginn

BANDARÍKIN, AP Dalaí Lama, leiðtogi útlagastjórnar Tíbeta á Indlandi, segist ánægður með þann stuðning sem hann fékk frá Barack Obama Bandaríkjaforseta.

Þeir hittust í Hvíta húsinu í Washington í gær, þrátt fyrir harða andstöðu kínverskra stjórnvalda. Að loknum fundinum sagði Robert Gibbs, talsmaður Bandaríkjaforseta, að Obama hafi lýst yfir stuðningi sínum við „varðveislu hinna einstæðu trúarbragða, menningar og tungumáls Tíbeta og mannréttindavernd þeirra“. - gb

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Dæmdir fyrir kannabisræktun

DÓMSMÁL Tveir karlmenn á þrítugsaldri hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Reykjavíkur í nokkurra mánaða fangelsi fyrir kannabisrækt og vörslu fíkniefna.

Mennirnir voru teknir í mars á síðasta ári, þar sem þeir ræktuðu 503 kannabisplöntur í Engihjalla í Kópavogi. Annar þeirra hafði áður verið tekinn með sex plöntur á öðrum stað. Þá hafði fundist maríjúana og tóbaksblandað kannabisefni hjá honum. Annar mannanna var dæmdur í níu mánaða fangelsi en hinn fimm. - jss

Má setja skilyrði fyrir veitingu smálána

Nýleg tilskipun ESB heimilar að sett séu skilyrði um veitingu smálána. Myndi skylda smálánafyrirtæki til að sýna lántakendum kostnað á ársgrundvelli. Þarf að stoppa í göt á lögum um fjármálafyrirtæki, segir forstjóri Neytendastofu.

NEYTENDUR Full ástæða er til að nýta heimild í nýjum lögum um neytendalán til að setja skilyrði fyrir veitingu smálána, að mati Neytendastofu. Slík skilyrði myndu meðal annars skylda veitendur svokallaðra SMS-lána til að gera lántakendum gleggri grein fyrir kostnaði við lántökuna.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið undirbýr nú frumvarp sem innleiða á nýja tilskipun Evrópusambandsins um neytendalán. Þar er meðal annars að finna heimild til að setja sérstök lán undir 200 evrum, 35 þúsund krónum, sem hingað til hafa verið undanskilin lögum um neytendalán, segir Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu.

Starfsmenn Neytendastofu hafa þegar verið í sambandi við efnahags- og viðskiptaráðuneytið vegna þessa, en endanleg ákvörðun verður tekin þar.

Verði smálánin felld undir hefðbundin ákvæði laga um neytendalán þurfa forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem þau veita að gefa viðskiptavinum mun ýtarlegri upplýsingar en nú er gert, segir Tryggvi.

Til dæmis þurfi að upplýsa hver kostnaðurinn við lántökuna er á ársgrundvelli með svokallaðri árlegri hlutfallstölu kostnaðar við lánið. Slíka hlutfallstölu þurfa önnur fyrirtæki sem veita lán alltaf að upplýsa sína lántakendur um í dag, segir Tryggvi.

„Þetta mun auka vernd neytenda, en á endanum er valið þeirra,“ segir Tryggvi. Kjósi neytandinn að taka

SKYNDILÁN Hægt er að taka allt að 40 þúsund króna lán með því að senda SMS-skilaboð hjá eina fyrirtækinu sem býður upp á smálán hér á landi.

lán á okurvöxtum sé það ákvörðun hans.

Tryggvi segir það á verksviði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins að ákveða hvort sett verði sérstök lög um að starfsemi smálánafyrirtækja verði gerð starfsleyfisskyld.

Í dag þurfa fyrirtæki sem veita smálán ekki að fá starfsleyfi þrátt fyrir að standa í lánastarfsemi. Í svari Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að slík fyrirtæki teljist ekki fjármálafyrirtæki þar sem þau fjármagni útlán sín ekki með innlánum. Því þurfi þau ekki að sækja um leyfi til lánastarfsemi til eftirlitsins.

Í dag býður eitt fyrirtæki upp á svokölluð SMS-lán, en heimildir Fréttablaðsins herma að fleiri íhugi nú að fara út í slíka lánastarfsemi. Til að taka slík lán þarf að skrá sig á vefsíðu fyrirtækisins, og senda svo SMS til að fá skyndilán allt að 40 þúsund krónum í fimmtán daga.

brjann@frettabladid.is

MEÐ SIGURKÖKUNA Hilmir Hjálmarsson sigraði í keppninni um köku ársins.

Kaka ársins valin:

Nóg af súkkulaði og núggat

VIÐURKENNING Hilmir Hjálmarsson hjá Sveinsbakaríi bar sigur úr býtum í keppni um Köku ársins sem Landssamband bakarameistara efnir til árlega í samstarfi við Nóa-Síríus.

Alls bárust tíu kökur í keppnina og þurfa innsendar kökur að vera fallegar, bragðgóðar og líklegar til vinsælda. Sala á kökunni hefst í bakaríum félagsmanna Landssambands bakarameistara um helgina en hefð er fyrir því að kakan sé kynnt um konudagshelgina. Sigurkakan í ár er samsett úr dökkum súkkulaðibotni, hvítum botni, núggatmús og hjúpuð með dökkum Konsum orange-súkkulaðihjúp.

SJÁVARÚTVEGUR

Minni verðmæti en í fyrra

Heildarafli íslenskra fiskiskipa, metinn á föstu verðlagi, í janúar síðastliðnum var 8,9 prósent minna en á sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Umtalsvert færri tonn voru veidd í ár, eða 55.445 tonn samanborið við 71.520 tonn í janúar í fyrra.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HELGARHORFUR
Veðrið um helgina verður keimlíkt því sem verið hefur, áfram norðaustlægar áttir ríkjandi með éljum um norðan- og austanvert landið en suðvestanlands verður nokkuð bjart. Það dregur lítillega úr frosti í dag en um helgina verður frost víðast á bilinu 0-8°C.



HEIMURINN

Alicante	15°
Basel	5°
Berlín	1°
Billund	1°
Eindhoven	5°
Frankfurt	3°
Friedrichshafen	3°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	20°
London	4°
Mallorca	15°
New York	6°
Orlando	18°
Ósló	-7°
París	5°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	-4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

NAUTAFILE Í RAUÐVÍNSSÓSU fyrir 4

að hætti Rikku

1 ½ msk Ítalía ólífuolía
2 laukar, sneiddir
100 g gulrætur, skornar í 1 cm þykka bita
1 hvítlauksrif, pressað
100 g beikon, skorið í bita
600 g nautafilé, skorið í 1 ½ cm þykka bita
500 ml Chef Macrina rauðvín
1 grænmetisteningur
5 greinar timjan
1 msk smjör
250 g sveppir, skornir til helminga
1 msk tómatmauk
salt og nýmalaður pipar

Hitið ólífuolíuna í potti við meðalhita og steikið laukinn og gulræturnar þar til laukurinn verður mjúkur í gegn, u.þ.b. 7 mínútur. Bætið hvítlauknum og beikoninu út í ásamt nautakjötinu og brúnið allar hliðar kjötsins, u.þ.b 7 mínútur. Hellið rauðvíninu og grænmetiskraftsteningnum út í, leggið timjangreinarnar ofan á kjötið og látið malla við meðalhita í 30 mínútur. Steikið sveppina upp úr smjörinu og setjið þá saman við kjötið ásamt tómatmaukinu og látið malla áfram í 15 mínútur. Kryddið með salti og pipar. Ef þið viljið þykkja sósuna, hrærið þá 1 msk af mjúku smjöri saman við 1 msk af hveiti og 1 msk af sósunni, hellið út í pottinn og látið malla áfram þar til ákjósanlegri þykkt er náð. Berið fram með kartöflumús.

KARTÖFLUMÚS
4 bökunarkartöflur
50 ml mjólk
2 msk smjör
salt eftir smekk

Skerið kartöflurnar í minni bita og sjóðið. Skrælið kartöflurnar og bætið mjólk, smjöri og salti út í og stappið saman með kartöflustappara., einnig er hægt að setja kartöflurnar í hrærivél en gætið þess þá að hræra ekki of lengi.

Cajp´s lambalundir
marineraðar

Ostafyllt lambalæri
að hætti Jóa Fel

Ungnauta ribeye
á gull spjaldi

Kjúklingabringur
ferskar

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 21. febrúar á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

KJÖRKASSINN



Hefur þú íhugað að flytja úr landi vegna hrunsins?

JÁ 56%

NEI 44%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú skoðað kynningarvef vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave, thjodaratkvaedi.is?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Kynningarvefur stjórnvalda vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave opnaður:

Hluti gagna birtur á ensku

EFNAHAGSMÁL Lítill hluti þeirra gagna sem vísað er til á kynningarvef vegna fyrirhugaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekki verið þýddur úr ensku á íslensku. Opnað var fyrir kynningarvefinn í gær.

Lagastofnun Háskóla Íslands vann upplýsingar fyrir vefinn fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið. María Thejll, forstöðumaður stofnunarinnar, segir að hlutleysi hafi verið haft að leiðarljósi við vinnslu gagnanna.

Eitt af þeim atriðum sem miklu skipta vegna skuldar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda við breska og hollenska ríkið, verði lögin samþykkt, er hversu mikið fæst upp í skuldina úr þrotabúi Landsbankans. Vilji landsmenn kynna sér útreikninga á mögulegum endurheimtum er þeim meðal annars vísað á tæplega 60 síðna skýrslu skilanefndar Landsbankans.

Skýrslan er á ensku og þykir nokkuð tyrfin. María segir að lagastofnun hafi hvorki haft tíma né umboð til að láta þýða skýrsluna. Það sem þar komi fram sé vissulega flókið, en sömu upplýsingar megi finna í gögnum frá Seðlabanka Íslands sem einnig sé vísað í. María segir það á valdi stjórnvalda að láta þýða skýrsluna.

Skoða má kynningarvefinn á vefslóðinni thjodaratkvaedi.is. - bj

KYNNING Vefurinn thjodaratkvaedi.is var opnaður í gær.

Héraðsdómur Reykjaness:

Amfetamínið út um glugga

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hafa rúmlega 300 grömm af amfetamíni í fórum sínum til að dreifa og selja.

Maðurinn var tekinn á síðasta ári í Smáíbúðahverfinu í Reykjavík. Amfetamíninu kastaði hann út um glugga íbúðar sinnar þegar lögreglan hafði afskipti af honum. Þá hefur kona á fertugsaldri verið dæmd í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fíkniefnavörslu. Hún var með smáræði af amfetamíni og kannabislaufum og 140 kannabisplöntur. - jss

Nýtt bankaráð Landsbankans:

Bankasýslan tekin til starfa

STJÓRNSÝSLA Bankasýsla ríkisins er formlega tekin til starfa og hefur fjármálaráðherra skipað stjórn hennar. Formaður er Þorsteinn Þorsteinsson rekstrarhagfræðingur, en með honum í stjórn sitja þau Sonja María Hreiðarsdóttir lögmaður og Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur.

Þá tók nýtt bankaráð Landsbankans til starfa í gær. Þá tók Gunnar Helgi Hálfdánarson við formennsku af Hauki Halldórssyni, sem enn situr í ráðinu. Auk þeirra eru þar Guðríður Ólafsdóttir, Sigríður Hrólfsdóttir og Friðrik Pálsson. Nýtt bankaráð mun auglýsa stöðu bankastjóra og þá er stefnt að því að hvor hlutur kyns í forystusveit bankans verði ekki undir fjórutíu prósentum í árslok 2013. - kóp

DÓMSTÓLAR

Sex sinnum með fíkniefni

Karlmaður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir fjölmörg brot. Hann var tekinn sex sinnum með flestar tegundir fíkniefna. Þá er hann ákærður fyrir umferðarlagabrot og þjófnað.

Sekt fyrir hraðakstur

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur til að greiða 30 þúsund króna sekt í ríkissjóð. Hann ók á 108 kílómetra hraða austur Suðurlandsveg þar sem hámarkshraði er 90.

SKIPULAGSMÁL

Álverið fær stækkun

Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar hefur samþykkt ósk Alcan um að reisa viðbyggingu vestan við núverandi kersmiðju. Byggingin er nauðsynleg vegna áforma fyrirtækisins um framleiðsluaukningu.

Óánægja með endurkomu hverfisskóla

Skólastjórnendur eru margir óánægðir með nýjar innritunarreglur í framhaldsskóla. Samkvæmt þeim eiga að minnsta kosti 45 prósent nýnema að koma úr hverfinu. Nemendur eru settir í átthagafjötra, segir skólastjóri Verslunarskólans.

MENNTUN Nýjar innritunarreglur í framhaldsskóla búa til fleiri vandamál en þær leysa, segir Ingi Ólafsson, skólastjóri í Verslunarskóla Íslands, sem í fyrsta sinn í sögu skólans verður að hverfisskóla. Skiptar skoðanir eru hjá skólastjórum framhaldsskóla um reglurnar sem fela í sér að að minnsta kosti 45 prósent nýnema eigi að koma úr skólum í grenndinni.

Ingi segir grunnskólanema setta í átthagafjötra með reglunum. Már Vilhjálmsson, skólastjóri Menntaskólans við Sund, segir reglurnar í mótsögn við lög um framhaldsskóla. Þau hvetji til sérstöðu skóla en reglur um hverfisskóla dragi úr valmöguleika nemenda til að velja sér skóla við hæfi. Ingibjörg S, Guðmundsdóttir, skólastjóri Kvennaskólans, tekur undir þessi sjónarmið, reglurnar muni heldur ekki leysa öll vandamál er snúa að innritun nýnema í framhaldsskóla, heldur færa vandann til.

Lársus H. Bjarnason, skólastjóri Menntaskólans við Hamrahlíð, segir lítið hægt að segja um innritunarreglurnar fyrr en á þær hafi reynt. Hann hafi þó á tilfinningunni að þær breyti ekki miklu fyrir skólann, MH hafi ætíð tekið hærra hlutfall úr nágrenninu en ýmsir aðrir skólar, búseta hafi verið sjónarmið sem tekið hafi verið tillit til.

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólastjóri Fjölbrautaskólans í Breiðholti, býst ekki við að reglurnar breyti miklu fyrir FB.

Framhaldsskólum ber að setja inngönguskilyrði fyrir nýnema í samráði við menntamálaráðuneytið. Þær upplýsingar fengust þar að framhaldsskólar eigi að hafa þær tilbúnar um næstu mánaðamót.

Innritun í framhaldsskóla gekk brösuglega síðastliðið vor eins og greint var frá í fréttum. Ingibjörg segir vandræðin ekki hafa skapast út af því að samræmdu prófin voru aflögð heldur vegna þess hve mikill nemendafjöldi sótti um framhaldsskólavist, mjög lítill sveigjanleiki sé í kerfinu vegna þess að plássin fyrir nemendur séu ekki nægilega mörg.

Már er sama sinnis og segir vandamál vera að trassað hafi verið í mörg ár að byggja nýjan framhaldsskóla í Reykjavík. Það hafi haft þær afleiðingar að skólabekkirnir séu afar þétt setnir og val nemenda af skornum skammti. Þeir hafi í raun ekki val um framhaldsskóla fyrr en námsframboð verði aukið, framboð af skólaplássum verði meira en eftirspurn.

Þess má geta að nemendum ber að sækja um framhaldsskóla í byrjun apríl og kemur þá í ljós hvert straumurinn liggur. Engar einkunnir fylgja þeirri umsókn en þær eru svo sendar á framhaldsskólana að grunnskólaprófum loknum. Nemendur geta sótt um hvaða skóla sem er, en hafa forgang í hverfisskólum.

sigridur@frettabladid.is

NÝJAR LEIÐIR EFTIR NIÐURFELLINGU SAMRÆMDU PRÓFANNA Framhaldsskólar miðuðu lengi vel við niðurstöður samræmdra prófa er þeir tóku nemendur inn í skólann. Þau hafa verið lögð niður og er þess í stað tekið tillit til einkunna úr grunnskóla og búsetu samkvæmt nýjum reglum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FORGANGUR Í EINN EÐA TVO SKÓLA

Nemendur í flestum grunnskólum Reykjavíkur eiga forgang í tvo framhaldsskóla. Undantekning frá þessu eru nemendur í grunnskólum í Breiðholti, sem allir hafa forgang í Fjölbrautaskólann í Breiðholti, og grunnskólanemar í Grafarvogi, að Foldaskóla undanskildum, sem hafa forgang í Borgarholtsskóla. Foldaskólanemar hafa einnig forgangi í Menntaskólann við Sund.

Á landsbyggðinni eru langflestir nemendur með forgang í einn skóla. Nemendur í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi eiga allir forgang í framhaldsskóla í sínu bæjarfélagi en þar að auki í Iðnskólann í Hafnarfirði. Nemendur úr Mosfellsbæ eiga forgang í framhaldsskólann í bænum og Borgarholtsskóla í Grafarvogi.

Hægt er að skoða yfirlit yfir forgangsskóla framhaldsskólanna á síðunni www.menntagatt.is.

Skólastjóri Hlíðaskóla segir nemendur ekki órólega vegna nýrra innritunarreglna:

Mikilvægt að nemendur hafi val

MENNTUN Mikilvægt er að nemendur hafi áfram val um skólagerð, milli bekkjarkerfis og fjölbrautakerfis segir Kristrún G. Guðmundsdóttir, skólastjóri Hlíðaskóla. Framhaldsskólarnir séu með misjafnar áherslur og ekki víst að hverfisskólarnir henti endilega öllum nemendum.

Þær reglur sem giltu í fyrra voru harðlega gagnrýndar. Kristrún bendir á að þær hafi einfaldlega ekki gefist vel, fjöldi ungmenna hafi ekki fengið skólavist fyrr en seint og um síðir. Ráðuneytið virðist hafa lært af því. Nú eigi nemendur að sækja um vist í framhaldsskóla um miðjan apríl, löngu áður en einkunnir liggi fyrir, væntanlega svo hægt verði að kortleggja hvert straumurinn liggur.

Alltaf er viss spenna meðal nemenda í tíunda bekk um vist í framhaldsskóla, en Kristrún segir engan óróleika meðal nemenda í Hlíðaskóla vegna breytinga á reglum um innritun. „Nemendurnir takast á við sitt nám eins og venjulega og reyna að gera sitt besta.“ - bj

HLÍÐASKÓLI Nemendur hans eiga forgang í MH og Versló.

SIEMENS

Ryksuga VS 06G2001

Glæsileg ryksuga með öflugum mótor, 2000 W.
Sjálfinndregin snúra, hleðsluskynjari.
4 lítra slitsterkur poki.
Vinnuradíus: 10 m.
Vinnuhollt handfang.
Stillanleg lengd á sogröri.

ATARNA

Tilboðsverð: 23.900 kr. stgr.
(Verð áður: 29.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ENNEMM / SÍA / NM40924

ASÍ krefst ...

... þess að Seðlabankinn
lækki vexti til að auka
fjárfestingar og atvinnu.

Nánari upplýsingar á www.asi.is

TOYOTA

Sönn akstursánægja

Stórsýning Toyota - laugardaginn 20. febrúar frá kl. 12 til 16.

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 49371 02/10

Toyota býður til stórsýningar í sýningarsölum Toyota Kópavogi, Akureyri og Selfossi. Allir sem reynsluaka eiga möguleika á að vinna ferð fyrir tvo til borgar í Evrópu að eigin vali með Icelandair. Veitingar í boði og litasamkeppni fyrir börnin. Taktu fjölskylduna með og uppgötvaðu hvað sönn akstursánægja er.

2010 TOYOTA DRIVE

www.toyota.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Today Tomorrow Toyota

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða stórleikari er á ferðalagi um Vestfirði þessa dagana?*
2. *Við hvaða götu stendur menningarstofnunin Hannesarholt?*
3. *Hvað er Iceland Healthcare, sem er við Ásbrú í Reykjanesbæ?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Styrkgreiðslu eignarhaldsfélags Björgólfs Guðmundssonar til KR rift:

KR endurgreiði sex milljónir

DÓMSMÁL Héraðsdómur hefur dæmt KR Sport, rekstrarfélag knattspyrnudeildar KR, til að greiða þrotabúi Samsonar tæpar sex milljónir króna sem runnu til félagsins árið 2007.

Skiptastjóri fór fram á að fá tæpar ellefu milljónir endurgreiddar, en dómari kemst að þeirri niðurstöðu að fimm milljóna króna greiðsla sem rann á milli félaganna hafi verið styrkur og því ætti ekki að rifta henni.

Forsvarsmenn Samsonar, eignahaldsfélags Björgólfs Guðmundssonar, skýrðu afganginn, tvær greiðslur sem samanlagt námu um 5,9 milljónum, þannig að greiðslurnar hefðu verið lán, sem ætti að breytast í styrk þegar knattspyrnulið KR ynni næsta bikar. Það gerðist í október 2008, þegar KR varð bikarmeistari.

Á hinn bóginn má rifta svokölluðum gjafagerningi ef gjöfin var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, það er þann dag sem dómara berst beiðni um greiðslustöðvun, í þessu tilviki 7. október 2008.

Deilan snerist um hvort féð var afhent sem gjöf í júní 2007, eða daginn sem KR-ingar urðu bikarmeistarar, þremur dögum áður en beiðni barst um greiðslustöðvun Samsonar. Dómari kemst að þeirri niðurstöðu að gjöfin hafi ekki verið reidd af hendi fyrr en hún breyttist úr láni í styrk í október 2008, og því beri að rifta gjörningnum. **- sh**

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON Er mikill velgjörðarmaður KR og styrkti félagið oftsinnis.
FRÉTTABLAÐIÐ /E. ÓL

Útlán Íbúðalánasjóðs:

Standa í stað milli mánaða

HÚSNÆÐISMÁL Heildarútlán Íbúðalánasjóðs í janúar námu 2,1 milljarði króna. Þar af voru um 700 milljónir króna vegna almennra lána og um 1,4 milljarðar vegna annarra lána.

Heildarútlán sjóðsins stóðu nánast í stað á milli mánaða. Samsetning þeirra hefur þó breyst því almenn útlán lækkuðu um 50 prósent. Meðalútlán almennra lána var um 7,4 milljónir í janúar. Það er tæplega 16 prósenta lækkun frá fyrra mánuði. Breytilegir vextir á leiguíbúðalánum voru lækkaðir í janúar úr 5,40 í 4,90 prósent og miðast við útreikninga vaxta frá og með 1. janúar 2010. **- kóp**

SGS krefst...

... þess að öryggi fjölskyldna í efnahagsvanda sé tryggt. Rétturinn er fólksins, ekki rukkaranna.

Starfsgreinasamband Íslands

Nánari upplýsingar á www.asi.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Heimdallur um fíkniefnaleit:

Ógnandi og yfirþyrmandi aðgerðir

LÖGGÆSLA „Þegar skólayfirvöld grípa til ógnandi og yfirþyrmandi aðgerða af þessu tagi með aðstoð lögreglu bitnar það þegar upp er staðið verst á þeim nemendum sem ekkert hafa til saka unnið.“

Svo segir í samþykkt stjórnar Heimdallar sem furðar sig á þeirri mynd sem forvarnastarf í framhaldsskólum er að taka á sig, þar sem einn til tveir framhaldsskólar biðja lögreglu um að gera allsherjar fíkniefnaleit á nemendum á hverju ári.

„Um þúsund nemendur Tækniskólans urðu þannig fyrir barðinu á þessari nýju forvarnaaðferð í síðustu viku þegar skólanum þeirra var fyrirvaralaust læst um hábjartan dag og lið lögreglu, tollvarða og hunda gerði leit í skólanum.“

Telur stjórnin að ef rökstuddur grunur hafi verið um fíkniefnasölu í skólanum hefði vel mátt bregðast við þeim vanda með sértækum lögregluaðgerðum. **- jss**

DÓMSTÓLAR

Sviptur ökurétti ók út af

Rúmlega þrítugur maður hefur verið ákærður í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að aka, sviptur ökurétti og undir áhrifum amfetamíns, þar til hann ók út af í Svínahrauni.

HEITA HEFNDA Liðsmenn Hamas hengja stóra mynd af al-Mabhouh upp á vegg í bænum Beit Lahiya á Gasaströnd þegar þúsundir manna komu saman að minnast hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fullvissa um aðild Mossad

Lögreglan í Dúbaí segist nú nánast fullviss um aðild Mossad á morði Palestínumanns á hóteli í síðasta mánuði. Ellefu manns eru nú eftirlýstir af Interpol.

DÚBAÍ, AP Lögreglan í Dúbaí fullyrðir nú að ísraelska leyniþjónustan Mossad hafi skipulagt morðið á einum af leiðtogum palestínsku Hamas-hreyfingarinnar á hótelherbergi í Dúbaí í síðasta mánuði.

Átján manns hafa nú verið nefndir og sakaðir um aðild að morðinu. Tvær konur eru í hópnum. Áður hafði lögreglan í Dúbaí birt nöfn, myndir og vegabréfsnúmer ellefu manna, sem sagðir voru grunaðir um aðild að morðinu.

Alþjóðalögreglan Interpol lýsti síðan í gær eftir þessum ellefu mönnum og biður lögreglu um heim allan að handtaka þá hvar sem til þeirra næst.

„Rannsóknir okkar hafa leitt í ljós að Mossad á aðild að morðinu á al-Mabhouh,“ sagði Dahi Khalfan Tamim, yfirmaður í lögreglunni í Dúbaí, við þarlent dagblað.

„Allir þættir málsins benda eindregið til aðildar Mossad,“ sagði hann.

Hamas-hreyfingin hafði áður fullyrt að menn á vegum ísraelsku leyniþjónustunnar Mossad hefðu myrt Mahmoud al-Mabhouh. Ísraelar segja að hann hafi verið lykilmaður í smygli á vopnum til Hamas-hreyfingarinnar á Gasasvæðinu.

Hinir grunuðu voru með vegabréf frá Bretlandi, Írlandi, Frakklandi og Þýskalandi. Fullvíst þykir að vegabréfin séu fölsuð, enda hefur komið í ljós að í það minnsta sjö nafnanna eru fengin frá ísraelskum ríkisborgurum, sem ekki er talið að eigi neina aðild að morðunum.

Sendiherrar Ísraels í Bretlandi og á Írlandi voru í gær kallaðir á fund stjórnvalda í báðum þessum löndum, en ísraelsk stjórnvöld vilja hvorki játa né neita því hvort leyniþjónustan Hamas hafi staðið þarna að verki.

Mahmoud al-Mabhouh var 49 ára þegar hann var myrtur á hótelherbergi sínu í Dúbaí 19. janúar. Hann var einn af stofnendum hernaðararms Hamas-hreyfingarinnar, sem þer ábyrgð á hundruðum árása á Ísrael og ísraelska borgara, þar með fjölmörgum sjálfsvígssprengjuárásum.

Al-Mabhouh var þó ekki þekktur meðal Palestínumanna. Hann hefur búið erlendis undanfarna tvo áratugi, en er talinn hafa stundað smygl á flugskeytum til Hamas-hreyfingarinnar á Gasasvæðinu.

Um þrjú þúsund manns komu saman í Gasaborg á miðvikudag til að minnast hans og heita hefndum.

gudsteinn@frettabladi.is

Ferðakynning laugardaginn 20. febrúar kl. 15:00 í MÍR salnum (Menningartengsl Íslands og Rússlands) Hverfisgötu 105 Rvk. Allir velkomnir!

Bjarmaland ferðaskrifstofa kynnir

Skemmtisiglingar á fljótum Austur-Evrópu 2010 á víkingaslóðir

Aðalfararstjóri er Haukur Haukssson

SIGLINGATAFLA

Nr. ferðar	Siglingaleið	Dags.	Verð á mann kr. í tvíbýli / aukakostn. í einbýli
PM1	Pétursborg - Moskva	16. - 25. maí	382.000 / 76.000
PM2	Pétursborg - Moskva	6. - 15. júní	404.000 / 80.000
PM3	Pétursborg - Moskva	24. júlí - 3. ág.	414.000 / 82.000
AM4	Astrakhan - Moskva	22. sept. - 5. okt.	478.000 / 95.000
KI 1	Kænugarður - Mikligarður	2. - 6. júlí	478.000 / 95.000
KI 2	Kiev - Istanbul	19. ág. - 2. sept.	478.000 / 95.000

Allt er innifalið í verði ferðanna og ekki kemur til aukakostnaðar, t.d. v/ flugvallarskatta, rútuþjónustu og þess háttar.

Hafið samband við aðalfararstjóra Hauk Hauksson í síma 770 5060 bjarmaland@bjarmaland.is

Bjarmaland ferðaskrifstofa er frumkvöðull á þessu sviði

Bjarmaland ferðaskrifstofa
Þekking. Reynsla. Fagmennska.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

„Meiriháttar ferðir og frábært skipulag“ Ummæli farþega

www.bjarmaland.is

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

59% afsláttur

GRÍSABÓGUR
FERSKUR

340 kr/kg
áður 830 kr/kg

Grísaveisla í Nettó

GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
FERSKAR

56% afsláttur

GRÍSASNITSEL
PREPACK

GRÍSAGÚLLAS
FERSKT

846 kr/kg
áður 1.923 kr/kg

GRÍSALUNDIR
FROSNAR

1.398 kr/kg

GRÍSAHAKK
FERSKT

63% afsláttur

392 kr/kg
áður 1.059 kr/kg

GRÍSAKÓTILETTUR
FERSKAR

50% afsláttur

934 kr/kg
áður 1.868 kr/kg

GRÍSARIF
FERSK

40% afsláttur

498 kr/kg
áður 830 kr/kg

GRÍSAMÍNÚTUSTEIK
FERSKT

42% afsláttur

985 kr/kg
áður 1.698 kr/kg

KJÚKLINGUR
HEILL, FERSKUR
ÓDÝRT

35% afsláttur

499 kr/kg
áður 768 kr/kg

GALA EPLI
PÖKKUÐ
1,5 kg

50% afsláttur

149 kr/pk
áður 298 kr/pk

www.markhonnun.is

Tilboðin gilda 18. - 21. febrúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

STOLNIR SKÓR Um það bil 1.200 skópör bíða þess á lóð lögreglustöðvarinnar í Seúl í Suður-Kóreu, að réttir eigendur sæki þau. Skónum var stolið á útfararstofu, en sökudólgurinn hugðist selja þau í eigin verslun með notaða skó. Hann hefur verið handtekinn. NORDICPHOTOS/AFP

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins segir Íraksrannsókn smjörklípu, en vill þó fá allar upplýsingar upp á borðið:

Segir allt um stuðninginn við Íraksstríð liggja fyrir

ALÞINGI Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segist vera hlynnt því að allar upplýsingar um aðdraganda stuðnings Íslands við Íraksstríðið verði gerðar opinberar. Þetta sé þó ekki sérlega brýnt, enda liggi allar upplýsingar um málið þegar fyrir.

Rætt var um tvær þingsályktunartillögur um málið á Alþingi í gær. Önnur snýr að opinberun allra upplýsinga um aðdragandann að ákvörðuninni, sem fyrir liggur að var tekin af Davíð Oddssyni og Halldóri Ásgrímssyni. Hin snýr að skipun þingmannanefndar sem falið yrði að rannsaka aðdragandann. Að þeirri tillögu standa 27 þingmenn úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokki.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sem mælti fyrir síðari tillögunni, sagði að mikilvægt væri að fá botn í það hvernig tveir menn gátu tekið svo stóra ákvörðun einir síns liðs.

Þorgerður Katrín samsinnti því, en benti á að það sama þyrfti að ganga yfir aðrar umdeildar ákvarðanir sem ekki hefðu verið bornar undir þing eða þingnefndir. Tiltók hún Icesave-samningana í því samhengi.

Þorgerður sagði að á sínum tíma hefði verið fyllilega eðlilegt að styðja innrásina, enda hefði hún verið gerð af okkar helstu bandalagsþjóðum. „Allar þær upplýsingar sem við höfum í þessu máli, það er sjálfsagt og eðlilegt að þær verði dregnar fram í dagsljósið. En þær liggja allar fyrir. Það er búið að ræða þetta út í hið óendanlega hér í þinginu fram til þessa og ef menn vilja einfaldlega fara í þessa vinnu aftur þá bara gera menn það.“

Þorgerður furðaði sig á forgangsröðinni hjá stjórnarliðum á þessum umbrotatímum, og sagði málið smjörklípu, hugsaða til að dreifa athyglinni frá því að ríkisstjórninni gengi illa.

- sh

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Varaformaður Sjálfstæðisflokksins vill að allar upplýsingar um aðdragandann að stuðningi Íslands verði gerðar opinberar.

VR krefst greiðsluaðlögunar sem nær til almennra skulda og veðskulda, þ.e. bæði íbúðalána og bílalána.

VR

Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Rauði krossinn í Reykjavík þakka öllum sjálfboðaliðum og styrktaraðilum ómetanlega hjálp og óeigingjarnt starf við jólaaðstoðina.

Velvild ykkar og framlög gerðu gæfumuninn. Bestu þakkir til allra sem lögðu starfsemi samtakanna lið fyrir jólin.

Hjálparstarf kirkjunnar · Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur · Rauði kross Íslands Reykjavíkurdeild

PIPAR\TBWA • SÍA

vísir.is "...ég sá það á vísi"

Varar við miklum flýti í aðild að ESB

Bretar og Hollendingar gætu beitt neitunarvaldi þegar ESB tekur fyrir aðildarumsókn Íslands, segir Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins. Hún segir slíkt þó ólíklegt og vonast eftir skynsamlegri niðurstöðu í yfirstandandi Icesave-viðræðum.

UTANRÍKISMÁL „Finnist ekki sanngjörn úrlausn í skuldamálum tapa allir,“ segir breski stjórnmálamaðurinn Diana Wallis, en hún er varaforseti Evrópuþingsins. Wallis hélt erindi í Háskólanum í gær undir yfirskriftinni „Icesave, Ísland og Evrópusambandið – hvers skuld er þetta annars?“

Í máli hennar kom þó fram að mikilvægt væri að horfa til ábyrgðar bæði þeirra sem lána og taka lán þegar tekist er á um skuldir og kvaðst hún vona að lausn sem allir gætu sætt sig við varðandi Icesave væri nú að verða til í viðræðulotunni í Lundúnum.

Wallis ræddi einnig um hugmyndir um að aðild að Evrópusambandinu (ESB) kynni að hjálpa Íslandi og þá sér í lagi með upptöku evrunnar. „En ég hef alla tíð bent á að það sé engin skyndilausn. Og kannski er það ekki einu sinni lausn. Ef þið viljið ganga til liðs við okkur þá verður það að vera af mörgum fjölbreyttum ástæðum. Ekki bara út af leit að vari í stormi,“ sagði hún og benti á fordæmi Grikklands sem nú á í þrengingum. „Ef evrusvæðið á að virka þá þarf að framfylgja þar ströngum reglum.“

Þá sagði Wallis að þótt aðildarumsókn Íslands að ESB væri að forminu til aðskilið mál frá Icesave, þá réði það kannski dálítið stemningunni. Bretar og Hollendingar gætu mögulega beitt neitunarvaldi þegar umsókn landsins verður tekin fyrir í mars, en það taldi hún engu síður ólíklegt án víðtækara samráðs við önnur ríki. „Möguleikinn er hins vegar til staðar og þess vegna vona ég

DIANA WALLIS Varaforseti Evrópuþingsins, Diana Wallis, segir að Ísland yrði langt því frá áhrifalaust á Evrópuþinginu, enda möguleikar þingmanna þar til að vinna málum brautargengi oft meiri en þingmanna þjóðþinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ef þið viljið ganga til liðs við okkur þá verður það að vera af mörgum fjölbreyttum ástæðum. Ekki bara út af leit að vari í stormi.
>
> **DIANA WALLIS**
> VARAFORSETI EVRÓPUÞINGSINS

að skynsamleg lausn finnist í yfirstandandi viðræðum.“

Ísland segir Wallis hins vegar hafa forskot því þar er hafið uppgjör og endurskoðun vegna fjármálakreppunnar. Bretar hafi frestað slíkri naflaskoðun, þótt hennar væri sárlega þörf, fram yfir næstu kosningar. „Erfið reynsla ykkar kann að vera öðrum mikils virði og dæmi sem læra má af,“ sagði hún og kvað heiminn allan þurfa að endurmeta áhættumat á fjármálamörkuðum, jafnt innanlands sem utan.

Wallis sagði hins vegar óþarft fyrir Íslendinga að bera kvíðboga fyrir Evrópusamstarfi. Kjósi þjóðin að taka þátt hafi hún margt að bjóða, svo sem sérþekkingu í sjávarútvegi, í orkumálum og málefnum norðurheimskautsins. „Evrópusambandið bíður hins vegar ekki með opna arma, þið þurfið að sýna að þið viljið taka þátt,“ segir hún og varar við flýti í aðildarferlinu. „Þið þurfið að átta ykkur á í hvaða átt er stefnt og vera sátt við þá stefnu.“

olikr@frettabladid.is

Ein ummæli af fjórtán um eiginkonu Guðmundar í Byrginu ómerkt í Hæstarétti:

Blaðamaður greiði 400 þúsund

DÓMSMÁL Erla Hlynsdóttir, blaðamaður á DV, hefur verið dæmd í Hæstarétti til að greiða Helgu Haraldsdóttur, eiginkonu Guðmundar Jónssonar, kenndum við Byrgið, 300 þúsund krónur í miskabætur og 100 þúsund til þess að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt Erlu til að greiða Helgu 100 þúsund krónur í miskabætur.

Forsaga þessa er sú, að Helga höfðaði mál til ómerkingar ummæla í fjórtán stafliðum, sem birtust í grein í DV í ágúst 2007. Tilefni greinarinnar var rannsókn á málefnum Guðmundar, eiginmanns Helgu, sem var sakfelldur með dómi Hæstaréttar í desember 2008 fyrir að hafa ítrekað haft kynferðismök við konur, sem á þeim tíma

Í DÓMSAL Helgu voru dæmdar 300 þúsund í miskabætur, en var dæmd til að greiða 600 þúsund í málskostnað.

voru vistmenn á meðferðarheimilinu Byrginu, sem Guðmundur veitti forstöðu.

Viðmælendur DV voru fyrrverandi starfsmaður Byrgisins og ein þeirra kvenna sem hann var dæmdur fyrir að hafa beitt kynferðislegri misneytingu. Helga stefndi þeim og blaðamanninum sem viðtalið var merkt.

Hæstiréttur taldi ekki ástæðu til að ómerkja þrettán ummælanna, sem birtust í viðtalinu. en ómerkti hin fjórtándu þar sem haft er eftir fyrrverandi skjólstæðingi Byrgisins að „... ekki við hæfi að sú sem veiðir fyrir hann vinni við grunnskóla“.

Hæstiréttur dæmdi Helgu til að greiða 600 þúsund í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti vegna viðmælenda DV.

„Þetta eru vonbrigði,“ sagði Erla um dóminn. Hún kvaðst hafa væntingar til yfirstandandi endurskoðunar menntamálaráðuneytisins á prentlögunum. - jss

98,7 x 63,6 sentímetrar

Mældu fyrir nýja 40 tommu LCD tækinu þínu

40 tommu Sony BRAVIA LCD sjónvarp
V5500 línan - fyrir hönnun og gæði

1920 x 1080 Full HD upplausn
100.000:1 skerpa
4 x HDMI tengi
USB Media Player - spilar efni beint af USB minni
Picture Frame Mode - stafrænn myndarammi
XrossMediaBar - valmyndakerfi úr Playstation 3
Bravia Engine 3 - hágæða myndstýring
DLNA Ethernet - tónlist og myndir beint af heimaneti

KDL40V5500 - lækkað verð - verð nú 259.990

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669
www.sonycenter.is

FLÓÐ Í GRIKKLANDI Viðvörunarskilti á mótum járnbrautarteina og akvegar rétt stóð upp úr vatnsflóðinu í þorpinu Lavara á Grikklandi, þar sem áin Evros hafði flætt yfir bakka sína.
NORDICPHOTOS/AFP

Dýr lyf og aukinn skilningur á mikilvægi skynsamlegrar notkunar talin hjálpast að:

Minni sala sýklalyfja á Íslandi

HEILBRIGÐISMÁL Sala á sýklalyfjum hérlendis dróst saman um 5,6 prósent í fyrra. Þetta kemur fram í grein Haraldar Briem sóttvarnalæknis í nýju hefti Farsóttafrétta.

Í grein sinni segir Haraldur skýringar á samdrættinum í sýklalyfjasölunni ekki vera að fullu ljósar. „Hafa þarf í huga að sýklalyf eru almennt ekki niðurgreidd af hinu opinbera – sem kann að leiða til minni notkunar lyfjanna.

Einnig kann að skipta máli aukin vitund um mikilvægi skynsamlegra notkunar sýklalyfja meðal lækna og almennings," leggur Haraldur fram í Farsóttafréttum sem hugsanlega ástæðu fyrir minnkandi notkun sýklalyfjanna. Þá ítrekar Haraldur að ónæmi fyrir sýklalyfjum sé vaxandi vandamál. Þótt mikil notkun sýklalyfja tengist útbreiðslu ónæmisins sé þó enn margt á huldu um ástæður útbreiðslunnar. Mikilvægt sé að fylgjast með notkun lyfjanna.

„Sýklalyf gegna mikilvægu hlutverki í meðhöndlun alvarlegra sjúkdóma. Því er mikilvægt að þau sé notuð á ábyrgan hátt og á réttum forsendum," segir sóttvarnalæknir. Enn fremur kemur fram að notkun sýklalyfja á Íslandi sé nokkuð mikil í alþjóðlegum samanburði, einkum ef miðað sé við hin Norðurlöndin. - gar

HARALDUR BRIEM Sóttvarnalæknir segir enn margt á huldu um útbreiðslu ónæmis fyrir sýklalyfjum og undirstrikar nauðsyn á ábyrgri notkun þeirra.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nashyrningskýr kálffull:

Fjórði kálfurinn á rúmri öld

INDÓNESÍA, AP Kýr af kyni Súmötru-nashyrnings ber kálf í griðlandi á samnefndri eyju í Indónesíu í maí. Súmötru-nashyrningurinn er í útrýmingarhættu og segja vísindamenn að þetta verði aðeins fjórði kálfurinn af þessari tegund sem borinn verður í griðlandi eða dýragarði undanfarin 112 ár. Kýrin á að bera 15. maí.

Súmötrunashyrningar eru minnsta nashyrningategund heims og ná ekki nema 120 til 145 sentimetra hæð. Villtum dýrum af þessari tegund hefur fækkað um helming á undanförnum árum og eru nú um 200 talsins. Að auki hafast tíu skepnur við í griðlöndum. - bs

NILFISK
Ryksugur
Hrein snilld!

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

FONIX
- fyrsta flokks. Stór orð sem reynslan réttlætir.
Hátúni 6a ▪ 105 Reykjavík
Sími 552 4420 ▪ www.fonix.is

Póstdreifingarmiðstöð flutt frá Hvolsvelli til Hellu

Formaður stjórnar Íslandspósts telur best að flytja póstdreifingarmiðstöð Íslandspósts frá Hvolsvelli til Hellu. Tímabundin lausn. Sveitarstjórinn á Hvolsvelli segist hræddur um að missa starfsemina alfarið.

ÞJÓNUSTA Stjórn Íslandspósts hefur samþykkt fyrir sitt leyti að flytja póstdreifingarmiðstöðina á Hvolsvelli til nágrannabæjarins Hellu. Guðmundur Oddsson, formaður stjórnarinnar, segir endanlega ákvörðun vera í höndum Ingimundar Sigurpálssonar, forstjóra Íslandspósts.

Ástæða fyrirhugaðs flutnings er sú að á Hvolsvelli hefur Íslandspóstur deilt húsnæði með Eldstó Café & Hús leirkerasmiðsins, sem hefur gert kauptilboð í allt húsnæðið.

Guðmundur segir að flutningurinn á Hellu muni ekki koma niður á þjónustunni á Hvolsvelli. Íslandspóstur verði áfram með afgreiðslu þar og hafi náð samkomulagi við Landsbankann um að hún verði í húsnæði bankans á Austurvegi. Hann segist telja að flutningurinn á Hellu sé besti kosturinn en tekur fram að um tímabundna lausn sé að ræða, hugsaða til um það bil þriggja ára. Fyrri samþykktir stjórnar Íslandspósts um að vera með póstdreifingarmiðstöð á Hvolsvelli standi.

HELLA Útlit er fyrir að póstdreifingarmiðstöð Íslandspósts flytji frá Hvolsvelli á Hellu.

Íslandspóstur hefur átt í viðræðum við eigendur fyrirtækisins Raffoss á Hellu um að leigja af þeim húsnæði. Þorgils Gunnarsson, hjá Raffoss, segir að gerð hafi verið drög að leigusamningi þó ekkert hafi verið undirritað. Hann hafi byrjað að innrétta húsið fyrir nokkrum vikum en nú sé allt stopp því hann hafi ekkert heyrt frá Íslandspósti í þrjár vikur.

Örn Þórðarson, sveitarstjóri Rangárþings ytra á Hellu, segist vonast til að málið fái farsæla lausn. Hann telji að tímabundið sé best að hafa póstdreifingarmiðstöðina á Hellu.

„Ég vona að þetta mál fái farsæla lendingu," segir Örn.

Elvar Eyvindsson, sveitarstjóri

GUÐMUNDUR ODDSSON

ÖRN ÞÓRÐARSON

Rangárþings eystra á Hvolsvelli, segir að sveitarstjórnin hafi bent Íslandspósti á hentugt húsnæði á Hvolsvelli en engin svör hafi borist. Hann segir vissulega bagalegt að missa póstdreifinguna á Hellu, jafnvel þó að flutningurinn sé hugsaður til skamms tíma.

„Það er klúður ef þeir ætla að flytja á Hellu og koma síðan aftur á Hvolsvöll seinna," segir Elvar. „Auðvitað er maður hræddur um að starfsemin komi ekki aftur en við verðum að treysta því að Íslandspóstur standi við orð sín og byggi upp á Hvolsvelli í framtíðinni."

trausti@frettabladid.is

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Íbúðalán

Arion banki frestar öllum *uppboðsbeiðnum* út árið 2010

Arion banki mun fresta öllum uppboðsbeiðnum vegna íbúðalána til sýslumanna út árið 2010.
Þannig gefst fleiri viðskiptavinum okkar færi á að greiða úr málum sínum.

Hafðu samband
sími 444 7000 ▪ arionbanki.is

Við hvetjum viðskiptavini til að kynna sér fjölmargar lausnir okkar í lánamálum.
Á arionbanki.is getur þú skoðað hvaða leið hentar þér best.
Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma 444 7000.

Arion banki

ÍSLENSKA SÍA.IS ARI 48813 01/10

FEBRÚARTILBOÐ!

2 GERÐIR - 4 STÆRÐIR - EITT VERÐ!

29.900 stgr

STURTUhorn

6mm hert öryggisgler – Sturtubotn og vatnslás fylgja

RÚNNAÐUR MEÐ BOTNI
80x80 29.900 90x90 29.900

KANTAÐUR MEÐ BOTNI
80x80 29.900 90x90 29.900

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR

KRÝSUVÍK

- hjálp til heilbrigðis

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMAB

39 KR.STK

E.S MAIS Í DÓS 340G
BEST FYRIR JÚLÍ 2010

25% AFSLÁTTUR

OS BRAUÐOSTUR
NÚ 25% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
972. kr.kg. MERKT VERÐ 1296 KR.KG.

HEINZ TÓMATSÓSA 2 x 567g
TVÆR FLÖSKUR AÐEINS: 198 KR

159 KR.STK

HEIMA ASPAS BITAR 283G

198 KR.STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G

159 KR.STK

COLGATE TANNBURSTAR

159 KR.PK

HEIMA HRÍSGRJÓN *5x100g*

298 KR.STK

MYLLU MÖNDLUKAKA 420G

259 KR.STK

COLGATE TANNKREM 100 ml

698 KR.PARIÐ

WELLA SJAMPÓ & NÆRING
400+400 ML

1998 KR.PK

NÓA KONFEKT 1 KG.

129 KR.2LTR

TOPPUR SÍTRÓNU 2 LTR.
129 KR.

FERSKT ÍTALSKT SALAT 100g

259 KR.STK

Sælgætisbarinn
Gott verð alla daga
100g poki *90 kr.*

BONUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

IL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABI

898 KR.KG

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK

1379 KR.KG

1379 KR.KG

ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS OG SNITSEL
30% AFSLÁTTUR *MERKT VERÐ 2398 KR.KG.*

1018 KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBLÆRI
SLÁTRUN HAUST 2009

598 KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

598 KR.PK

N.V FERSKIR NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI

898 KR.KG

GRÍSAVEISLU FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

598 KR.KG

K.S SÚPUKJÖT 1.FLOKKUR

498 KR.KG

GRÍSAVEISLU FERSKUR GRÍSABÓGUR

198 KR.KG

APPELSÍNUR

575 KR.KG

VÍNBER GRÆN & RAUÐ STEINALAUS

139 KR.1 LTR

COKE 1 LTR. CLASSIC-LIGHT-ZERO

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hví sækir forsætisráðherra þing Viðskiptaráðs?

Sérkennileg sýn á samfélagið

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR

Ágæt var ræða formanns Viðskiptaráðs á viðskiptaþingi á miðvikudag. Það er að segja fyrir þá sem tilheyra þeim klúbbi eða aðhyllast þær kenningar og samfélagsgerð sem hann boðar og berst fyrir. Skammirnar í garð stjórnvalda hafa hljómað sem tónlist í eyrum þinggesta enda veit Viðskiptaráð fátt verra en stjórnvöld sem vilja stjórna. Viðskiptaráð vill stjórnvöld sem búa svo um hnútana að engu er að stjórna. Markaðurinn sér um sig sjálfur, segir Viðskiptaráð sem hefur þann megintilgang að gæta hagsmuna viðskiptalífsins og koma almenningi í skilning um mikilvægi frjálsræðis í viðskiptum.

Liður í útbreiðslustarfinu voru skýrslur og greinar um útrásina og bankana. Þetta er æðislegt, sagði Viðskiptaráð. Þetta er gjörsamlega æðislegt. Svo hrundi þetta allt saman og ekkert stendur eftir nema skuldirnar.

Viðskiptaráð hefur ekki enn sagt okkur hvað fór úrskeiðis.

„Mikið gæfuspor var stigið með einkavæðingu á ríkisbönkunum og því væri það mikil afturför ef hið opinbera ætlaði að setja umsvifum fjármálafyrirtækja skorður sem afmörkuðust við eina tegund starfsleyfa," sagði Viðskiptaráð einu sinni.

Sé frelsi fyrsta boðorð Viðskiptaráðs er afnám eftirlits boðorð númer tvö. Viðskiptaráði er almennt illa við allt eftirlit með starfsemi fyrirtækja og kallar það íþyngjandi. Viðskiptaráði virðist líka almennt illa við upplýsingar. Tillögur á Alþingi um úttekt á stjórnunar- og eignatengslum í viðskiptalífinu, úttekt á vöxtum og þjónustugjöldum banka og úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins voru óþarfar að mati þess.

Það er svo önnur saga en segir sitt að Viðskiptaráð taldi líka óþarfi að gerð yrði framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna og gat ekki fellt sig við tillögu um aðgerðir gegn fátækt.

Það er von á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið. Af því tilefni er rétt að rifja upp hvað Viðskiptaráð sagði um það mál allt þegar löggjöf um nefndina var í smíðum. Júju, það er ágætt að rannsaka en „ekki svo unnt sé að draga einstaklinga til ábyrgðar, hvað þá til að gagnrýna siðferði þeirra og stjórnarhætti".

Og af því að aðgerðir sérstaks saksóknara voru í fréttunum á dögum er líka rétt að rifja upp hvað Viðskiptaráð sagði um það embætti þegar lögin um það voru í mótun. Tiltekin ákvæði eru „frávik frá grundvallarreglum réttarríkisins," sagði Viðskiptaráð um frumvarpið. Einnig: „Talsverðar líkur eru jafnframt á því að efnisreglur þess muni draga úr trausti umheimsins í garð íslensks fjármálakerfis."

Þegar allt er talið saman má spyrja hvers vegna í ósköpunum forsætisráðherra er að ávarpa samkomu klúbbs sem hefur ofangreint að leiðarljósi. Klúbb sem ekki vill eftirlit, helst engar reglur, telur upplýsingar óþarfar, leggst gegn aðgerðum gegn fátækt, vill ekki að fjallað sé um siðferði og stjórnarhætti ábyrgðarmanna bankahrunsins og heldur að stofnun sérstaks embættis um rannsókn á saknæmum gjörðum tengdum hruninu dragi úr trausti útlendinga á fjármálakerfinu.

Það gæti orðið landi og þjóð til farsældar að gera allt öfugt við það sem Viðskiptaráð segir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fabrizio Marino á La Primavera

"Sýndaregg"
úr þrenns konar osti

"Lystaukandi fyrst, gómsætt inni og svo keimur"
Risotto með graskeri og shitake og dularfullu samspili af súru og sætu

"Undir litríku teppi"
Skógarganga að vetri með reyktri seljurót, sellerí og ímynduðum kavíar úr káli, rúsínum, steiktri salvíu og öðrum leyndardómi

"Gong"
Sindrandi bragð af berjum og sætum ávöxtum

LA PRIMAVERA RISTORANTE

Austurstræti 9 - www.laprimavera.is - S. 561 8555

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tilgangslaust en styð samt

Alþingismenn ræddu í gær hvort hefja ætti rannsókn á ákvörðun þáverandi stjórnvalda um að Íslendingar tækju þátt í innrás í Írak. Færðu þau Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Ögmundur Jónasson, flutningsmenn tillögu þess efnis, ýmisleg rök fyrir þörfinni á slíkri rannsókn. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, er meira en til í rannsóknina. Henni finnst hún reyndar algjörlega tilgangslaus, þar sem allar upplýsingar liggi fyrir, en „ef menn vilja einfaldlega fara í þessa vinnu aftur þá bara gera menn það". Einhverjum þætti hreinna og beinna að vera einfaldlega á móti rannsókn telji menn hana tilgangslausa.

Blóðug smjörklípa

Og Þorgerður Katrín bætti um betur í umræðunni. Ekki nóg með að hún teldi rannsóknina, sem hún þó var til í, tilgangslausa, heldur taldi hún allan málatilbúnaðinn vera smjörklípu. Það orðalag varð vinsælt eftir krúttlega sögu Davíðs Oddssonar um ömmu hans. Lægstu tölur um mannfall í – og af völdum – Íraksstríðsins kveða á um tæplega 100 þúsund fallna. Hæstu um rúmlega milljón. Ísland studdi þessi dráp. Það má vera blóðug smjörklípa að ræða það.



Dolli hlöðugaflsrass

Adolf Ingi Erlingsson íþróttafréttamaður gerir það ekki endasleppt. Álíka mikið var rætt um árangur hans í lýsingum og landsliðsins í handbolta í Austurríki. Nú er hann kominn í skíðaíþróttirnar. Og þar situr Dolli og fær til sín sérfræðinga. Þeir láta móðan mása um rassa kvenna, sem sumir hverjir minna þá á hlöðugafla, og lærin, ásamt því að skellihlæja þegar einhver dettur. RÚV tilkynnti um niðurskurð í fjármálum nýverið, að skorið hafi verið niður í þroska lýsenda, svo nálgist leikskólastigið, kemur á óvart.

kolbeinn@frettabladid.is

Einkavædd heilbrigðisþjónusta er óhagkvæm

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar kveðst hafa miklar væntingar um fjárhagslegan ávinning og atvinnusköpun vegna nýs einkarekins sjúkrahúss á Suðurnesjum á vegum fjármálamannsins Róberts Wessman. Er talað um að sjúklingar geti orðið allt að 1000 á fyrsta ári starfseminnar, störf sem skapist í tengslum við verkefnið nemi um 300 og heildartekjur af starfseminni geti orðið 3,5 milljarðar á ári. Okkur er kynnt þetta sem nýsköpun, framlag einkageirans til atvinnuuppbyggingar, nánast fundið fé.

ÖGMUNDUR JÓNASSON
Í DAG | Heilbrigðismál

Heilbrigðisþjónusta fyrir efnafólk

Ekki er það sannfærandi í mínum huga að nýtt einkasjúkrahús á vegum fyrirtækis Róberts Wessman og félaga myndi ekki koma til með að seilast ofan í vasa skattborgarans eins og reynt er að láta í veðri vaka. Vissulega er til í dæminu að þróa hér á landi hreinræktaðan einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni eins og þekkist í Bandaríkjunum og víða um heim. Í Taílandi og á Suðurhafseyjum hefur í seinni tíð verið að eflast rekstur þar sem gert er út á fjölþjóðlegan markað efnafólks og einstaklinga sem njóta einkatrygginga.

Gert út á skattborgarann

Einkavæðingin í Evrópu er af nokkuð öðrum toga. Í Evrópu hugsa fjárfestar vissulega gott til glóðarinnar þessa dagana því þar sjá menn fram á að „markaðir" kunni að opnast með tilskipunum ESB um verslun á heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Í þessu tilviki er það þó hið opinbera sem ætlast er til að borgi brúsann en ekki efnafólkið beint úr eigin vasa eða með milligöngu einkatrygginga. Innan Evrópusambandsins er þetta afar umdeilt og þá ekki síst á Norðurlöndum þar sem margir líta á þessa þróun sem ógn við almannarekna heilbrigðisþjónustu. Það sem hér skiptir máli er að menn geri sér glögga grein fyrir því að hér er um að ræða útgerð þar sem aflamiðin eru vasi skattborgarans.

Á Íslandi hefur ríkt sátt

Hér á landi höfum við búið við sambland almannaþjónustu og einkareksturs sem fjármagnaður er úr almannatryggingum, það er að segja með skattfé okkar. Um þessa blöndu hefur verið bærileg sátt þótt margir hafi af því áhyggjur að landamærin hafi færst um of í markaðsátt.

En markalínur hafa verið skýrar. Þannig hefur sú regla verið við lýði að læknar eru annaðhvort á samningi við ríkið eða ekki. Landamærin á milli hreinræktaðs einkareksturs og „einka"reksturs sem fjármagnaður er af hinu opinbera hafa verið nokkuð ljós. En hversu skýr verða þau í framtíðinni? Fjárfestar í nýjum sjúkrahúsum tala um að flytja inn sérfræðinga til landsins og jafnframt nýta starfskrafta sjálfstætt starfandi sérfræðinga hér á landi.

Sú spurning sem vaknar er þá þessi: Munu íslenskir sjúklingar leita inn á hina nýju einkaspítala og krefjast hlutdeildar hins opinbera í kostnaði? Liggur þetta í hugmyndinni? Munu sjálfstætt starfandi læknar vilja fá hið besta af báðum heimum, starfa á einkaspítala en jafnframt fá greiðslur frá hinu opinbera í gegnum sjúkratryggingar? Hér gilda ekki eingöngu yfirlýsingar um ásetning manna því við verðum í alvöru að velta því fyrir okkur hvaða þrýstingur verður uppi þegar nýr einkarekinn veruleiki lítur dagsins ljós.

Hugsum áður en við framkvæmum

Um er að ræða hagsmuni sjúklinga, starfsfólks, skattgreiðenda, almannaþjónustunnar – og sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Sú staða gæti nefnilega skapast á aðhalds- og niðurskurðartímum, að til varnar almannaþjónustunni yrði nauðsynlegt að draga úr framlagi hins opinbera til einstaklinga sem í dag starfa sjálfstætt og þar með raska þeirri blöndu sem við búum við. Þannig gætu áform um stóraukinn einkarekstur snúist upp í andhverfu sína – atlögu að sjálfstætt starfandi sérfræðingum sem hingað til hefur verið sátt um.

Nú þarf að hugsa alla hluti til enda. Stórkallalegar bisness-hugmyndir með fyrirheitum um blóm í haga hafa áður reynst fallvaltar.

Höfundur er fyrrverandi heilbrigðisráðherra.

Minning Vilhjálms Þórs

UMRÆÐAN
Jón Sigurðsson svarar Þorvaldi Gylfasyni

JÓN SIGURÐSSON

Leitt er til þess að vita að vegið er að látnum manni í þeirri von að enginn verði til andsvara. Þá er því treyst að enginn svari neinu um löngu gleymd mál. Löngu hraktar ávirðingar eiga þannig að verða viðurkenndar sem söguleg sannindi. Þjóðkunnum blaðahöfundi varð þetta á hér í Fréttablaðinu fimmtud. 18.febrúar sl. Þar er því haldið fram að Vilhjálmur Þór hafi verið sannur að sök í Olíumálinu gamla sem alræmt varð á sínum tíma. Óþarft er að sitja undir óhróðri þessum.

Niðurstaða Olíumálsins gamla varð sú að meginefni þess varðaði ekki Vilhjálm Þór, heldur aðra menn. Vilhjálmur Þór var sakfelldur fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að mæla beint fyrir um umsókn til gjaldeyrisyfirvalda fyrir eitt lán sem Olíufélagið hf. veitti Sambandi íslenskra samvinnufélaga haustið 1954. Í þessu og öðrum þáttum málsins var Vilhjálmur Þór ábyrgur sem stjórnarformaður, en brotin athafnir annarra starfsmanna án hans vitundar. Vilhjálmur var því í raun brotaþoli.

Því er einnig haldið fram að Vilhjálmur Þór hafi verið virðingarmaður Framsóknarflokksins. Raunin var þó sú að foringjar allra stjórnmálaflokkanna óttuðust áhrif Vilhjálms Þórs og vissu að hann fór sínu fram án atfylgis þeirra. Sannaðist þetta vel við stjórnarmyndun árið 1950. Ekki verður setið undir því lengur að menn sverti minningu þessa merkismanns.

Höfundur er lektor við Háskólann í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Safnaðu þekkingu

Sæktu þér aukinn styrk

Mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms.
Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?

MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Bragfræði rímna og rímnakveðskapur
hefst 2. mars

Náttúruperlan Vatnajökulsþjóðgarður: Snæfell og Eyjabakkar
hefst 2. mars

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
hefst 3. mars

Samskipti foreldra og barna
hefst 3. mars

Leikritun
hefst 9. mars

Dauðasyndirnar sjö
hefst 9. mars

Hvað er svona merkilegt við Hemingway?
hefst 11. mars

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Kroppurinn, kynlíf og kynheilsa
hefst 2. mars

Ályktandi tölfræði í SPSS
haldið 4. mars

Sálgæsla og áfallahjálp - samfylgd í kjölfar áfalla
hefst 10. mars

Lausnamiðuð nálgun
hefst 22. mars

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
hefst 23. mars

TUNGUMÁL

Ítalska fyrir byrjendur
hefst 1. mars

Enska – hagnýt talþjálfun
hefst 29. mars

HUGBÚNAÐUR

Innri vefir fyrirtækja og stofnana - hönnun, skipulag, notagildi og rekstur -
haldið 8. mars

Hagnýting gagnasafnskerfa
hefst 25. mars

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Verktaki eða launþegi - Að reikna laun í eigin atvinnurekstri
haldið 8. mars

Virðismat fyrirtækja
hefst 8. mars

Greining ársreikninga
hefst 10. mars

Gerð viðskipta- og fjárhagsáætlana
hefst 15. mars

NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Samtalstækni - viðkvæm starfsmannamál
hefst 2. mars

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat
hefst 3. mars

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 4. mars

Fíknisjúkdómar starfsmanna - viðbrögð og vinnureglur -
hefst 8. mars

STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Brestir í innviðum ríkisins (e. Government Failure) - Smáríki, stjórnun þeirra og veikleikar
hefst 16. mars

Vinnugleði – mín vinna, mitt viðhorf
haldið 18. mars

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Börn eru klár
hefst 1. mars

Að byggja upp árangursríka samvinnu við foreldra leik- og grunnskólanemenda
hefst 4. mars

Íslenski þroskalistinn
haldið 5. mars

Talnalykill: Staðal- og markbundið próf í stærðfræði
haldið 11. mars

Kvíði barna og unglinga
hefst 12. mars

Google í skólastarfinu
hefst 15. mars

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

Hámark siðferðis

UMRÆÐAN
Sigmundur Ernir Rúnarsson skrifar um siðferði og viðskipti

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Það er ekki brýnasta verkefni íslenskra bankastjóra að hámarka arðsemi til skamms tíma. Miklu mikilvægara er að hámarka siðferði til langs tíma. Þetta blasir við þegar sértæk skuldaaðlögun fyrirtækja stendur yfir. Þar verður ekki unað við þá þversögn að fulltrúar helstu gjaldþrota íslensks viðskiptalífs njóti forkaupsréttar á glötuðum eignum sínum. Og hvað segir það aukinheldur um hrunalærdóminn að þeir einir geta boðið best sem tapað hafa mestu?

Nú er það ekki svo að stjórnmálamenn eigi að ákveða hvaða einstaklingar mega reka fyrirtæki. Aftur á móti er pólitísk stefnumótun í þessum efnum afar mikilvæg – og sömuleiðis eftirfylgni þingheims. Skortur á hvorutveggju er samfélaginu háskalegur eins og nöturleg dæmin sanna.

Illskiljanlegt er að nýir bankastjórnendur hampi þeim helst sem verst hafa leikið íslenskt viðskiptalíf á síðustu árum. Öllu verra er að þeir njóti afskrifta og ívilnana umfram almenning. Það er eðlileg krafa að athafnamenn, sem hafa réttarstöðu grunaðra í bankahruninu, fái ekki óhindraðan aðgang að fyrri eignum sínum. Í reynd ber að taka fyrir það. Fyrir því hlýtur að vera meirihluti á Alþingi.

Engin ástæða er til að gefa afslátt af íslensku réttarkerfi við siðvæðingu viðskiptalífsins. Sakleysi gildir uns sekt er sönnuð. Því má vel vera að flestir þeir kaupahéðnar sem fremstir fóru í krosseignakapphlaupinu – og ekki hafa fengið réttarstöðu grunaðra – megi sitja við sama borð og aðrir landsmenn þegar kemur að skiptum gæðanna, en þeir eiga ekki að njóta forkaupsréttar. Hámörkun fjár má ekki vera á kostnað hámörkun siðferðis. Og svo er hitt: Almenn og opin útboð hljóta hér að vera meginreglan. Hitt er fullreynt í þröngu, myrkvuðu og líkast til mygluðu handvali.

Höfundur er alþingismaður.

Eiga allir að heimta 25% hækkun?

UMRÆÐAN
Þórir Garðarsson skrifar um kjaradeilu

Það er algjörlega óþolandi fyrir okkur sem störfum í ferðaþjónustunni að horfa upp á það hvernig flugvirkjar misnota verkfallsvopnið þessa dagana. Þeir krefjast 25% kauphækkunar á línuna, og ef ekki verður gengið að því stöðvast allt flug Icelandair á mánudagsmorguninn í heila viku.

Í fyrsta lagi er þessi krafa algjörlega úr takti við allt annað í íslensku samfélagi um þessar mundir. Formaður samninganefndar þeirra viðurkennir það meira að segja fúslega sjálfur í fjölmiðlum í gær. Hann rökstyður þetta þannig að flugvirkjar eigi engan þátt í einhverjum þjóðarsáttarsamningum og að þjóðarsáttin sé úr takti við raunveruleikann! Einmitt. Þetta er kannski lausnin á vandamálum Íslendinga nú: Við hækkum bara laun okkar allra um 25%, og þá getum við öll staðið í skilum með húsnæðislánin okkar og Icesave! Ekki veit ég í hvaða takti leiðtogar flugvirkja eru, en þeir eru ekki tengdir við raunveruleikann. Auðvitað getur ein stétt ekki fengið gríðarlega launahækkun án þess að aðrir vilji fá það sama, og svo koll af kolli.

ÞÓRIR GARÐARSSON

Í öðru lagi er það svo, að verkfall þessa fámenna hóps sem stöðvar flug Icelandair, hefur mikil áhrif á fjölda fyrirtækja og einstaklinga sem hafa ekkert með þessa deilu að gera. Langflestir erlendir ferðamenn sem koma til landsins fljúga hingað með Icelandair og þeir munu einfaldlega ekki komast til landsins eða frá því. Ekki frekar en Íslendingarnir sem eiga bókuð flug.

Mitt fyrirtæki mun missa af hundruðum viðskiptavina í næstu viku og miklum tekjum og hið sama gildir um veitingastaði, hótel og aðra þjónustuaðila víða um landið þar sem ferðamenn fara um og eiga viðskipti.

Ég skora á forsvarsmenn flugvirkja að hætta þessu rugli og ganga frá samningum sem eru í takti við raunveruleikann. Og ég skora á Icelandair að sýna þessum hópi sanngirni og forða verkfalli.

Höfundur er sölu- og markaðsstjóri Iceland Excursions.

Sibert

UMRÆÐAN
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skrifar um greinaskrif Anne Sibert

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Þegar Íslendingar standa saman geta þeir leyst nánast hvaða vanda sem er. Þegar loksins náðist samstaða, alla vega á yfirborðinu, um hvernig verja ætti hagsmuni landsins út á við í Icesave-málinu breytti það stöðu landsins til mikilla muna. Á viðkvæmasta tímapunkti í sögu málsins tóku hins vegar nokkrir skjólstæðingar ríkisstjórnarinnar upp á því að skrifa greinar sem voru um margt rangar og stórskaðlegar málstað Íslands.

Anne Sibert, fulltrúi forsætisráðherra í peningastefnunefnd Seðlabankans, skrifaði grein í vefritið VoxEU (rödd ESB). Það rit er eftir því sem næst verður komist helst lesið af enskumælandi embættismönnum og fræðimönnum í Evrópusambandslöndum. Greinin gekk út á að sýna fram á (með aðferðum sem aðrir hagfræðingar hafa hafnað) að Ísland væri ekki of lítið til að borga allar kröfur Breta og Hollendinga. Síðast lét Sibert til sín taka (á sama vettvangi) með grein um að Ísland væri of lítið til að vera sjálfstætt.

Með setu sinni í peningastefnunefndinni þiggur Anne Sibert laun fyrir að verja hagsmuni Íslands. Umfram allt á hún að gera það með því að verja gengi krónunnar. Ekkert hefur jafn-neikvæð áhrif á gengi gjaldmiðils og veruleg aukning skuldsetningar í erlendri mynt. Sama dag og verið var að reyna að lágmarka þá skuldsetningu birti Sibert greinina þar sem því var haldið fram að Ísland gæti vel greitt alla kröfuna hvað sem liði lögmæti hennar.

Fáum mun detta í hug að upplegg og tímasetning greinarinnar geti verið tilviljun. Hver er annars tilgangurinn með því að skrifa grein á vettvangi enskumælandi embættismanna sem gengur þvert gegn hagsmunum sem verið er að verja á sama tíma í einhverjum mikilvægustu samningaviðræður Íslandssögunnar (eins og greinarhöfundi er vel kunnugt)?

Enn verra er þó að margir munu gera ráð fyrir að þegar fulltrúi forsætisráðherra birtir grein á þessum tímapunkti í svo viðkvæmu máli sé hún skrifuð með vilja og vitund ráðherrans. Forsætisráðherra sagðist aðspurður ekki hafa vitað af greininni og tók jafnframt undir að hún væri afar óheppileg. Eflaust er það satt. Það hlýtur hins vegar að vera áhyggjuefni þegar ríkisstjórn sem hefur vanrækt að kynna málstað Íslands út á við í þessu mikla deilumáli er með fólk á launum við að skrifa gegn hagsmunum landsins á versta hugsanlega tíma.

Þegar seta Sibert í nefndinni var gagnrýnd í ljósi þessa taldi hún vegið að málfrelsi sínu.

Það hefur enginn haldið því fram að Anne Siebert megi ekki tjá sig um hvað sem er hvar sem er. Kjósi hún hins vegar að tjá sig um hluti sem ganga gegn hlutverki hennar í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hentar augljóslega einhver annar betur í það starf. Leikmaður sem keyptur væri til knattspyrnuliðs til að styrkja vörnina kæmist ekki upp með að sækja hvað eftir annað á eigið mark og bera við ferðafrelsi.

Höfundur er alþingismaður og formaður Framsóknarflokksins.

SANDALA DAGAR
HJÁ ECCO

Coast

Verð áður: 14.995
NÚ: 13.495
Litir: hvítt og svart
Stærðir: 36 - 41
67853 02152

Offroad

Verð áður: 15.995
NÚ: 14.395
Litir: svart
Stærðir: 36 - 42
69533 00201

Offroad Lite

Verð áður: 15.995
NÚ: 14.395
Litir: rautt, svart, brúnt
Stærðir: 36 - 42
67453 55183

Coast

Verð áður: 14.995
NÚ: 13.495
Litir: svart og brúnt
Stærðir: 40 - 47
67644 51052

Offroad

Verð áður: 15.995
NÚ: 14.395
Litir: svart
Stærðir: 40 - 50
69534 00201

Offroad Lite

Verð áður: 15.995
NÚ: 14.395
Litir: brúnt og svart
Stærðir: 40 - 47
67454 51741

Ecco Kringlunni
553 8050

Steinar Waage Kringlunni
568 9212

Steinar Waage Smáralind
551 8519

the most comfortable place on earth
ecco

Tekið á erfiðum málum

UMRÆÐAN
Finnur Sveinbjörnsson skrifar um úrvinnsluvanda banka og lífeyrissjóða

FINNUR SVEINBJÖRNSSON

Við stofnun Arion banka í október 2008 yfirtók hann fjölda lána til einstaklinga og fyrirtækja frá gamla Kaupþingi. Margir lántakar glíma við fjárhagslega erfiðleika og Arion banki vinnur að því að finna lausn á vanda sem flestra fyrirtækja og einstaklinga. Bankinn hefur kynnt margháttuð úrræði fyrir einstaklinga og hafa mál yfir 1.000 heimila þegar verið afgreidd. Þá hefur bankinn leyst úr vanda margra smárra og meðalstórra fyrirtækja á liðnum mánuðum með fjölbreyttum lausnum í nánu samstarfi við eigendur og stjórnendur þeirra.

Í fyrra setti Arion banki sér verklagsreglur um lausn á skuldavanda fyrirtækja, til að flýta fyrir úrlausn mála og tryggja samræmdar og gagnsæjar aðgerðir. Þá réð stjórn bankans umboðsmann viðskiptavina sem tekur þátt í mótun verklagsreglna, fylgist með úrvinnslu mála og bregst við ábendingum viðskiptavina. Eins hefur óháð, opinber eftirlitsnefnd sem starfar á grundvelli nýsettra laga um sértæka skuldaaðlögun eftirlit með þessari vinnu. Í sömu lögum um sértæka skuldaaðlögum er gerð krafa um efni verklagsreglna á því sviði. Því er nú verið að endurskoða verklagsreglur bankans um lausn á skuldavanda fyrirtækja í samvinnu við önnur fjármálafyrirtæki.

Sum af þeim skuldaúrvinnslumálum sem Arion banki glímir við, eins og aðrir íslenskir bankar og lífeyrissjóðir, eru flókin og mikil verðmæti í húfi fyrir bankann og þjóðarbúið. Í sumum tilvikum kemur fjöldi innlendra og erlendra banka við sögu sem hafa mismunandi hagsmuna að gæta auk umsvifamikilla skuldabréfaeigenda eins og íslenskra lífeyrissjóða. Stundum eru tryggingar bankans lélegri en annarra lánveitenda. Bankinn þarf ávallt að gæta þess að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum og fylgja ákvæðum lánasamninga.

Þótt reiði ríki í samfélaginu má það ekki tefja endurreisn íslensks efnahagslífs og valda því að miklum verðmætum verði fórnað. Af almennri umræðu og í þingsölum mætti ætla að bankinn geti tekið einhliða ákvarðanir, án tillits til laga og reglna eða aðstæðna í hverju máli fyrir sig. Sú stefna bankans að hafa viðskiptalega hagsmuni að leiðarljósi, til að fá sem mest upp í skuldir hefur verið gagnrýnd. Uppi hafa verið raddir um að bankinn eigi að ráðast í endurskipulagningu á rekstri fyrirtækja án samvinnu við stjórnendur þeirra. Stjórnendur Arion banka hafa hins vegar talið það einmitt siðferðilega skyldu hans að reyna að heimta sem mest upp í skuldir og forða enn frekara tjóni en þegar er orðið. Eins og forsætisráðherra hefur nefnt er einn mikilvægasti lærdómurinn af bankahruninu einmitt að bankar eigi að hafa eðlilega viðskiptalega hagsmuni að leiðarljósi í rekstri sínum.

Arion banki er að taka á erfiðum málum. Það eiga fleiri eftir að gera. Fjölmargir lánveitendur, þ.á m. íslenskir lífeyrissjóðir, munu á næstunni standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum. Þar takast á sjónarmið um hámörkun á endurheimtum og hvort semja eigi við tiltekna einstaklinga. Þau mál munu hugsanlega snúast um skerðingu á lífeyrisréttindum landsmanna. Bankar og lífeyrissjóðir geta ekki og eiga ekki að taka að sér hlutverk ákæruvalds og dómstóla. Aðrar stofnanir hafa það hlutverk.

Höfundur er bankastjóri Arion banka.

FRUMSÝNING á sýningunni Jón Gnarr – lifandi í Landnámssetri, er í dag í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Þar skoðar Jón Gnarr íslenska fyndni í gegnum söguna frá landnámi til dagsins í dag með uppistandi.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Food & Fun

24. - 28. febrúar

Til Perlunnar kemur ástralinn Glen Ballis sem hefur unnið á **Banyan Tree** og **Shangri-la hótelum** á Tælandi ásamt því að vinna í Shanghai, Malasíu og Indónesíu. Hann hefur einnig stjórnað veitingahúsum Harrods í London. Með Glen kemur **Kobayashi Katsuhiko**, japanskur pastry chef sem er með 20 ára reynslu í sætabrauðsheiminum. Hann hefur m.a. starfað á **Laurent** (2 Michelin stjörnur), **La Bastide** (2 Michelin stjörnur) og **Marc Meneau** (3 Michelin stjörnur). Hann mun sjá um eftirréttinn.

TÚNFISKTARTAR
með piparrótarkremi og reyktum ál

HÖRÐUSKEL TATAKI
með tómat citrus salati, soya marineruðum laxahrognum og kryddjurtum

BRASSERAÐ NAUT
með portvíns- og engiferleginni andalifur og bauna- og döðluplómu purrée

SYKURHÚÐAÐUR ÞORSKUR
með kræklingi og kúfskelsalsa, dvergkáli og tom yum froðu

KÓKOSHNETU–TAPIOKA
með steiktu mangói, hindberjum og lychee–sorbet

5 rétta seðill á aðeins 6.900 kr.

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hjálmar nostrar við folaldakjötið áður en hann grefur það. Múslígrauturinn gefur honum gott start í morgunsárið en galdurinn er fólginn í því að bæta út á hann nokkrum dropum af hlynsírópi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hráefnið skiptir mestu

Áhugi Hjálmars Hjálmarssonar leikara á matargerð kviknaði á unglingsárunum og hefur hann fylgt honum alla tíð. Í dag leggur hann megináherslu á einfalda matargerð og að gott hráefni fái að njóta sín.

Hjálmar leikur í Ufsagrýlum eftir Sjón í Hafnarfjarðarleikhúsinu um þessar mundir og þegar æfingaferlinu var að ljúka fyrir jól ákvað leikhópurinn að sameinast um að útbúa veislumáltíð með vísun í verkið.

„Ég leik skipstjóra á björgunarskipi sem bjargar sökkvandi þjóðarskútum og hann á að hafa gert óviðjafnanlega flugfiskasúpu sem okkur langaði til að prófa. Það var að vísu erfitt að finna hráefnið en hafðist fyrir rest. Í forrétt vorum við svo með grafna folaldalund og í aðalrétt bjórsoðna lambaskanka. Í eftirrétt var frönsk-íslensk súkkulaðikaka sem minnti óþyrmilega á meginumfjöllunarefni leikritsins sem kemur úr þörmum manna en verkið fjallar um bankamenn sem fara í keppni um það hverjir geti kúkað stærsta gullkúknum. Þeir háma í sig gull á hverjum degi en þegar þeir ætla að skila því á degi hrunsins gengur það ekki eftir.“

Hjálmar gefur lesendum uppskrift að grafinni folaldalund og uppáhaldsmorgunmatnum sínum.

vera@frettabladid.is

GRAFIN UFSAGRÝLULUND (FOLALDALUND)

með hnetusósu og múslígrautur í morgunmat

Múslí-morgungrautur (eða uppstrílaður hafragrautur)
Múslí
Vatn
Gott salt
Mjólk/rjómi
Hlynsíróp (eða púðursykur)

Múslíið soðið eins og hafragrautur og þykktin höfð eftir smekk. Ef það er fátæklegt má henda maísflögum (kornflexi), hafrahringjum (Cheeriosi) og súkkulaðikúlum (Cocoa Puffsi), þurrkuðum smátt skornum ávöxtum, eplum, döðlum, hnetum, rúsínum eða bara hverju sem er út í. Toppað með hlynsírópi og mjólk eða rjóma.

Folalda-carpaccio
Folaldalund (má líka vera nauta- eða lambalund)
Gróft salt
Fennel
Svartur, rauður og grænn pipar (mulinn)
dill (og/eða annað krydd eftir smekk)

Lundin er hreinsuð. Mesta fitan er skorin af og himnan numin brott. Kjötið er hulið með grófu salti og látið standa þannig í klukkustund til tvær (fer eftir þykkt). Sumir bæta við sykri til að vega upp á móti saltinu. Saltið skolað af og kjötið þerrað. Kjötinu velt upp úr kryddinu og því síðan vafið þétt inn í plastfilmu og grafið með því að láta það standa í kæli í tvo sólarhringa.

Kjötstykkið sett í frysti í dágóða stund og skorið frosið í eins þunnar sneiðar og mögulegt er. Borið fram sem forrétt ur með hnetusósu og klettasalati.

Hnetusósa
50/50 ólívuolía og balsamik-edik
Muldar pecan-hnetur og valhnetur (eða aðrar hnetur eftir smekk)
Smakkað til með hlynsírópi eða sykri.

Olían og edikið soðið saman, muldum hnetum og sírópi bætt út í og skvett yfir kjötið.

;ALLT TÍSKA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Fermingartilboð Nings

Sparaðu vinnu og fyrirhöfn

Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu.

Veislupjónusta NINGS

Síminn er 588 0999 og 822 8833

- Marineraðar kjúklingabringur á spjóti Teriyaki
- Svínakjöt á spjóti með Satay sósu
- Kókoshjúpaðar risarækjur með hvítlaukssósu
- Blandaðar Sushi rúllur með soya og engifer
- Te reyktur lax með engifer, coriander og kaldri lime jógúrtsósu
- Kalkúnalæri og grænmeti í Malasíu karrý og kókósmjólk
- Shar shui svínasteik með hoi sin og plómusósu
- Steikt hrísgrjón með eggjum og grænmeti
- Ferskt salat, fullt af góðgæti

Gos frá Ölgerðinni fylgir fermingarveislum Nings.

Verð aðeins 2990 kr. á mann (miðað við 50 gesti eða fleiri).

Öllum fermingarveislum Nings fylgir vegleg gjöf til fermingarbarnsins.

BÍLAÞVOTTI er gott að sinna um helgar. Sumir sjá sjálfir um þvottinn, aðrir leyfa bónstöðvum að sjá um vinnuna. Nú getur fólk á suðursvæði Vestfjarða í fyrsta sinn nýtt sér slíka þjónustu því nýlega opnaði bón- og þvottastöð á Patreksfirði.

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Nýtt námskeið
hefst 19. febrúar n.k.
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Vilja halda uppi merkjum Fóðurs og fjörs

Áhugi veitingastaða á hátíðinni Fóður og fjör virðist hafa dvínað. Kokkar á ísfirska veitingastaðnum Við pollinn ætla þó að vera með sérstakan matseðil og ýmsar uppákomur undir merkjum Fóðurs og fjörs.

Hátíðin Fóður og fjör var fyrst haldin árið 2008 og var svar veitingastaða á landsbyggðinni við matarhátíðinni Food & Fun í Reykjavík. Fjölmargir veitingastaðir um allt land tóku þátt fyrstu tvö árin en nú virðist áhuginn hafa fjarað út, nema hjá kokkunum á veitingastaðnum Við pollinn á Ísafirði sem ætla að halda uppi merkjum hátíðarinnar um helgina.

Hlutverk hátíðarinnar var að kynna íslenskt hráefni til matargerðar auk þess að kynna hvað um er að vera á hverju landsvæði. Eigendur veitingastaðarins Við pollinn, Eiríkur Gísli Johansson og Halldór Karl Valsson, tóku við rekstrinum í ágúst 2007. Eiríkur segir að frá upphafi hafi hátíðinni verið vel tekið. Fyrstu tvö árin komu gestakokkar, en í ár sjá þeir sjálfir um matreiðsluna. Eiríkur sagðist ekki vita til þess að fleiri veitingastaðir tækju þátt í ár. Hann hefur þó trú á að hátíðin geti vaxið og dafnað, en veitingastaðir á landsbyggðinni séu ekki með síðri matseðla eða kokka en í Reykjavík. „Það verður bara að blása í lúðra á næsta ári og þjappa liðinu saman aftur, það hefur aldrei skort samstöðu hjá landsbyggðarfólkinu.“

Fóður og fjör-matseðillinn verður frá fimmtudegi til laugardags, en á laugardaginn mun Megakukl skemmta mannskapnum en bandið spilar lög Megasar. Elvar Logi Hannesson leikari mun vera í fararbroddi sem Megas. Eiríkur segir að síðustu ellefu árin hafi saltfiskrétturinn á matseðlinum verið langvinsælastur. „Enda erum við með besta saltfisk í heimi sem er framleiddur hér fyrir vestan,“ segir hann glaðlega.

Á matseðli helgarinnar verður einmitt útfærsla á saltfiski í formi saltfiskpitsu, sem verður í forrétt ásamt bláberja og brennivínssorbet. Í aðalrétt er sveppa- og spínatfyllt lambarúlla með soðkartöflu og rauðvínssósu og að lokum er rabarbara-creme brulé með rabarbaraís.

Nýir eigendur tóku við rekstri veitingastaðarins Við pollinn árið 2007.

En hverjir sækja Fóður og fjör? „Það eru aðallega heimamenn,“ segir Eiríkur. „Breiður hópur fólks sem vill borða góðan mat og skemmta sér.“ *- sgá*

MC PLANET
OUTLET – LAUGAVEGI 94
LOKADAGAR
ÚTSÖLUMARKAÐS
STÓRLÆKKAÐ VERÐ
3000 kr.
5000 kr.
7000 kr.
9000 kr.
Opnunartími:
mán. til fös. 11:00–18:00.
Laug. 11:00–16:00.
Næst síðasti dagur
Nýtt kortatímabil
Búðin lokar á laugardag!
MC PLANET Outlet • Laugarvegur 94 • 101 Reykjavík. • Sími 552 8090

Sálrænn stuðningur
Kópavogsdeild Rauða krossins heldur námskeiðið Sálrænn stuðningur þriðjudaginn 1. mars kl. 17-21 í Hamraborg 11, 2 hæð.
Á námskeiðinu fræðast þátttakendur um gildi sálræns stuðnings í aðstæðum sem geta valdið áföllum. Þátttakendur læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju.
● Þátttökugjald er 5000 krónur.
● Innifalið er þátttökuskírteini og námskeiðsgögn.
● Leiðbeinandi er Margrét Blöndal.
● Sjálfboðaliðar Kópavogsdeildar fá ókeypis á námskeiðið og félagsmenn sem greitt hafa félagsgjaldið fá 10% afslátt.
Frekari upplýsingar fást í síma 554 6626 með tölvupósti á kopavogur@redcross.is.
Skráning er til 25. febrúar.
Rauði kross Íslands Kópavogsdeild
Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • www.redcross.is/kopavogur • opið virka daga kl. 10-16

Ferming 2010
Glæsilegt úrval af fermingakjólum
Kjólar kr. 14.990
Leggings kr. 4.990
Ermar kr. 4.990
COSMO
Kringlunni

Dodda Maggý sýnir í D-sal Hafnarhússins.

Sýningarlok á Lucy

Listakonan Dodda Maggý hefur sýnt í Listasafni Reykjavíkur undanfarið en síðasti sýningardagur er á sunnudaginn.

Lucy nefnist myndbands- og hljóðinnsetning Doddu Maggýjar sem er fimmtándi listamaðurinn til að sýna í D-salar verkefni Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi.

Í verkinu kannar listamaðurinn hugmyndina um hljóðskynjun út frá mannsröddinni og mannslíkamanum. Dodda Maggý hefur sýnt á samsýningum víða um heim. Hún lauk námi frá Listaháskóla Íslands, MFA gráðu frá The Royal Danish Academy of Fine Arts og síðar sömu gráðu úr samræmdu námi listaháskóla á Norðurlöndunum með áherslu á hljóðverk. Sýningarstjóri er Yean Fee Quay.

Sýningarlok á verkum Doddu Maggýjar eru á sunnudag. Næsti listamaður til að sýna í D-salnum er Katrín Elvarsdóttir en sýning hennar verður opnuð 25. febrúar.

„Af fyrirspurnum viðskiptavina búðarinnar má ætla að áhugasvið fólks liggi mjög víða," segir Dögg Hjaltalín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Viðskiptavinir velja sjálfir

Bóklestur er Íslendingum í blóð borinn og margir nýta helgar undir það áhugamál. Með nýju átaki Bókabúðar Máls & menningar gefst viðskiptavinum færi á að stýra úrvalinu í erlendu deild verslunarinnar.

„Það má alltaf gera betur. Með því að fá viðskiptavini í lið með sér er hægt að tryggja að bókaúrvalið sé alltaf í takt við það sem þeir vilja lesa og fletta í gegnum," segir Dögg Hjaltalín, bóksali erlendra titla í Bókabúð Máls & menningar á Laugavegi. Bókabúðin hefur nú tekið upp á því að leyfa viðskiptavinum sínum að stýra úrvalinu í erlendu deildinni með framtaki sem ber heitið „Stjórnaðu úrvalinu".

Dögg segir tilganginn með framtakinu vera þann að leyfa viðskiptavinunum að eiga sinn þátt í innkaupum búðarinnar. Nú geti viðskiptavinirnir sjálfir ráðið hvaða bækur þeir hafa til að velja úr og því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

„Við vorum að fá yfir eitt þúsund nýja erlenda titla í vikunni og við teljum okkur bjóða upp á besta og fjölbreyttasta úrval erlendra bóka hér á landi," segir Dögg. „En af fyrirspurnum viðskiptavina búðarinnar má ætla að áhugasvið fólks liggi mjög víða og að sjálfsögðu eru viðskiptavinirnir best til þess fallnir að velja titlana sjálfir. Við höfum komið upp boxi í erlendu deildinni þar sem fólk getur skilið eftir óskir sínar sem við fylgjum svo eftir," segir hún ánægð með hið nýja framtak.

Nokkrir heppnir viðskiptavinir sem skilja eftir nafn og netfang með ábendingum sínum geta svo átt von á bókaglaðningi frá Bókabúð Máls & menningar. *- kg*

Unglingadeild Leikfélags Kópavogs frumsýnir Blóðsystur annað kvöld.

Unglingadeild frumsýnir nýtt leikrit

Nýtt íslenskt leikrit, Blóðsystur, verður frumsýnt af unglingadeild Leikfélags Kópavogs annað kvöld.

Unglingadeild Leikfélags Kópavogs frumsýnir nýtt íslenskt leikrit, Blóðsystur, annað kvöld, laugardaginn 20. febrúar, í Leikhúsinu við Funalind 2.

Handritið var unnið í spunavinnu og eru höfundar þess Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson, sem jafnframt leikstýrir verkinu, Víðir Örn Jóakimsson aðstoðarleikstjóri og unglingarnar í hópnum sem eru átta talsins. Félagsmenn Leikfélags Kópavogs hjálpuðu síðan til við gerð leikmyndar, búninga og lýsingu.

Blóðsystur fjallar um „nokkrar guðhræddar stúlkur sem ekki eru allar þar sem þær eru séðar og hinn ráðagóða Sigurð vampírubana," að því er segir í tilkynningu frá aðstandendum sýningarinnar. Næstu sýningar eftir frumsýningu verða miðvikudaginn 24. febrúar og fimmtudaginn 25. febrúar en áhugasömum er bent á heimasíðu Leikfélagsins, kopleik.is og hægt er að panta miða á midasala@kopleik.is. *- jma*

Öskudagsball á Bauknum

Alla jafna eru það börnin sem klæða sig upp á öskudaginn en í kvöld geta þeir sem eldri eru klætt sig upp fyrir dansleik á Gamla bauk.

Húsvíkingar og nærsveitamenn geta gert sér glaðan dag um helgina en í kvöld verður efnt til öskudagsballs á Gamla bauk. Eru gestir hvattir til að mæta í grímubúning á dansleikinn og mun DJ Unnur sjá um tónlistina.

Þeir norðlensku herramenn sem vilja síðan gera vel við konu sína á konudaginn geta einnig boðið henni á Gamla bauk en alla helgina verður boðið upp á sérstakan konudagsmatseðil sem inniheldur meðal annars karrílagaða sjávarréttasúpu, nautamedalíur með piparsósu og skyramisú í eftirrétt.

Öskudagsball verður haldið í kvöld á Gamla Bauk á Húsavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heilbrigðismál á 18. og 19. öld

MÁLÞING UNDIR YFIRSKRIFTINNI LÆKNAVÍSINDI OG HEILBRIGÐISMÁL Á ÁTJÁNDU OG NÍTJÁNDU ÖLD FER FRAM Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐUNNI Á MORGUN.

Flutt verða erindi um yfirseturkvennaskólann, viðhorf til ljósmæðra á fyrri hluta 19. aldar og lækningar í heitum laugum.

Félag um átjándu aldar fræði stendur fyrir málþingi undir yfirskriftinni Læknavísindi og heilbrigðismál á átjándu og nítjándu öld í Þjóðarbókhlöðu, fyrirlestrarsal á annarri hæð, á morgun. Fyrirlesturinn hefst klukkan 13.00 og verða flutt fimm erindi en málþingið stendur til 16.30.

Erindin sem flutt verða fjalla meðal annars um Yfirsetukvennaskólann sem stofnaður var árið 1749, viðhorf til ljósmæðra á fyrri hluta 19. aldar og lækningar í heitum laugum.

Fundarstjóri er Kristín Bragadóttir, sviðsstjóri við Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn en eftir hvert erindi, sem tekur um tuttugu mínútur, gefast tíu mínútur til fyrirspurna og umræðna. Útdrættir úr erindum liggja frammi á málþinginu. Veitingar verða á boðstólum í hléi. *- jma*

Gullsmíðaverkstæði Árna Höskuldssonar
lokar 1. mars næstkomandi

40% afsláttur

ÚTSALA

af öllum vörum

Opnunartími 13:00 til 18:00 virka daga

Bergstaðastræti 4 – 101 Reykjavík – Sími: 562-0335

Friðrik V á Humarhúsinu!

- kemur að norðan!

Fimmtudaginn 18., föstudaginn 19. og laugardaginn 20. febrúar

Hjörleifur Valsson og Reynir Jónasson seiða fram lystaukandi tóna.

Verðlaunakokkurinn Friðrik Valur leikur listir sínar í eldhúsi Humarhússins og töfrar fram matseðil að hætti veitingahúss hans á Akureyri.

Matseðill

Forréttur
Norðlenskt hangikjöt með laufabrauði rauðrófum og grænum baunum

Fiskréttur
Ekta saltfiskur með hríseyskri bláskel, rófum og dökkri Kaldafroðu

Milliréttur
Krækiberjakrapís

Aðalréttur
Humarfyllt lambakóróna með mysuostaskorpu, eyfirskum möndlukartöflum og fjallagrasasósu

Fordesert
Rúgbrauðssúpa með broddís

Eftirréttur
KEA heims SKYR

Gegnum tíðina hefur Friðrik Valur fengið einróma lof hjá matargagnrýnendum.

Hann hefur einnig hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna, bæði hér heima og erlendis.

Humarhúsið | Amtmannsstíg 1 | 101 Reykjavík | Sími: 561 3303

www.humarhusid.is

EFFEKT - www.effekt.is

KONUDAGUR

AFSKORIN BLÓM gleðja hvort sem er á konudegi eða öðrum dögum ársins.

Gefðu konunni Maxwell nuddpúða sem þú getur notað sjálfur!

- LÍTILL OG ÞÆGILEGUR
- HÆGT AÐ NOTA Á ALLAN LÍKAMANN
- LOSAR UM VÖÐVABÓLGU OG HARÐSPERRUR
- ENDURNÆRIR HÁLS, AXLIR, BAK OG FÆTUR
- STERKUR OG ENDINGARGÓÐUR
- TVEGGJA ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

WWW.LOGY.IS

LOGY EHF - BERJARIMI 6 - 112 REYKJAVÍK - SÍMI 661-2580 OG 588-2580
SENDUM Í PÓSTKRÖFU EÐA KEYRUM HEIM Á REYKJAVÍKURSVÆÐI

Konudagurinn 21. febrúar

18 RAUÐAR RÓSIR ...bjóða 2 fyrir 1 á Argentínu Steikhús m/ konudagsblómum

Opnum kl. 8 á sunnudagsmorgun

Hávallagata 3
s. 554-4818

ARGENTÍNA

Denise Prjónasettin

Gott verð - lífstíðarábyrgð

Garnbúðin.is

Notalegt freyðibað við kertaljós og með góða bók við höndina gerir góðan dag enn betri.

Einföld og ódýr rómantík

Konudagurinn er tilvalinn til leggja elju við að reyna að koma konunni sinni á óvart. Verkefnið þarf ekki að vera dýrt en krefst mun frekar frumleika, sérstaklega þegar pör þykjast geta reiknað hvort annað út.

Að vekja undrun konu sinnar getur verið mikil áskorun, sérstaklega eftir löng sambönd, en slíkt þarf ekki að vera mikil fyrirhöfn, stórt í sniðum eða dýrt.

Bókin gleður

Ef konan þín les mikið skaltu komast að því hvaða bók eða bækur hana hefur lengi langað að lesa en ekki komist í að redda sér. Farðu á bókasafnið og leigðu umrædda bók áður en konudaginn ber upp. Láttu renna í það um morguninn, og komdu bókinni fyrir á litlu hliðarborði ásamt kertaljósum og skildu eftir falleg skilaboð á bókamerki (helst um að þú ætlir að sjá til þess að hún muni hafa næði til að lesa eins og hún vilji í dag).

Stund við skjáinn

Skipulegðu bíókvöld með æðislegum gömlum, svart-hvítum og klassískum kvikmyndum. Poppaðu á gamla háttinn í potti (enda er það miklu betra), keyptu dökkt súkkulaði og myndir sem eru vel við hæfi á svona kvöldi eins og til dæmis Casablanca eða Gone with the Wind.

Ástarbréf til elskunnar

Ef konan þín þarf að vinna þennan dag, sitja yfir námsbókum eða er önnum kafin einhverra hluta vegna þannig að þú sérð ekki fram á að geta útbúið einhvern „dagskrárlið“ henni til heiðurs skaltu skrifa gamaldags, handskrifað ástarbréf sem þú laumar í nestið hennar, bækurnar eða veskið þegar hún sér ekki til.

Bakkelsi í morgunsárið

Ef þú ert á fyrstu vikum tilhugalífsins og þið kærastan ekki á sama stað aðfaranótt konudags skaltu baka gott brauð að morgni og birtast óvænt með það á tröppunum hjá henni ásamt osti og marmelaði í körfu og appelsínusafa. Mjög smart og ekki of væmið á viðkvæmu stigi fyrstu kynna.

Á hverfanda hveli kemur við hjörtu kvenna um allan heim.

Einfaldleiki í fyrirrúmi

Einföldustu atriði geta verið óskaplega notaleg. Þannig er fátt betra en láta einhvern annan greiða mjúklega á sér hárið með bursta og er því ágætis konudagstrix. Hengdu post-it miða hér og þar um húsið, á baðherbergisspegilinn þar sem stendur að sjálfsögðu hve falleg hún er, á eldhússkápinn þar sem þú dásamar matinn hennar og svo framvegis. (Ekki setja samt miða á eldhúsvaskinn til að segja henni að hún sé góð í uppvaskinu). *- jma*

Tangóball að argentínskum hætti í Ketilhúsinu

MILANGA VERÐUR HALDIÐ Í KETILHÚSINU Á AKUREYRI ANNAÐ KVÖLD.

Á laugardagskvöldið geta Akureyringar og gestkomandi skellt sér á svokallað Milanga, sem er tangódansiball, í Ketilhúsi en ballið byrjar klukkan tíu um kvöldið.

„Ballið byrjar klukkan tíu, að argentínskum hætti, en í Argentínu er byrjað að dansa tangóinn seint svo fólk geti fyrst borðað og notið matarins,“ segir Vigdís Arna Jónsdóttir, sem skipuleggur tangóballið og verður jafnframt með tangótíma á laugardeginum og sunnudeginum. „Við höfum verið með Konudagstangóhátíð þrjú ár í röð en nú í ár verður ekki hátíð sem slík heldur ball og danstímar. Öllum er velkomið að koma á ballið og þeir sem vilja skella sér í tíma geta til dæmis kíkt inn á heimasíðuna lifsinsleikur.net,“ segir Vigdís Arna en líklegt er að æfingakennsla verði klukkan níu, klukkutíma áður en ballið byrjar.

Áhugasamir um danskennsluna geta einnig hringt í Vigdísi Örnu í síma 864 3054. „Tangó hefur haslað sér góðan völl á Íslandi og hér á Akureyri hefur myndast ágætur kjarni í kringum dansinn.“ *- jma*

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 19. febrúar 2010

Vera Pálsdóttir ljósmyndari gerir upp við tískuheiminn og heldur sýningu

UPPGJÖR VERU

ÍSLENSKT DANSVERK SETT UPP Í LONDON + TÍSKUVIKAN Í NEW YORK + FYRIRSÆTULEIT HJÁ ESKIMO + FATASTÍLL STEINGERÐAR SONJU

FRÁBÆR FLAKKARI
Kr. 19.750
1TB
WD Elements
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

á döfinni

ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR LEIKKONA

Ég byrja föstudaginn á æfingu uppi í Borgó. Ég er að leika í Dúfunum og ég vakna með fiðring í maganum alla daga því það er svo gaman. Eftir æfingu fer ég beint út á flugvöll og flýg til New York með manninum mínum. Við ætlum að gista hjá vinkonum okkar og höfum engin önnur plön en að njóta helgarinnar.

Make Up Store fær verðlaun

Verslunin Make Up Store í Reykjavík fékk verðlaun fyrir flottustu Make Up Store-verslunina í heiminum þetta árið, „Store of the Year“. Make Up Store, sem er sænskt fyrirtæki, tók það sérstaklega fram í umsögninni um verðlaunin að það hefði komið á óvart hversu salan hefði aukist í versluninni í hinu kreppuþjáða landi Íslandi. „Ég er í skýjunum yfir því að fá verðlaunin,“ segir Margrét Ragna Jónasardóttir, eigandi verslunarinnar. „Sérstaklega í ljósi aðstæðna hér heima á Íslandi og að við kepptum við 170 verslanir um allan heim. „Þetta sýnir að við Íslendingar veljum gæðavöru á hagstæðu verði.“ Margrét segist vera dugleg að kenna viðskiptavinum að nota vörurnar svo að þeir verði ánægðir með árangurinn og að hún sé lánsöm að búa yfir frábæru starfsfólki.

þetta HELST

Með flottustu línurnar í Hollywood

Leikkonan Christina Hendricks í sjónvarpsþættinum Mad Men er í forsíðuviðtali hjá tímaritinu The New Yorker þessa vikuna. Hendricks hefur vakið mikla athygli fyrir kvenlegan vöxt sinn sem þykir tákn um að Hollywood-lúkkið frá því um miðbik síðustu aldar sé að komast aftur í tísku. Leikkonan segist í viðtalinu vera orðin leið á því að það sé alltaf talað um vöxt hennar þar sem hún hefur lagt mikið á sig til að ná frama í leiklistinni. Hún hafði þó greinilega ekkert á móti því að láta mynda þrýstinn barminn á þeim glæsilegu myndum sem eru í tímaritinu.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Höfundarnir Dansararnir Sigríður Soffía Níelsdóttir og Snædís Lilja Ingadóttir ásamt myndlistarkonunni Björk Viggósdóttur.

Sýningin Fresh Meat á fjögurra daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi í Rose Theater í London:

ÍSLENSKT DANSVERK SETT UPP Í LONDON

Það var verið að setja saman fjögurra daga átak hérna í Rose Bruford sem tengist kynbundnu ofbeldi, þar sem unnið er með listformið til að opna augu fólks fyrir þessu málefni. Fresh Meat passaði akkúrat við þema hátíðarinnar, enda spunnið út frá heimilisofbeldi,“ segir Sigríður Soffía Níelsdóttir, annar höfunda dansverksins Fresh Meat, sem sýnt var í gærkvöld og fyrrakvöld í Rose Theatre í London, í tilefni af fyrrnefndu átaki. Sigríður útskrifaðist með BA-gráðu frá dansbraut Listaháskóla Íslands síðastliðið vor. Nú ferðast hún um heiminn og tekur þátt í hinum ýmsu uppsetningum dansverka en hún vinnur meðal annars náið með Ernu Ómarsdóttur.

Fresh Meat er samvinnuverkefni Sigríðar og Snædísar Lilju Ingadóttur en þær útskrifuðust á sama tíma af dansbraut listaháskólans. Snædís Lilja leggur nú einmitt stund á leiklistarnám við Rose Bruford-háskóla. Myndlistarmaðurinn Björk Viggósdóttir sér um sjónrænt umhverfi sýningarinnar en tónlistin í verkinu er eftir Lydíu Grétarsdóttur. Verkið var áður sýnt á sviðslistahátíðinni artFart. Sigríður segir því hafa verið vel tekið bæði í Reykjavík og London og stefnt sé að því að sýna það víðar á næstu mánuðum. „Við munum að öllum líkindum sýna verkið aftur á Íslandi í apríl og þá í sviðsútgáfu, sem við höfum ekki gert áður heima.“ - hhs

Eskimo leitar að nýjum andlitum:

Módel fyrir RFF

Andrea Brabin og samstarfskonur hennar hjá Eskimo bjóða öllum sem langar að spreyta sig á sýningarpöllum Reykjavík Fashion Festival að líta við hjá sér í Skúlatúni 4 á mánudaginn á milli klukkan 16 og 18. „Við munum sjá um að velja og þjálfa módelin fyrir RFF. Okkur langar að gefa nýju fólki tækifæri til að komast að,“ segir Andrea.

Hún hvetur alla til að koma, jafnvel þótt þeir eða þær falli ekki fullkomlega að ofurfyrirsætuímyndinni. - hhs

Andrea Brabin hjá Eskimo Eskimo leitar að nýjum fyrirsætum til að taka þátt í Reykjavík Fashion Festival.

augnablikið

LÉTTKLÆDD Skutlan Pamela Anderson sýnir línurnar á Ritchie Ritchtískusýningunni á tískuvikunni í New York í fyrradag.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Vera Pálsdóttir Ritstjórn Anna M. Björnsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000















Jessica

There are compromises
I will make in life —
my workout isn't one of them.
Impossible is Nothing.

adidas.com/women



núna

fataskápurinn

VETRARSÓL Nú er sólin lágt á lofti og um að gera að setja upp skvísugleraugun. Þessi eru frá dior og fást í Gleraugnasmiðjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÚTSALA ÚTSALA

Frábært verð á öllum mótorsportvörum

ÚTIVIST & SPORT
GARÐABÆ
mán.-lau. kl. 10-20, sun. 12-20

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

Steingerður Sonja Þórisdóttir nemi

Eins og brautarpallurinn í Harry Potter

Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl? Margbreytilegur. Það er eiginlega ekkert sjáanlegt mynstur þegar það kemur að stílnum mínum. Einn daginn er ég klædd eins og skógarhöggsmaður, þann næsta eins og portkona.

Hverjir eru uppáhaldshönnuðirnir þínir? Christopher Kane, Martin Margiela og að sjálfsögðu Bóas (8045) og Mundi.

Hvar finnst þér sniðugast að versla í Reykjavík? Þar sem maður býst síst við að finna eitthvað flott. Ég fer til dæmis í búðir sem eru mjög ólíkar mínum stíl því það vill oft verða að það sem ég fíla lendir á útsölurekkanum. Annars versla ég mest í Hjálpræðishernum þar sem hann er á leiðinni heim úr háskólanum. Galdurinn er að kíkja oft, þá finnur maður alltaf eitthvað frábært á endanum.

Uppáhaldsverslun erlendis? Ég versla ekki í útlöndum. Þá fyrst myndi íslenska efnahagskerfið hrynja fyrir alvöru.

Hver er tískufyrirmyndin þín? Ég held satt best að segja að ég eigi enga slíka. Ætli að allir séu ekki bara mínar tískufyrirmyndir. Nema kannski Lil Kim.

Frá hvaða áratug sækir þú mestan innblástur? Engum sérstökum, svona þegar ég pæli í því. Ég er dálítið eins og brautarpallurinn í Harry Potter, einhvers staðar á milli.

Hvað er að þínu mati alveg bannað þegar það kemur að stíl? Það er alveg bannað að halda að eitthvað sé bannað. Nema stuttar leggings. Það er bannað.

Hvað er á óskalistanum akkúrat núna? Ég veit það um leið og ég sé það. Þess vegna loka ég alltaf augunum í dýrum verslunum. Annars var ég að stroka gult naglalakk af óskalistanum þar sem ég fann eitt slíkt í Megastore í Smáralind. Maður finnur nefnilega frábærustu hlutina á furðulegustu stöðunum.

- amb



1 Pils: Sonia Rykiel úr Hjálpræðishernum. Kjóll (notaður sem bolur): Top Shop. Belti: Kolaportið. Sokkabuxur: Konur og Menn (Ísafirði). Skór: Manía.

2 Kápa: Glamúr (Faldurinn að framan tekinn upp og festur með belti). Gallabuxur: Cheap Monday. Skór: Nostalgía. Belti: Kolaportið.

3 Jakki: Hjálpræðisherinn. Buxur: Hjálpræðisherinn. Bolur: Hjálpræðisherinn. Belti: Kolaportið. Skór: Manía.

4 Uppáhaldshlutirnir sem voru myndaðir voru Jeremy Scott sólgleraugu úr Liborius og leðurjakki úr Zara.

verð frá
1.290,- til 3.690,-

3 fyrir 2
Snyrtivörur

verð frá
1.590,- til 4.490,-

990,-

390,-

890,-

verð frá
690,- til 1.190,-

3 fyrir 2
Handklæði

verð frá
690,- til 1.190,-

the PIER
kemur stöðugt á óvart ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

Myndirnar hennar Veru. Hér gefur að líta nokkrar af ljósmyndunum sem verða á sýningu Veru Pálsdóttur ljósmyndara á Mokka.

UPPGJÖR VIÐ FORTÍÐINA

Á þriðjudaginn verður opnuð sýning *Veru Pálsdóttur* ljósmyndara á kaffihúsinu Mokka á Skólavörðustíg. Í viðtali við Föstudag segir Vera frá uppgjöri sínu við fortíðina og endurnýjaðri ástríðu sinni á ljósmyndun.

Viðtal: **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**
Ljósmyndir: **Vera Pálsdóttir og Palli Önna**

Með myndavélina á lofti. Undanfarin þrjú ár hefur Vera Pálsdóttir unnið sjálfstætt hér á landi og meðal annars myndað fyrir Nýtt líf. Þar á undan starfaði hún í mörg ár sem tískuljósmyndari fyrir mörg af virtustu tískutímaritum heims.

Það er ekki að sjá að í litla dúkkuhúsinu hennar Veru Pálsdóttur í miðbæ Reykjavíkur búi ljósmyndari sem hefur verið á mála hjá mörgum af virtustu tískutímaritum heims. Á veggjunum er ekki ein ljósmynd. Enda segist Vera sjálf aðeins hafa tekið eina mynd um ævina sem hún gæti hugsað sér að hafa upp á vegg hjá sér. Ljósmynd af íslenskum sóleyjum sem hún tók í fyrrasumar. Þetta er ef til vill lýsandi fyrir tilfinningar hennar til eigin fortíðar í ljósmyndauninni, sem hún gerir upp við á ljósmyndasýningu á Mokka sem opnar á þriðjudaginn. „Ég vildi uppgjör við það sem ég er búin að vera að gera. Ég er búin að vera að taka tískuljósmyndir í mörg ár," segir Vera Pálsdóttir um ljósmyndasýningu sína sem hún opnar á Mokka á þriðjudag. „Þetta eru fagurfræðilega mjög fallegar ljósmyndir en mér fannst alltaf vanta eitthvað meira í þær, einhverja dýpt. Þess vegna hef ég aldrei áður sýnt þær. En samt hef ég gengið með það í maganum í ár að halda á þeim sýningu, kannski einmitt af því að þær eru þrátt fyrir allt mjög fallegar," segir Vera.

Það var ekki fyrr en hún fór að velta málunum fyrir sér með vini sínum, Brynjari Jóhannssyni, að sýningin fór að taka á sig mynd. „Brynjar er hreinn og beinn, sarkastískur með svartan húmor, og frábær textasmiður. Við ákváðum að búa til texta við myndirnar. Við það skapaðist frábært mótvægi. Sjálf þekki ég auðvitað þessar myndir út og inn en þegar ég sá þær með textanum fannst mér þær koma til mín allt öðruvísi. Það var komin einhver dýpt í myndina sem vantaði."

FRÍKSJÓV Á MOKKA

Hið fornfræga og sérstaka kaffihús Mokka finnst Veru eiga vel við stemninguna sem hún vill skapa á sýningunni. Hana langar að skapa þá upplifun hjá áhorfendum að þeir séu staddir á einhvers konar fríksjóvi, þegar fallegar myndirnar blandast grófum textanum. „Ég vil að upplifunin verði svolítið eins og að fara í sirkus og horfa á skrítna liðið," útskýrir hún.

Uppsetning sýningarinnar minnir líka á síður í tímariti. „Þetta lítur út eins og síður sem hafa verið klipptar út úr tímaritum, brotnar saman og límdar upp á vegg. Þessi tenging við tímaritin er algjörlega ég. Þess vegna vil ég að myndirnar

Í þessari tísku og allri þessari fegurð er svo mikið feik. Ég fann fyrir þörf til að rústa þetta, hreinlega, og um leið þessum grunna heimi sem byggir á yfirborðskenndri fegurð.

myndi hugrenningatengsl við forsíðu á tímariti, efnisyfirlit, auglýsingar og aðrar dæmigerðar síður úr tímaritum."

Vera segir að á tímabili hafi hana jafnvel langað til að rústa myndirnar sínar, áður en hún komst að niðurstöðunni um hvernig best væri að gera upp við þær. „Í þessari tísku og allri þessari fegurð er svo mikið feik. Ég fann fyrir þörf til að rústa þessu, hreinlega, og um leið þessum grunna heimi sem byggir á yfirborðskenndri fegurð. En ég sá mig ekki fyrir mér framkvæma einhvers konar niðurrif á myndunum sjálf. Ég er enginn listamaður."

Þegar hún fór að vinna með Brynjari og grafíska hönnuðinum Birnu Einarsdóttur hafi hún fundið frelsistilfinningu sem hún hefur lengi saknað. „Við höfum öll verið að experimenta og fara út fyrir okkar box. Þetta þykir mér mikilvægt, því mér fannst ég vera komin djúpt ofan í eitthvert box sem ég varð að komast út úr. Þetta samstarf hefur hjálpað mér við það og þess vegna lít ég á sýninguna sem raunverulegt uppgjör við fortíð mína."

FANN TÝNDA HLEKKINN

Vera hafði verið í fjölda ára búsett í París, þar sem hún tók myndir fyrir mörg af virtustu tímaritum heims. Hún flutti heim til Íslands fyrir þremur árum og hefur síðan verið sjálfstætt starfandi auk þess að mynda fyrir Nýtt líf. Hún segir nýja tíma að renna upp í ljósmyndum sínum, enda hafi henni nú tekist að losa af sér einhverja hlekki. „Ég var að verða brjáluð á því hvað myndirnar mínar voru hreinar og fullkomnar. Ég var með hluti eins og rétt hlutföll og fullkomnar hendur á heilanum og búin að ná svo fullkomnum tökum á því að myndefnið var orðið því sem næst leikhúslegt. En nú er ég komin á allt annað stað."

Þá er hún komin í samband við stílistann Þorstein Blæ. Í honum segist hún hafa fundið sinn týnda hlekk. Þeirra fyrsta sameiginlega verk var myndasería sem birtist í nýjustu útgáfu Nýs lífs og þar, segir Vera, má fá nasasjón af þeirri tegund ljósmyndunar sem hún ætlar meðal annars að einbeita sér að í framtíðinni. „Hann er ekki bara stílisti heldur artisti. Eftir að við fórum að vinna saman endurnýjaðist ástríða mín fyrir ljósmyndun.Við höfum stóra drauma með að gera hluti saman í framtíðinni."

SKRÁNING HAFIN Í MÚSÍKTILRAUNIR

SÝRLAND STÆKKAR

FJÖLBREYTNI LYKILL AÐ VELGENGNI ÓLAFUR ÓSKAR AXELSSON HUG-LEIÐIR HLUTVERK TÓNLISTARHÚSSINS HÖRPU

JÓN SIGURJÓNSSON FÉKK NET-DELLU FYRIR 20 ÁRUM OG HEFUR FYLGST MEÐ ÞRÓUNINNI

GÓÐUR ÁRANGUR Á MIDEM

HLJÓMGRUNNUR
FYLGSTU MEÐ ÍSLENSKRI TÓNLIST
19. FEB. 2010

TILNEFNINGAR TIL ÍSLENSKU TÓNLISTAR-VERÐLAUNANNA

VERÐLAUNIN VERÐA AFHENT Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI Í BEINNI ÚTSENDINGU OG OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2 LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 13. MARS.

SJÁ SÍÐU 2

LJÓS Í MYRKRINU

LEIÐARI

Músíkin er göfugur kokkteill efnislegra og óefnislegra íblendiefna. Neytendur mismunandi tegunda eiga það eitt sameiginlegt að sækjast eftir sem mestum áhrifum. Eins og Hljómgrunnur hefur bent á, eru mismunandi framreiðsluaðferðir í músíklífinu mikilvægar til að skapa þá fjölbreytni sem einkennir tónlistarlífið okkar.

Hljómgrunnur leitar dyrum og dyngjum að sem flestum skoðunum á því hvernig best er að hrista saman þann fjölbreytta hóp sem vinnur að tónlist á Íslandi. Aldrei áður hefur verið eins nauðsynlegt að sameina slagkraftinn og finna taktinn.

Allir útgefendur tónlistar standa frammi fyrir því að ólögleg dreifing tónlistar á Netinu hefur umtalsverð áhrif á afkomuna. Þó að neytendur virðist enn sem komið er frekar hika við að hlaða ólöglega niður tónlist innlendra listamanna en erlendra, breytir það ekki þeirri staðreynd að sala á tónlist hefur dregist saman um tugi prósenta á síðustu tíu árum.

Menn tala um vaxtaverki í þessu sambandi, að hér sé um að ræða tímabundið ástand á meðan markaðurinn og listamennirnir sjálfir aðlagi sig breyttum tímum.

Jón Hrólfur Sigurjónsson, stofnandi musik.is, bendir á í sinni grein um netnotkun að breyttir tímar eru viðvarandi ástand. Þróunin hægir ekki á sér og birtingarmyndir tónlistarinnar halda áfram að breytast, eins og umfjöllunin um hana í fjölmiðlum. Jón Hrólfur spyr hvort útgáfa á Hljómgrunni í prentuðu formi sé í takt við tímann. Þessar vangaveltur eiga einmitt erindi hér og nú enda hefur Hljómgrunnur að markmiði að vekja athygli á og sameina upplýsingaveitur um tónlist á Íslandi svo að úr verði aðgengilegur grunnur sem hljómi vel og lengi til góðs fyrir alla tónlist í landinu. Annars staðar í blaðinu er gerð grein fyrir fyrstu skrefunum í net- og farsímavæðingu viðburðadagatala tónlistarinnar.

Ríkisútvarpið og málefni þess hafa verið í fréttum undanfarið og í Hljómgrunni að þessu sinni eru hugleiðingar um gjaldþrot stefnu (eða stefnuleysi) sem hefur ráðið ríkjum í stjórn þess undanfarin ár. Menningarlegum yfirburðum ríkisútvarpsins hefur verið fórnað á altari markaðsvæðingar. Sú loftbóla sem varð til með ohf-væðingu RÚV er sprungin.

Af þessum lestri mætti ætla að ekki stæði steinn yfir steini í tónlistarlífinu. En það er öðru nær. Sá sprengikraftur sem einkennir íslenska tónlist heldur áfram að lýsa upp hljóðhimininn með músíkölskum eldglæringum eins og ekkert hafi í skorist. Á meðan aðstandendur tónlistarinnar ná vopnum sínum aftur í baráttunni fyrir viðgangi listarinnar heima og erlendis hljómar músíkin áfram og maður getur vonað að tímabundnar aðstæður færi okkur nær kjarnanum.

Páll Magnússon, útvarpsstjóri og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf.

Nýlega yfirstaðnir Myrkir músíkdagar eru gott dæmi um stórhug tónlistarmanna, en þessi þrjátíu ára tónlistarhátíð gefur, þrátt fyrir nafnið, tilefni til bjartsýni fyrir hönd nýsaminnar tónlistar en þessir myrku dagar munu varpa aukinni músíkalskri birtu hér heima og erlendis á komandi árum. Samstarf við Huddersfield-hátíðina á Englandi, hátíðir og útvarpsstöðvar í Danmörku, Belgíu og víðar eru í hendi og stefnt er á að byggja rólega til framtíðar, enda gerast góðir hlutir hægt.

Jazzhátíð hefur líka svarað kreppunni með því að fimmfalda ágústhátíð sína og bauð að auki uppá Vetrarjazzdaga 11.-15. febrúar, í samvinnu við Norræna Húsið og Jazzklúbbinn Múlann. Hugmyndin er sú að byggja upp árlega Vetrarjazzdaga með sterkum norrænum blæ, en erlendir gestir komu hingað í samstarfi við Nordjazz.

Jazzhátíð hefur svarað kreppunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í öllu starfi sem lýtur að útbreiðslu íslenskrar tónlistar erlendis er aðkoma Útóns lykilatriði enda er nú sem aldrei fyrr ástæða til að sameina kraftana í skynsamlegri útrás tónlistarinnar. Anna Hildur Hildibrandsdóttir segir frá því hér í blaðinu hvaða hlutverki tónlistarráðstefnur gegna í þessari baráttu.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri Úton.

Besta dæmið um birtuna í tónlistinni eru þau um það bil 160 hljóðrit sem send voru inn til þátttöku í Íslensku tónlistarverðlaununum. Samtónn hefur létt undir með listamönnum með því að fella niður þátttökugjöld í þeirri von að sem flestir taki þátt. Aldrei hafa fleiri sent inn verk sín og gert er ráð fyrir að um 95% útgefinna hljóðrita séu í pottinum. Benda má listamönnum á að skráningarsíða tónlistarverðlaunanna er á iston.is. Hún er nú opin allt árið og því skynsamlegast að skrá plötuna sína um leið og hún kemur út. Við birtum tilnefningar til ÍTV í Hljómgrunni að þessu sinni, en í tilefni af því ætla útgefendur og plötusalar að vera með sértilboð á sigurverkum síðustu ára. Afhending íslensku tónlistarverðlaunanna fer fram í Íslensku óperunni 13. mars nk. í opinni dagskrá Stöðvar 2.

Pétur Grétarsson.

Tilnefningar til tónlistarverðlaunanna 2010

● Aldrei hefur jafn mikið efni verið lagt fram til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Sjö manna dómnefnd tónllistarsérfræðinga hefur komist að niðurstöðu um tilnefningar. Úrslitin verða kunngjörð 13. mars.

Jón Þór Birgisson og Alex Somers

Umslög

ADHD - ADHD, **Ísak Whinter** hannaði.
IV - Hjálmar, **Davíð Örn Halldórsson** hannaði.
Riceboy Sleeps - Jónsi og Alex, **Jón Þór Birgisson** og **Alex Somers** hönnuðu.
Einn heima ep - Prins Póló, **Svavar Pétur Eysteinsson** hannaði.
Swordplay and guitarslay - Retrön, **Arnar Ingi Viðarsson**, **Kári Halldórsson** og **Kolbeinn Hugi Höskuldsson** hönnuðu.
Stop! Handgrenade in the name of crib death ´nderstand -Sudden Weather Change, **Oddur Guðmundsson**, **Logi Höskuldsson**, **Benjamin Mark Stacey**, **Klængur Gunnarsson**, **Bergur Andersen**, **Dagur Sævarsson** og **Hörður Sveinsson** hönnuðu.
Sturlunga - Voces Thules, **Brynja Baldursdóttir** hannaði.

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir

Rödd ársins

Ágúst Ólafsson
Haukur Heiðar Hauksson
Jóhann G. Jóhannsson
Jóhanna Guðrún Jónsdóttir
Sigríður Thorlacius
Sigurlaug Gísladóttir (Mr. Silla)
Þóra Einarsdóttir

Hjaltalín

Tónlistarflytjandi ársins

Davíð Þór Jónsson - fyrir fjölþreifni til hljóðfæra og eiginleikann að virðast geta komið fram á mörgum stöðum í einu.
Ghostigital - fyrir tónleika á Iceland Airwaves.
Hjaltalín - fyrir tónleika á Listahátíð í Rvík og í Fríkirkjunni á Iceland Airwaves.
Retro Belfast (Retro Stefson og FM Belfast) - fyrir frumlega samræmingu og samruna á tónleikum.
Sinfóníuhljómsveit Íslands - fyrir eftirminnilega tónleika með Gennady Rozhdestvensky á Listahátíð og Daníel Bjarnasyni og Víkingi Heiðari á Myrkum Músíkdögum.
Vikingur Heiðar Ólafsson - fyrir margvíslegt tónleikahald á árinu.

Daníel Bjarnason

Tónverk ársins

Bow to string - höfundur: Daníel Bjarnason.
Cecilia - höfundur: Áskel Másson.
Processions - höfundur: Daníel Bjarnason.
Bæn - höfundur: Gunnar Þórðarson.

Dikta

Poppplata ársins

Amanita Muscaria - Lights on the Highway, útgefandi: Lights on the highway.
Don't be a stranger - Feldberg, útgefandi: Cod Music.
Dry land - Bloodgroup, útgefandi Record Records.
Easy music for difficult people - Kimono, útgefandi: Kimi.
Get it together - Dikta, Útgefandi: Kölski.
Sing along to songs you don't know - Múm, útgefandi: Borgin.
Terminal - Hjaltalín, útgefandi: Borgin.
IV - Hjálmar , útgefandi: Borgin.

Ben Frost

Sígild / samtímatónlist - Plata ársins

By the throat - Ben Frost, útgefandi: Bedroom Community
Debut - Víkingur Heiðar Ólafsson, útgefandi: Hands On Music.
Guiliani, Sor, Aguado, Carcassi - Kristinn Árnason, útgefandi: 12 tónar.
Haydn píanókonsertar - Edda Erlendsdóttir píanóleikari og Sinfóníuhljómsveit Íslands, útgefandi: Erma.
Processions - Daníel Bjarnason, útgefandi: Bedroom Community.
Without sinking - Hildur Guðnadóttir, útgefandi: Touch.

Pascal Pinon

Bjartasta vonin

Pascal Pinon
Sudden Weather Change
Sykur
Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari
Þorvaldur Þór Þorvaldsson trommuleikari

Einar Tönsberg og Rósa Birgitta Ísfeld

Lag ársins

Crazy like a bee- lag og texti: Egill Sæbjörnsson, flytjandi: Egill S.
Digging up a tree- lag og texti: Helgi Hrafn Jónsson. Flytjandi: Helgi Hrafn Jónsson.
Dreamin' - lag og texti: Rósa Birgitta Ísfeld og Einar Tönsberg, flytjendur: Feldberg.
Suitcase man - Lag: Hjaltalín, texti: Örvar Þóreyjarson Smárason, flytjendur: Hjaltalín.
This heart - lag og texti: Bloodgroup, flytjandi: Bloodgroup.
Taktu þessa trommu - lag og texti: Þorsteinn Einarsson, flytjendur: Hjálmar.

ADHD

Jazzplata ársins

ADHD - ADHD, útgefandi ADHD.
Jæja - Hafdís Bjarnadóttir, útgefandi: Hafdís Bjarnadóttir.
Mæri - Árni Heiðar Karlsson, útgefandi: Dimma.
Spirit of Iceland - Stórsveit Reykjavikur með Bob Mintzer, útgefandi: Stórsveit Reykjavíkur.

Hafdís Bjarnadóttir

Höfundur ársins

Daníel Bjarnason - fyrir tónverkin á plötunni Processions.
Einar Tönsberg - fyrir tónverkin á plötunum Antidode með Eberg og Don't be a stranger með Feldberg.
Hafdís Bjarnadóttir - fyrir tónverkin á plötunni Jæja.
Hildur Guðnadóttir - fyrir tónverkin á plötunni Without sinking.
Hjaltalín - fyrir tónverkin á plötunni Terminal.
Örvar Þóreyjarson Smárason og **Gunnar Örn Tynes** - fyrir tónverkin á plötunni Sing along to songs you don't know með múm.

SAMTONN SAMTÓN TÓNLISTARRÉTTHAFA

Hljómgrunnur *2. tölublað, febrúar 2010* ***Útgefandi:*** *Samtónn* ***Ritstjórn****: Pétur Grétarsson og Þorgeir Tryggvason* ***Ábyrgðarmaður:*** *Ásmundur Jónsson* ***Ljósmyndir:*** *Fréttablaðið*
Hljómgrunnur er umræðuvettvangur um íslenska tónlist og tónlistarlíf. Hugmyndir, efni og athugasemdir sendist á ***hljomgrunnur@gmail.com.***

Framleiðum stórar plötur í litlu upplagi!

Við framleiðum CD/DVD diska í stórum og minni upplögum. Mjög hentugt fyrir hverskyns hljómsveitir og kóra. Hagkvæmara verð á minni upplögum en við höfum getað boðið áður. Hafðu samband og fáðu verð í þitt meistaraverk.

200 stk. Digipak
Digipak (stíft pappahulstur)
með 4 síðna bæklingi og geisladiski
704 kr. pr. stk.

200 stk. Jewelcase
Jewelcase (hefðbundið plasthylki)
með 4 síðna bæklingi og geisladiski
556 kr. pr. stk.

200 stk. - engar umbúðir
Geisladiskur - prentaður í lit
223 kr. pr. stk.

SÝRLAND
-ekki bara í hljóði

Vatnagörðum 4 | Sími: 563 2910 | info@syrland.is | www.syrland.is

● **EINFALDUR SMEKKUR** Það hefur vakið verðskuldaða athygli að fagstjóri fatahönnunarbrautar Listaháskólans gerði harðorða athugasemd við klæðaburð kynna á úrslitakvöldi Eurovisionforkeppninnar. Kynnarnir verja sinn ófaglega smekk en rektor stendur með sínum stjóra. Þessu ber að fagna. Við eigum þá væntanlega von á því að fagstjórar annarra listasviða fylgi fordæminu. Sendi leikhúsunum tóninn ef illa er skipað í hlutverk og skammi útvarpið ef leikin er tónlist einhverra óskólagenginna fúskara. Það er löngu tímabært að komið verði á samræmdu, miðlægu mati á því hvað er gott og hvað er lélegt í listum. Þá geta allir gert orð annars fagurkera á klæðasviðinu að sínum: Ég hef einfaldan smekk, ég vel aðeins það besta. Það sem Listaháskóli Íslands mælir með.

● **Á NETIÐ** Hljómgrunnur vinnur nú að vefútgáfu. Ýmsar leiðir eru færar í þeim efnum og meðal spurninga sem vakna er: Hvernig á að koma upplýsingum til notenda með sem skilvirkustum hætti? Á dögunum gerði Jazzhátíð Reykjavíkur tilraun með fyrirtækinu Ýmir Mobile. Tilraunin fólst í því að skrá tónleika Vetrarjazzdaga inn á gagnagrunn sem er síðan aðgengilegur með hjálp farsíma. Til að tengjast þarf að hlaða niður örlitlu forriti í símann og þá er maður kominn með dagskrána. Slóðin er get.mobileguide.is og eins og sést hefur þetta nýst bæði safnanótt og vetrarjazzi í Reykjavík. Nú er til dæmis verið að setja dagskrá Jazzklúbbsins Múlans í þennan grunn. Hljómgrunnur mun segja nánar frá stöðunni í þessum málum í næsta blaði sem fyrirhugað er í tengslum við afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna 13. mars næstkomandi.



Mikil vinna í gerð verðlaunagripanna

● Það liggja fleiri handtök að baki verðlaunagripum íslensku tónlistarverðlaunanna en að setja þau í hendurnar á sigurvegurunum.



Inga Elín Kristinsdóttir höfundur Ístónsins klippir til glerið. Glerbútarnir eru því næst hitaðir svo þeir verði að einni nótu.

Kynnið ykkur plötur ársins

samkvæmt tilnefningum til Íslensku tónlistarverðlaunanna

...í næstu verslun



FHF FÉLAG HLJÓMPLÖTU FRAMLEIÐENDA

Sveinn Kjartansson, yfirmaður tæknimála hjá Sýrlandi, og S. Björn Blöndal í hinu nýja hljóðveri í Vatnagörðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Hjaltalín ásamt kammersveit við upptökur á plötunni Terminal í Sýrlandi Vatnagörðum. Platan var tekin upp í Sýrlandi Vatnagörðum og Hafnarfirði (Hljóðrita).

Stúdíó Sýrland stækkar við sig

● Tekur í notkun stórt hljóðver í Vatnagörðum.

VIÐTAL

Stúdíó Sýrland er líklega þekktasta hljóðver landsins. Starfsemin er þó öllu víðtækari en margur heldur. Fyrirtækið er með hljóðver á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, eitt í Danmörku og svo fullkominn búnað til hljóðupptöku á vettvangi (mobile.) Þá er talsetning barnaefnis snar þáttur í rekstrinum. Einnig annast Sýrland framkvæmd á námi í hljóðtækni fyrir Tækniskólann, 60 eininga nám sem kennt er á þremur önnum. Námskeið í hljóðupptökum og talsetningu eru haldin reglulega. Í Sýrlandi er einnig hönnunar- og framleiðsludeild sem m.a. framleiðir CD- og DVD-diska.

Sveinn Kjartansson og Þórir Jóhannsson keyptu fyrirtækið árið 2007. Sveinn segir reksturinn hafa gengið prýðilega þennan tíma og sífellt sé verið að leita leiða til að bæta þjónustuna og auka framboðið.

Hljóðverin á Íslandi eru fjögur auk þriggja talsetningarhljóðvera. Sýrland í Skúlatúni skipar sérstakan sess í íslenskri tónlistarsögu. Það opnaði árið 1987 og þar hafa mörg helstu verk íslenskrar dægurtónlistar verið tekin upp. Sýrland í Hafnarfirði á sér merkilega sögu. Þar var fyrsta alvöruhljóðver á Íslandi, Hljóðriti, opnað árið 1975.

ÚTIBÚ Í DANMÖRKU

Á síðasta ári opnaði Sýrland útibú í Danmörku. Innréttað var fullkomið hljóðver á gömlu sveitasetri í grennd við Árósa. Tónlistarmenn geta komið og dvalið í ró og næði við upptökur eða æfingar. Allt að 20 manns geta dvalið í einu í tveimur íbúðum sem eru á staðnum, en Sýrland í Danmörku er það sem kallast „residential studio“.

STÆRSTA HLJÓÐVER Á ÍSLANDI

Nýjasta viðbótin er fullkomið hljóðver í Sýrlandi í Vatnagörðum, í sal sem áður hýsti myndver Saga Film. „Það er búið að breyta salnum þannig að hljóðvistin þar er orðin einkar þægileg,“ segir Sveinn. Þar er frábær aðstaða til að taka upp hljómsveitir af öllum stærðum og gerðum til dæmis allt frá litlum kammerhópum og upp í fullmannaða sinfóníuhljómsveit eða lítil djasskombó upp í stórsveitir. „Svo er þetta gráupplagt fyrir rokkhljómsveitir sem vilja hafa rúmt um sig.“ Verið er að leggja lokahönd á uppsetningu á stjórnherberginu (control room.) Keyptur var Cadac-hljóðblöndungur (mixer) og segir Sveinn að í honum séu einhverjir bestu hljóðnemaformagnarar sem völ er á að hans mati. Hann hentar mjög vel til upptöku á akústískum hljóðfærum. Við hönnun stjórnherbergisins var gert ráð fyrir að það hentaði vel fyrir vinnslu á tónlist og eins hljóðvinnslu á bíómyndum. „Þetta rennur saman hér. Við horfðum til þess að hér er tekið upp mikið af tónlist fyrir bíómyndir og við vildum því að í rýminu væri möguleiki á að hljóðvinna kvikmyndir jafnt og tónlist,“ segir Sveinn Kjartansson. Þá er í Vatnagörðum stór konsertflygill sem mikill fengur er að fyrir fjölmarga tónlistarmenn.



CAPUT SÝRLAND SESSION ENSEMBLE

Sýrland býður, í samstarfi við Caput-hópinn, upp á þjónustu við tónskáld um flutning og upptökur á tónlist þeirra. „Við höfum verið að þróa þetta samstarf í nokkurn tíma og á síðasta ári fullmótuðum við þessa hugmynd og hrintum í framkvæmd. Við köllum þessa einingu Caput-Sýrland Session Ensemble. Caput-hópurinn hefur á að skipa frábærum hljóðfæraleikurum og við teljum okkur vera með frábæra aðstöðu. Þessi þjónusta nýtist öllum þeim tónskáldum sem eru að leita eftir flutningi og upptökum á klassískum hljóðfærum. Þetta getur átt við um kvikmyndatónlist, dægurtónlist og fleira. Við höfum þegar unnið nokkur verkefni sem hafa komið mjög vel út,“ segir Sveinn og bætir við að þetta samstarf sé ekki síður hugsað fyrir erlend tónskáld og framleiðendur.

SIGURVEGARAR MÚSÍKTILRAUNA

1982 DRON
1983 Dúkkulísurnar
1984 Engin keppni haldin vegna verkfalls kennara
1985 Gypsy
1986 Greifarnir
1987 Stuðkompaníið
1988 Jójó
1989 Laglausir
1990 Nabblastrengir
1991 Infusoria
1992 Kolrassa krókríðandi
1993 Yukatan
1994 Maus
1995 Botnleðja
1996 Stjörnukisi
1997 Soðin fiðla
1998 Stæner
1999 Mínus
2000 XXX Rottweilerhundar
2001 Andlát
2002 Búdrýgindi
2003 Dáðadrengir
2004 Mammút
2005 Jakobínarína
2006 The Foreign Monkeys
2007 Shogun
2008 Agent Fresco
2009 Bróðir Svartúlfs

Skráning hafin í Músíktilraunir

● Hin árlega hljómsveitakeppni Músíktilraunir er að hefjast. Skráningar standa nú yfir og lýkur þeim 1. mars. Keppnina sjálfa er óþarft að kynna, enda hátt í þrjátíu ára samfelld saga að baki.

Músíktilraunir eru einhver frjósamasta gróðrarstía nýsköpunar og nýliðunar í Íslensku tónlistarlífi. Óteljandi eru þeir tónlistarmenn sem þar hafa fyrst stigið á svið fyrir alþjóð. Fyrir utan þær hljómsveitir sem sköpuðu sér nafn að afloknum sigri, allt frá Greifunum til Mínuss. Þegar horft er til baka yfir þátttakendalistana er gaman að sjá hvernig tónlistarstefnur og stílar hafa átt sín blómaskeið en síðan horfið aftur. Stuðpopptímabilið í upphafi, stutt en snörp dauðarokksbylgjan um 1990 og svo rappið um aldamótin, sem reyndar átti endurkomu í sigurvegara síðustu keppni, hjá Skagfirðingunum í Bróður Svartúlfs.

Það er líka ánægjulegt til þess að vita að fjölmiðlar hafa einatt sýnt keppninni verðskuldaða athygli, gjarnan kynnt keppendur fyrirfram og fjallað ítarlega um hvert undankeppniskvöld.

XXX Rottweilerhundar unnu Músíktilraunir 2000. Hljómsveitin Jakobínarína kom hins vegar, sá og sigraði á Músíktilraunum fimm árum síðar.

Skráningar fara nú fram rafrænt á vef keppninnar, www.musiktilraunir.is. Undankeppnir fara fram í Íslensku óperunni 15.-18. mars og sjálft úrslitakvöldið verður svo í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu laugardagskvöldið 27. mars. Þá bætist enn ein hljómsveitin í hina glæsilegu röð sigurvegara, sú tuttugasta og áttunda.

Góður árangur á MIDEM

● Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri ÚTON, segir Íslendingum hafa verið vel tekið á MIDEM.

PISTILL

Tíu manns nýttu sér aðstöðuna á MIDEM-básnum sem ÚTÓN stóð fyrir, þar af voru fulltrúar frá fimm fyrirtækjum. Sú nýbreytni var á MIDEM núna að vörusýningin og Midem voru sameinuð. Þessi ákvörðun var tekin með það í huga að mæta nýjum tímum í tónlistarviðskiptum þar sem stafræn viðskiptamódel skipa sífellt stærri sess.

Aukin bjartsýni ríkir og var meðal annars bent á að tekjur af sölu í gegnum stafræna miðla hefðu aukist um 12 prósent. Svíþjóð og streymi var sérstaklega nefnt en Spotify hefur fengið vind í seglinn. Talað var um að stafræn sala og tekjur af streymi hefðu aukist 10,2 prósent í Svíþjóð á síðasta ári. Þrátt fyrir að heildarvelta hafi minnkað á undanförnum árum gefur þróun stafrænna viðskiptamódela og vöxtur fyrirtækja í þeim geira ástæðu til ákveðinnar bjartsýni.

Að sögn Önnu var góður rómur gerður að tónleikum Hafdísar Huldar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BREYTINGAR KALLA Á NÝJA NÁLGUN

Um 7.000 manns alls staðar að úr heiminum sækja Midem sem er mikil fækkun frá því sem var fyrir átta árum. Hins vegar er það mál manna að Midem eigi áfram eftir að skipa mikilvægan sess í tónlistarviðskiptum. Ýmsar breytingar hafa átt sér stað sem auðvelda fólki tengslamyndun og aðgang að þeim nýju fyrirtækjum sem eru að koma á markaðinn. Meðal annars eru fimmtán nýsköpunarfyrirtæki kynnt sérstaklega sem hafa þróað stafræna þjónustu. Lögð var áhersla á að framtíðin bæri í skauti sér fjölþættar lausnir þar sem hvorki streymi né greitt niðurhal yrðu einu kostirnir heldur þyrftu þeir sem vilja selja og dreifa tónlist að venjast því að nýta margar ólíkar leiðir og snið.

HAFDÍS HULD VEKUR ATHYGLI

Midem hefur einnig aukið áherslu á lifandi flutning. Ráðstefnan var áður hefðbundin framsalsráðstefna þar sem menn versluðu með upptöku- og útgáfurétt. Á sama tíma og sá geiri hefur dregist saman hefur orðið veruleg tekjuaukning í lifandi flutningi. Samstarfsaðilar Midem um tónleikahald eru Sonicbids og völdu þeir meðal annars Hafdísi Huld til að koma fram á einu af kvöldunum sem þeir stóðu fyrir. Midem hefur staðið fyrir slíkum kvöldum sl. þrjú ár og greinilegt er að þau hafa þróast á jákvæðan hátt. Hins vegar er enn ekki ljóst hvort Midem verður fýsilegur staður fyrir tónleikabókara og hátíðir að koma saman. Þar keppir ráðstefnan bæði við Eurosonic sem fram fer í Hollandi í byrjun janúar og ILMC sem fram fer í London í mars. Báðar ráðstefnurnar eru rótgrónar og vel heppnaðar og gæti verið erfitt fyrir þá sem starfa í tónleikahaldi að sjá sér hag í að bæta við nýrri ráðstefnu eða markaði í þessum efnum.

Tónleikar Hafdísar Huldar tókust hins vegar mjög vel. Hún hafði fyrr um daginn komið fram á íslenska básnum í sýningarhöllinni þar sem góður rómur var gerður að tónlist hennar.

Kerry Harvey-Piper, sem er breskur umboðsmaður Hafdísar, var með í för og sagðist hafa átt fjölda jákvæðra funda um dreifingar- og framsalssamninga. Fulltrúar þeirra fyrirtækja sem sýndu Hafdísi Huld áhuga töldu það mikinn kost að geta séð listamanninn á tónleikum samhliða kynningarfundum sem staðið var fyrir. Kerry segir eftirfylgni eftir fundina ganga vel og sameiginleg kynning sem ÚTÓN stóð fyrir á básnum hafi verið góður stuðningur við verkefni þeirra. Í sama streng tóku fulltrúar Gogoyoko, Kima Records og Smekkleysu sem sögðust allir hafa getað nýtt sér aðstöðuna vel og náð árangri á þeim fundum sem þeir áttu.

● **RAFRÆN TÓNLISTARVERÐLAUN** Íslensku tónlistarverðlaunin hafa tekið upp samstarf við tónlistarvefinn tónlist.is <http://xn--tnlist-bxa.is> sem er ætlað að auðvelda öllum sem gefa út tónlist að leggja fram efni og þeim, sem fjalla síðan um innsent efni, að gaumgæfa það. Skráning efnis fyrir Íslensku tónlistarverðlaunin fer nú fram í gegnum tónlist.is <http://xn--tnlist-bxa.is> og þangað fara þeir sem vilja taka þátt, skrá verk sín og senda í framhaldinu diska til Tónlistarverðlaunanna á skrifstofu FÍH. Skráningin stendur yfir allt árið og það er von aðstandenda verðlaunanna að þannig verði það sjálfsagður hluti af útgáfu diska og annarra hljóðrita að koma þeim á framfæri við verðlaunin. Nú þegar hefur umtalsverð aukning orðið á því sem lagt er fram til verðlaunanna. Þegar þetta fyrirkomulag nær fótfestu er það von aðstandenda að allt útgefið efni verði lagt fram.

TÓNLISTAR SKÓLI FÍH

Inntökupróf nýnema fara fram 14.-19. Maí 2010

Núverandi nemendur staðfesti áframhaldandi skólavist fyrir 26. mars.

Nýjar umsóknir berist fyrir 16. apríl.

RAUÐAGERÐI
27 - 108 R
5888956
http://www.fih.is/sk/

Miðlunin og músíkin

● Jón Hrólfur Sigurjónsson fékk netdellu fyrir 20 árum og hefur fylgst með þeirri þróun sem hefur átt sér stað síðan þá.

PISTILL

Maður skrifar Tónlist á Íslandi í leitargluggann og sigurvegarinn er.....: musik.is - allir íslenskir vefir sem tengjast tónlist.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sá möguleiki sem tæknin býður til að miðla tónlist fram hjá hefðbundnum útgefendum og rétthöfum hefur haft mikil áhrif, sérstaklega á ungt fólk að mati Jóns.

Ekki verður annað sagt en þessi fyrsta gátt sé ágætt fyrsta stefnumót íslenskrar tónlistar og ónefnds netverja. Stútfull af upplýsingum á íslensku og ensku og vel til þess fallin að gera þessi fyrstu kynni að einhverju meiru en skyndikynnum. En hvernig upplifa þeir, sem standa að þessari stefnumótaþjónustu áheyrenda og íslenskrar tónlistar, Netið og þróun þess?

Jón Hrólfur Sigurjónsson fékk net-delluna fyrir tuttugu árum og hefur fylgst með þróuninni:

Það sem tendraði mann í upphafi voru þeir ótrúlegu möguleikar til samskipta og miðlunar sem netið og upplýsingatæknin opnaði. Tilfinningin var sú að netið og upplýsingatæknin væru svarið; verkefnið fólst í að finna eða formúlera spurningar við hæfi. Maður reyndi að sannfæra tónlistarfólk og -kennara, fá fólk til að taka þátt. Þessu fylgdi svolítil frumkvöðlatilfinning.

Tónlistarmenn eyða oft umtalsverðum fjármunum og fyrirhöfn í að koma sér á framfæri, miðla upplýsingum og vera í samskiptum. Sama á við um skóla og stofnanir. Það er ekki fyrr en á síðustu árum að maður sér örla á meðvitund um hvernig netið má nýta í þessum tilgangi.

Sá möguleiki sem tæknin býður til að miðla tónlist fram hjá hefðbundnum útgefendum og rétthöfum hefur haft mikil áhrif, sérstaklega á ungt fólk. Bransinn var (og er) þunglamalegur og svifaseinn í þessum nýja heimi. Kynslóðir hafa nú vaxið úr grasi sem sjá ekkert athugavert við að sækja sér tónlist, kvikmyndir eða önnur hugverk án þess að greiða eigendum eða rétthöfum fyrir. Nú er líka umtalsverður hluti tónlistar seldur yfir Netið – hefðbundnar plötuverslanir eru hverfandi. Að tónlist yrði að megninu til seld í óefnislegu formi, án þess að fólk hefði neitt í höndunum (plötuumslag, bækling) þótti mörgum órar fyrir fáum árum.

Þróunin er sem sé ekkert að hægja á sér. Þvert á móti, hraðinn eykst, svo mjög að gamlir dellukarlar eiga fullt í fangi með að fylgjast með. Tónlistarmenn, sérstaklega þeir yngri, eiga sér nú svæði á Facebook, MySpace eða bloggi. Stofnanir eins og Sinfónían og Óperan eru að gera ágæta hluti þótt betur megi gera í gagnvirkni og samskiptum við áheyrendur.

Ríkisútvarpið hefur skyldur við menninguna umfram aðra miðla. Þar hefði skráning og miðlun þeirra þjóðargersema sem felast í segulbandasafni stofnunarinnar átt að hafa forgang, svo dæmi sé nefnt. Og af hverju er ekki blogg á RÚV-vefnum? Annað dæmi: Podcast og Rondó-rás komust í loftið hjá RÚV fyrir baráttu áhugasams starfsmanns en ekki fyrir markaða stefnu stofnunarinnar – stór undarlegt.

Loks þetta. Á þessum tímum þegar amma og afi eru komin á FaceBook og lestur blaða og tímarita fer hratt minnkandi, sérstaklega meðal ungs fólks, þá vilja tónlistarmenn hefja blaðaútgáfu!? Einu sinni í mánuði? Af hverju ekki vefrit, fyrst til eru aurar? Vefrit mæti t.d. hugsa með einhverjum hætti þannig að seinna, ef til vill á þessu ári, á næsta ári, eða því þarnæsta, mætti færa útgáfuna yfir í eitthvert það snið sem sækja má í símann, iPad, eða hliðstæðar græjur sem menn vonast einna helst til að geti bjargað dauðadæmdum prentmiðlum.

Gjaldþrota hugmyndafræði

● Sparnaðarleiðir gjaldþrota hugmyndafræði um markaðsvæðingu Ríkisútvarpsins.

PISTILL

Útvarpsstjóri útlistaði á dögunum nokkrar af fyrirhuguðum sparnaðarleiðum Ríkisútvarpsins. Þar kynnti hann þá ákvörðun að hætta að senda út frá verðlaunaathöfnum tón- og sviðslistarfólks. Þessar úrlausnir útvarpsstjóra komu í kjölfar tilkynninga hans um uppsagnir starfsmanna og mætti því ætla að hér stæði til að spara umtalsverðar fjárhæðir. Þeim, sem vita hvernig útsendingar frá athöfnum sem þessum eru fjármagnaðar í raun, hlýtur að bregða verulega í brún ef þetta er það sem skiptir máli í rekstri stofnunarinnar. Málið er einfalt. Íslensku tónlistarverðlaunin kosta viðburð sinn sjálf. Sjónvarpið hefur verðlagt sinn hluta (þ.e.a.s að koma á staðinn og sjónvarpa án greiðslu til listamanna) á um þrjár milljónir króna. Stofnunin hefur þegið í meðlag eina og hálfa milljón frá samtökum tónlistarmanna. Eftir stendur ein og hálf milljón. Sjónvarpið hefur talið nánast óyfirstíganlegan hjalla að afla þessara tekna í gegnum auglýsingar. Spyrja má hvort ein og hálf milljón sé ekki ásættanlegt framlag ríkisstofnunar til að setja á dagskrá atburð þar sem bestu tónlistarmenn þjóðarinnar koma fram og þiggja virðingarvott fyrir framlag sitt til menningarinnar í landinu. Þarf virkilega að tengja það auglýsingum? Og ef svo er, hversu illa mönnuð er sú markaðsdeild sem ekki getur hysjað upp um sig eina og hálfa milljón króna í tengslum við atburð með 50% áhorf. Nú svara þeir því til að þetta sé nú uppsafnað áhorf, sem þýðir að fólk horfir ekki allan tímann heldur á hluta dagskrárinnar. Samt er þetta sama mæling og þeir nota til að slá sér upp á í eigin auglýsingum.

Stærsti og vitlausasti naglinn var rekinn í RÚV með ohf-væðingunni. Sú aðgerð skilaði engu nema ofurlaunuðum stjórnendum sem í lítillæti sínu hafa nú látið eftir jeppann sem fylgir djobbinu. Til hvers þarf útvarpsstjóri eða nokkur einasti útvarpsstarfsmaður bíl til að sinna starfi sínu? Ekki er hann að keyra út útvarpsdagskrána. Nú er svo komið að framlag útvarpsins til tónlistarhátíða sem leita samstarfs við útvarpið er allt í formi auglýsinga. Engir peningar fara til listamanna fyrir þeirra vinnu. Gott og vel, það eru líka verðmæti að geta auglýst viðburði sína, en er þá ekki rétt að opna þetta alveg og verðleggja einfaldlega útsendingartímann og selja hann á markaði?

Sú staðreynd að samvinna milli útvarps og sjónvarps er nánast ekki fyrir hendi utan fréttastofu er annað algerlega óskiljanlegt mál. Á útvarpinu er öflug tónlistardeild (enda langmest af útsendu efni tónlist) en ekki virðist hvarfla að dagskrárstjórum að leita þangað vegna dagskrárgerðar um tónlist í sjónvarpi. Í þau fáu skipti sem staðið er að slíku er annaðhvort leitað út fyrir húsið eða kvikmyndagerðarmenn og aðrir þáttastjórnendur (t.d. úr Kastljósi) gera slíkar dagskrár. Staðreyndin er sú að sjónvarpsmiðillinn, rétt eins og t.d. Internetið, er orðinn mun léttari í vöfum en hann var fyrir nokkrum árum. Fjölmargt kunnáttufólk er að finna sem getur sett saman metnaðarfulla dagskrá um tónlist og menningarefni ef vettvangurinn er opnaður til þess. Hvernig væri nú að sameina hóp slíks kunnáttufólks innan Ríkisútvarpsins (ef ekki er búið að reka það allt) og slá í bikkjuna áður en hún drepst úr leiðindum á miðju Markúsartorginu.

Tónlistarmenn létu eftir réttindi sín til greiðslna fyrir endurtekningar á efni úr safni RÚV gegn því loforði að dagskrárgerð um tónlist í sjónvarpi yrði aukin. Hvað á að svíkja það loforð lengi?

Pétur Grétarsson

„Stærsti og vitlausasti naglinn var rekinn í RÚV með ohf-væðingunni. Sú aðgerð skilaði engu nema ofurlaunuðum stjórnendum sem í lítillæti sínu hafa nú látið eftir jeppann sem fylgir djobbinu," segir Pétur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjölbreytni lykillinn að velgengni

● Ólafur Óskar Axelsson, arkitekt og tónskáld, hugleiðir framtíðarhlutverk tónlistarhússins Hörpu.

PISTILL

Fimm manna fjölskylda óskar eftir húsnæði til kaups eða leigu á svæði 200 eða 201 í Kópavogi. gsm. 8580156

Sumarbústaðir

Skorradalur
Vanfundin staðsetning. Flottur bústaður m. glæsilegum pöllum og nuddpotti. Ásett v. 26,8 millj. Möguleiki á fl. myndum. Uppl. s. 864 8338 og dam@mi.is.

Atvinnuhúsnæði

Snyrtilegt iðnaðarhúsnæði, 320 fm, til leigu eða sölu á Smiðjuvegi. Skipti á íbúð koma til greina. Uppl. í síma 896 0551.

TIL LEIGU 70m2 NÝL. IÐNAÐARBIL Í GARÐABÆ 3M HURÐ WC GOTT AÐGENGI V. 85ÞÚS. S. 892 7858.

Til leigu góð og björt efri hæð í iðnaðarhúsnæði við Bíldshöfða. sími 699-5112.

Óska eftir lítilli og ódýrri íbúð í Hafnarfirði. Er reglusamur og með meðmæli. Baldur, s. 661 3232

Hálsar, um 1.900 fm iðnaðarhúsnæði.
Hægt að skipta niður í minni einingar, frá um 170 fm. Erum með önnur laus iðnaðarhúsnæði t.d. 3.500 fm, og 6.500 fm. Uppl. um þessi og önnur atvinnuhúsnæði af öllum tegundum til sölu eða leigu Atvinnueignir s.534-1020.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði

Veitingahús Nings - Framtíðarstarf
Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 30 ára eða eldri, hafa hreint sakavottorð og íslenskumælandi.
Endilega hafið samband í síma 822 8840 eða www.nings.is

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

Kornið
Afgreiðslukonu vantar í KorniðÖgurhvarfi. Vinnutími 13-18 mán - föstud. Íslennskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á nonni@kornid.is

Vantar fyrir apríl, 20 fallegar stelpur yfir 18, fyrir virðulegan klúbb í London, Uk. Við að þjóna drykki á bar og til borða 2000kr. tímakaup eftir skatt. Húsnæði er útvegað. Upplýsingar : finestnightclublondon@googlemail.com

Einkamál

Símadömur 908 1616
Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!

Halla er ný.
Opið þegar þér hentar
908 1616.

Hér er á ferð gríðarlega merkileg upptaka ungrar konu sem á svölunum sínum (í febrúar!) með kaldan svaladrykk í hendi, og leikur sér. Þú heyrir þessa nýju upptöku (og um 500 aðrar) hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8801.

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Heitur karlmaður (kona í líkama karlmanns) vill kynnast karlmanni í skemmtilega leiki. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000m (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8372.

Strákar spjallið við dömuna
S. 908 1010 alla daga

Karlmaður 67 ára óskar eftir eftir kynnum við konu sem félaga og vin, mörg áhugamál. S: 692-0739

25 ára falleg kona (þó venjuleg útlits) vill kynnast karlmanni með skemmtun í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000m (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8401.

48 ára frekar þéttur karlmaður vill kynnast karlmanni og prufa eitthvað nýtt. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000m (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8378.

Kona á besta aldri vill kynnast ógiftum manni, 55-65 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000m (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8372.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Guðspekifélagið

Í kvöld, föstudaginn 19. febrúar kl. 20:30 les Þorvarður Helgason frumsamda smásögu sem hann nefnir: Verkfallið, í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
Laugardaginn 20. febrúar kl. 14:00 er fuglaleiðing, **kl. 14:30**: Farið yfir fræðsluefni Sigvalda. **Kl. 15:00:** Opið hús og **Kl. 15:30:** flytur Elín E.Steinþórsdóttir stiklur úr bókinni "Takmarkalaus heildun" eftir tíbeska kennarann og rithöfundinn, Tulku Thondup.
Á fimmtudögum kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.

www.gudspekifelagid.is

Dansleikir

Cafe Catalina

Í kvöld spilar Hermann Ingi

Kíkjið á www.catalina.is

Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin

Boltinn í beinni!

Hádegismatur alla virka daga

Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166

Atvinna

THORVALDSEN
BISTRO - BAR - GRILL

Thorvaldsen bar auglýsir eftir **Yfirmatreiðslumanni** í fullt starf frá og með 1.mars. Mikil starfsreynsla og íslenskukunnátta skilyrði.

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 8660204. FRIÐRIK

Tilkynningar

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Aðalfundur SFR

verður haldinn að Grettisgötu 89, fimmtudaginn 25. mars kl. 17.

Dagskrá:
1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Lagabreytingar.
4. Stjórnarkjör kynnt.
5. Kosinn löggiltur endurskoðandi, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
6. Kosnir fimm menn í kjörstjórn og jafnmargir til vara.
7. Ákvörðun um iðgjald félagsmanna og skipting milli sjóða.
8. Kosið í stjórnir orlofssjóðs, vinnudeilusjóðs og starfsmenntunarsjóðs samkv. reglum þeirra.
9. Fjárhagsáætlun.
10. Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
11. Önnur mál.

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Deiliskipulag miðbæjar Akureyrar

- austurhluti, umhverfisskýrsla og tillaga að breytingum á mörkum þriggja gildandi deiliskipulagsáætlana í miðbænum

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar 2. febrúar 2010:

Tillögu um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar - austurhluta ásamt umhverfisskýrslu og tillögu að breytingum á mörkum þriggja gildandi deiliskipulagsáætlana í miðbænum.

Auglýst er að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar - austurhluta, skv. 1. mgr. 25. gr. og sbr. málsmeðferð 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og umhverfisskýrsla, skv. 1. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagssvæðið afmarkast að sunnan af Kaupvangsstræti, að norðan af Strandgötu, að vestan af Hafnarstræti og að austan af ströndinni og lóð Hofs. Sett er fram stefna um einkenni byggðar, landnotkun, samgöngur, tengsl við sjóinn og mótun gatna, göngu- leiðir og torgsvæði. Gert er ráð fyrir byggingum á bílastæðum milli Skipagötu og Glerárgötu, fjölgun íbúða og atvinnuhúsnæðis. Bílastæðum verður komið fyrir í bílakjöllurum. Tengsl miðbæjarins og Pollsins eru endurvakin með síki sem liggja mun þvert á helstu miðbæjargötur og myndað meðfram því almenningsrými sem liggur frá sjó og að Hafnarstræti.

Samhliða er auglýst, sbr. fyrrgreindar málsgreinar skipulags- og byggingarlaga, tillaga að breytingum á mörkum þriggja gildandi deiliskipulagsáætlana í miðbænum, sem eru:
- Torfunef - Strandgata, samþykkt 8. nóvember 2005.
- Miðbær Akureyrar. Deiliskipulag norðurhluta, samþykkt 17. september 1996.
- Akureyri, deiliskipulag miðbæjar, samþykkt 6. maí 1981.

Tillögurnar, uppdrættir ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu, liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 5. febrúar til 31. mars 2010, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér ofangreint og gert við það athugasemdir. Sömu gögn eru einnig birt á heimasíðunni: www.akureyri.is/midbaer

Frestur til að senda inn athugasemdir er lengdur frá áður birtri auglýsingu, til 31. mars 2010.

Athugasemdum við ofangreind skipulagsgögn og umhverfisskýrslu, má skila á tvennan hátt:
- Skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð
- Í tölvupósti á póstfangið annabraga@akureyri.is Nauðsynlegt er að nafn, kennitala og heimilisfang sendanda komi fram í tölvupóstinum til að athugasemdir verði teknar gildar.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

17. febrúar 2010
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar

Fatahönnun er fag sem krefst sérþekkingar

UMRÆÐAN
Linda Björg Árnadóttir skrifar um fatahönnun

LINDA BJÖRG ÁRNADÓTTIR

Það er skemmtilegt hvað það hefur valdið miklum usla að ég skuli hafa sent Evu Maríu á RÚV tölvuskeyti um að mér þættu ákveðnir kjólar í útsendingu RÚV vera ljótir.

Ég hef til dæmis eignast fullt af nýjum vinum á Facebook og ég fékk haturssímtal frá starfsmanni RÚV. Viðkomandi starfsmaður tjáði mér það að ekki mætti segja að tíska væri góð eða vond, öll tíska væri jafn há að gæðum, aðeins væri um persónulegan smekk hvers og eins að ræða.

Í þessu viðhorfi liggur einmitt sá vandi sem fatahönnuðir á Íslandi þurfa að glíma við. Samfélagið virðist ekki skilja að fatahönnun er fag og krefst sérþekkingar sem hefur ekkert að gera með persónulegan smekk.

Á Íslandi eru miklir fordómar gagnvart fatahönnun og fagið almennt álitið kerlingaföndur og hégómi. Þess vegna vil ég prófa að máta þessa hugmynd á annarri grein t.d. bókmenntum.

Gæti fólk fallist á þá hugmynd að engar bókmenntir eru betri en aðrar? Er Laxness og Séð og Heyrt jafngott ef það er aðeins persónulegur smekkur fólks sem dæmir? Ég held ekki. Það eru að miklu leyti til sömu þættir sem gera góðar bókmenntir góðar og góða fatahönnun góða, t.d. efnistök, tækni, innsæi, þekking á faginu, heilindi og einlægni.

Þessi starfsmaður RÚV sagði mér einnig að ég gæti ekki leyft mér að hafa sterkar skoðanir á fatahönnun þar sem ég sé í kennarastöðu og megi því ekki gagnrýna.

Fólk sem þekkir til faginu og þekkir þá skóla sem eru bestir vita að þetta virkar ekki svona. Þeir skólar sem skila bestu fatahönnuðum út í fagið, til dæmis Central Saint Martins, eru með stjórnendur sem eru frægir fyrir hárbeitta gagnrýni og jafnvel dónaskap.

Luise Wilson, sem er yfir MA-námi í St. Martins og hefur komið skólanum í fremstu röð, kom til Íslands í vor til þess að vera prófdómari á útskriftarverkefnum BA-nema í fatahönnun við LHÍ. Hún fékk nýlega orðu frá Bretadrottningu fyrir framlag sitt til breskrar fatahönnunar. Hún er þekkt fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum og við prófmatið notaði hún orð eins og „horror“, „ugly“ og í eitt skipti „vomit-inducing“. Hennar karakter er náskyldur öðrum Bretum eins og Simon Cowell og Gordon Ramsay sem hika ekki við að gagnrýna hart og eru jafnvel með dónaskap en málið er að við trúum þeim.

Það er komin tími til á Íslandi að fólk megi opna munninn og segja sína skoðun.

Tölvuskeytið sem ég sendi Evu Maríu (og ég hefði aldrei sent ef ég hefði ekki þekkt hana í 20 ár) var hins vegar aðallega gagnrýni á gæðastjórnun RÚV. Mér hefur ekki þótt RÚV standa undir menningarlegu hlutverki sínu síðastliðin ár.

Ef við ímyndum okkur að RÚV (þ.e. sjónvarp, útvarpið er margfalt betra) væri stærðfræðingur sem hefði það hlutverk að miðla landsmönnum stærðfræði, þá hafa dæmin sem lögð hafa verið fyrir landsmenn verið þau allra einföldustu eins og 1+1=2. Ef RÚV væri metnaðarfullur stærðfræðingur myndi hann leggja aðeins erfiðari dæmi fyrir landsmenn, jafnvel þótt það þýddi að þeir þyrftu að leggja meira á sig til að skilja það.

Varðandi fréttina í Fréttablaðinu, sem ég hef reyndar ekki séð vegna þess að ég er í útlöndum, þá er það misskilningur að ég hafi verið að setja út á hár og förðun umrætt kvöld. Ég var meira að tala um ljóshærðar þulur sem oft eru frekar skrýtnar á litinn og hafa farið fyrir brjóstið á mér. Og hvernig er það, hefur RÚV aldrei ráðið dökkhærða þulu?

Er útlitið ljóshærð og með vafasaman húðlit réttasta útlit íslenskra kvenna? Hvernig væri að ráða þulu sem er af erlendu bergi brotin? Ég vil nefnilega vandaðar og fjölbreyttar ímyndir fyrir börnin mín.

Höfundur er fatahönnuður og fagstjóri við Listaháskóla Íslands.

Birnir og staðreyndir

UMRÆÐAN
Birgir Guðjónsson skrifar um hvítabirni

Enn á ný leyfir fulltrúi Umhverfisráðuneytisins sér að koma fram með villandi upplýsingar til að réttlæta dráp á hvítabirni.Hann fullyrðir að það sé enginn stofnstærðarvandi. Jafnvel mætti skilja svo að þörf væri á grisjun. Fulltrúar ráðuneytisins hafa sennilega gengið fram hjá styttu úr ís af hvítabirni sem tákni vandans á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn.

BIRGIR GUÐJÓNSSON

Af nítján undirtegundum hvítabjarna eru átta í hnignun, þrjár stöðugar, ein að fjölga sér en ófullnægjandi upplýsingar varðandi sjö. Þetta er lakara en árið 2005. Að ástandið skuli ekki vera verra er vegna verndarstefnu Rússlands, Bandaríkjanna, Kanada, Danmerkur og Noregs, sem bundust samtökum 1973 um verndun þeirra. IUCN, heimssamtök um náttúruverndun, flokka hvítabirni enn sem „vulnerable“, þ.e. að ástand þeirra sé viðkvæmt. Bandaríkin flokka þá sem í útrýmingarhættu. Takmarkaðar sportveiðar eru aðeins leyfðar í Kanada. Veiðar frumbyggja annars staðar eru takmarkaðar. Kerfisbundið dráp hvítabjarna fer hvergi fram nema á Íslandi.

Fulltrúinn heldur því fram að dýrin séu stórhættuleg. Skilja mætti svo að þau komi hingað sérstaklega til að éta Íslendinga. Mesta nábýli hvítabjarna og manna er sennilega í bænum Churchill í Kanada og á Svalbarða. Ekki hefur mikið frést af fækkun mannfólks á þessum stöðum.

Fulltrúinn heldur því fram að kostnaður við björgun sé yfirgengilegur. Kostnaður við landgöngu hvítabjarnar verður alltaf nokkur við dráp, flutning, „vísindarannsóknir“, uppstoppun og geymslu. Þá er ekkert sparað og jafnvel flugfloti Landhelgisgæslunnar sem kostar 400-500 þúsund á klst. notaður óspart.

Dráp hvítabjarna hér á nokkurra ára fresti mun hins vegar ekki hafa mikil áhrif á stofninn né gera orðstír Íslands verri.

Höfundur er læknir.

NIKULÁS KÓPERNIKUS (1473-1543) FÆDDIST ÞENNAN DAG.

„Ég er ekki það heillaður af eigin skoðunum að ég lít-ilsvirði skoðanir annarra á þeim.“



Kópernikus var pólskur stjörnu-fræðingur sem fyrstur lagði fram nútímaútgáfu tilgátunnar um að jörðin snerist kringum sólina.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 19. FEBRÚAR 1930

Stóra bomba hefst

Þennan dag fyrir áttatíu árum hófst svokölluð Stóra bomba þegar Helgi Tómasson, yfirlæknir á Kleppi, heimsótti Jónas Jónsson frá Hriflu sem þá var dómsmálaráðherra en hann lá þá veikur heima hjá sér í Sambandshúsinu. Fljótlega fóru að ganga miklar sögur í Reykjavík sem og á landinu öllu um fund þeirra Helga.

Jónas skrifaði þá stóra grein í Tímanum, málgagni Framsóknar-flokksins, hinn 26. febrúar og var hún opið bréf til Helga. Fyrirsögn greinarinnar var einfaldlega Stóra bomban og af þessari fyrirsögn dregur málið nafn sitt. Í bréfinu lýsti Jónas undrun yfir því að Helgi dæmdi hann geðveikan án þess

að hafa rannsakað sig. Greinin átti stóran þátt í því að snúa almenningsálitinu upp á móti Helga Tómassyni og fylgismönnum hans.

Helgi svaraði honum í annarri grein í Morgunblaðinu. Eftirmál stóru bombunnar stóðu árum saman. Helga var hins vegar vikið úr starfi yfirlæknis á Kleppi 30. apríl. Að sögn Tímans fór Helgi með látum og er sagt að hann hafi boðið hverjum sjúklingi sem vildi að fara. Mörg önnur málaferli spruttu upp af stóru bombunni og vann t.a.m. Helgi Tómasson mál gegn ríkissjóði vegna ólögmætrar brottvikningar frá Kleppi. Heimild: Wikipedia

MERKISATBURÐIR

1600 Perúska eldfjallið Huaynaputina springur, svo úr verður mesta eldgos í sögu Suður-Ameríku.

1878 Thomas Edison fær einkaleyfi á grafófóninum (Phonograph).

1881 Kansas verður fyrsta ríki Bandaríkjanna til að banna sölu alkóhóls.

1959 Bretland veitir Kýpur sjálfstæði, sem gengur í gildi 16. ágúst 1960.

1964 Paul Simon skrifar lagið „The Sound of Silence“ sem hálfu ári síðar gerir þá Art Garfunkel fræga sem dúettinn Simon & Garfunkel.

1976 Ísland slítur stjórnmálasambandi við Bretland vegna deilunnar um fiskveiðilögsögu Íslands.

Gestum og gangandi verður boðið upp á kleinur í dag. MYND/REYKJANESBÆR

Reykjaneshöll fagnar tíu árum

Tíu ár eru liðin frá því Reykjaneshöllin, fyrsti yfirbyggði knattspyrnuvöllurinn á landinu, var tekin í notkun. Boðið verður til afmælishátíðar af því tilefni í dag.

Á þeim tíu árum sem höllin hefur verið nýtt hafa hátt í 800 þúsund iðkendur komið þar við. Meðal annars hafa eldri borgarar nýtt húsið á morgnana til göngu.

Reykjaneshöll markaði spor í knattspyrnusögu Íslands en eftir byggingu hennar spruttu upp fleiri slíkar hallir í sveitarfélögum víða um land.

Boðið er upp á kleinur milli klukkan 8 og 11 fyrir gesti og gangandi. Klukkan 17 leika Njarðvík og Reynir um þriðja sætið á afmælismóti Reykjaneshallar. Klukkan 19 verður móttaka með veitingum og ávörpum og afhendingum gjafa og klukkan 20 leika síðan Keflavík og Grindavík úrslitaleik afmælismótsins.

Æringi á afmæli

Sögubíllinn Æringi verður tveggja ára í næstu viku. Æringi var vígður við leikskólann Tjarnarborg þann 22. febrúar 2008. Síðan hefur hann ferðast á milli leikskóla og frístundaheimila og boðið börnum upp á sögustund. Æringi er fallega skreyttur að utan af myndlistarmanninum Brian Pilkington en sögukonan Sóla sér um lesturinn.

SÖGUBÍLLINN ÆRINGI Heldur upp á tveggja ára afmæli.

Forsaga þess að farið var af stað með sögubílinn var að Sigrún Jóna Kristjánsdóttir, starfsmaður Sólheimasafns, fór á ráðstefnu í Suður-Kóreu árið 2006. Þar hlýddi hún á fyrirlestur dansks kollega sem sagði frá nýbreytni í starfssemi bókasafns síns. Þar hafði starfsfólkið látið innrétta og skreyta gám til að börn gætu átt notalega stund með bókum. Gámurinn var færður á milli staða í sveitarfélaginu á traktor og kerru og hafður í nokkra daga á hverjum stað. Í kjölfarið var ráðist í að kaupa bíl. Hann er upphitaður og gengur allan ársins hring.

Afmælisveislan hjá Æringja stendur yfir vikuna 22.-28. febrúar. Hann mun ferðast um eins og venjulega en þó enn þá meira skreyttur. Sunnudaginn 28. febrúar verður hann við aðalsafn Borgarbókasafnsins milli klukkan 14 og 15. - ve

FORMAÐUR STEINSTEYPUFÉLAGSINS Einar Einarsson segir mikinn áhuga ríkja á steinsteypu enda sé steypan allt í kringum okkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

STEINSTEYPUFÉLAG ÍSLANDS: HELDUR ÁRLEGAN STEINSTEYPUDAG

Velja mannvirki góðærisins

„Þetta er alger steypa“ er vinsæll brandari meðal nokkur hundruð félagsmanna Steinsteypufélags Íslands. Þó mun ekki verða töluð eintóm steypa á árlegum steinsteypudegi sem haldinn er á Grand Hóteli Reykjavík í dag.

„Steypan er allt í kringum okkur og mun fleiri sem vinna í kringum hana en fólk gerir sér almennt grein fyrir,“ segir Einar Einarsson, formaður Steinsteypufélagsins. Félagið var stofnað árið 1971 og hefur það að markmiði að vinna að framgangi steinsteypu og sementsbundinna efna. „Síðan hefur félagið lifað góðu lífi en þó með hæðum og lægðum,“ segir Einar en með tímanum hefur félagið þróast út í að vera félag byggingariðnaðarins.

Þó ætla mætti að lægð væri í kringum Steinsteypufélagið nú vegna niðursveiflu í byggingariðnaðinum segir Einar svo ekki vera. „Mikið líf ríkir í félaginu og steinsteypudagurinn hefur verið mjög fjölmennur, hundrað manns mættu í fyrra og við búumst við svipuðum fjölda í ár,“ segir hann.

Á steinsteypudaginn verður fluttur fjöldi fyrirlestra um ýmis áhugaverð málefni. Margir þeirra tengjast byggingum góðærisins. Til dæmis verður fjallað um hljóðhönnun í Tónlistarhúsinu, hafnargerð í Landeyjahöfn og botnrás Ufsarstíflu Kárahnjúkavirkjunar. Einnig verður áhugaverður fyrirlestur um ofur-létt mannvirki. Einar telur þetta mjög áhugavert fyrir Íslendinga þar sem þessi leið opni nýja möguleika í arkitektúr og fyrir notkun á léttum efnum eins og vikri frá Íslandi. „Svo munum við velja hús góðærisins,“ segir Einar og á þar við Steinsteypuverðlaunin 2010 sem forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, mun afhenda í lok dags.

Staða byggingariðnaðarins verður einnig í brennidepli. „Við munum horfa í kristalskúluna og reyna að sjá hvað er fram undan,“ segir Einar en meðal annars mun Sverrir Bollason hjá VSÓ Ráðgjöf fjalla um helstu niðurstöður rannsóknar á byggingamarkaði. Þá verða umræður um stöðu byggingariðnaðarins sem meðal annars Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra, Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, Haukur Magnússon, framkvæmdastjóri tæknisviðs Íslenskra aðalverktaka, og Sverrir Kristinsson, fasteignasali á Eignamiðlun, munu daga þátt í.

Steinsteypudagurinn stendur yfir frá klukkan 9 til 17 í dag en nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni www.steinsteypufelag.is **solveig@frettabladid.is**

†

Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is

† Gísli Eirikur Helgason
Laugateigi 72, Reykjavík
† Gísli Eirikur Helgason
Trésmíðameistari

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Haraldur Eggertsson

Hábæ 42,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 12. febrúar. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 23. febrúar kl. 15.00.

Hildur Hermannsdóttir

Aðalbjörg Haraldsdóttir
Guðrún I. Haraldsdóttir
Svanhildur Haraldsdóttir
og barnabörn.

Þröstur Björgvinsson
Jón Pétursson
Ólafur Guðmundsson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Garðar Eðvaldsson

skipstjóri frá Eskifirði,

lést miðvikudaginn 17. febrúar sl. Jarðarförin auglýst síðar.

Dagmar J. Óskarsdóttir
Hólmfríður Garðarsdóttir
Olga Lísa Garðarsdóttir
Arna Garðarsdóttir
Garðar Eðvald Garðarsson
Óskar Garðarsson
og barnabörn.

Sigurkarl Stefánsson
Jónas Tryggvason
Svava Sveinbjörnsdóttir
Benný Sif Ísleifsdóttir

Nemi heldur úti tískubloggi

Stella Björt Gunnarsdóttir hefur komið á laggirnar nýju tískubloggi sem nefnist Starb Tískublogg. Tískublogg njóta aukinna vinsælda bæði hér á landi sem og erlendis.

„Ég ákvað að byrja að blogga af því að ég hef alltaf haft gríðarlegan áhuga á tísku og hef gaman af því að lesa svona tískublogg og mig langaði að prófa sjálf. Ég skrifa í raun um allt milli himins og jarðar á blogginu, kem með góðar ábendingar um hvar hægt sé að gera góð kaup, skrifa um einstaka hönnuði og svo set ég stundum inn mínar eigin myndir og stíliseringar því ég vil einnig reyna að koma mér á framfæri á því sviði," útskýrir Stella Björt, sem er á lokaönn á félagsfræðibraut í Borgarholtsskóla. Hún segist ávallt hafa haft mikinn áhuga á tísku og nefnir í því samhengi að þegar hún var barn vildi hún aðeins fá mjúka pakka að gjöf. Í september hyggst hún halda utan og er ferðinni heitið til Lundúna þar sem hún ætlar að stunda nám við London College of Fashion og læra stíliseringu.

Stella Björt skrifar allar færslur sínar á ensku og segir hún það ekki flækjast mikið fyrir sér. „Ég er meðlimur á vefsíðu sem kallast Chictopia.com sem er nokkurs konar samfélag tískuáhugamanna. Margt af því fólki heimsækir síðuna mína og þess vegna ákvað ég að skrifa á ensku. Það er auðvitað aðeins erfiðara heldur en að skrifa á íslensku, en enskukunnátta mín er ágæt," segir Stella Björt sem hyggst blogga áfram svo lengi sem hún hefur tíma til og á meðan fólk les síðuna.

Slóðin á síðu Stellu Bjartar er www.stellabjort.blogspot.com. - sm

BLOGGARI Stella Björt Gunnarsdóttir, nemi við Borgarholtsskóla, heldur úti skemmtilegu tískubloggi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslendingar til Þýskalands

Hópnum Mindgroup hefur verið boðið að sýna leikritið Góðir Íslendingar á leiklistarhátíðinni Ný leikrit frá Evrópu (Neue Stücke aus Europa) í Wiesbaden. Þetta er virtasta alþjóðlega leiklistarhátíð heims og einbeitir hún sér eingöngu að nútímaleikritum. Hátíðin verður haldin í tíunda sinn dagana 17.-24. júní. Um það bil þrjátíu sýningum er boðið til hátíðarinnar frá löndum Evrópu. Öll leikrit hátíðarinnar eru flutt á móðurmáli viðkomandi sýningar og þýdd jafn óðum á þýsku.

LEIKSKÁLD Jón Atli Jónasson.

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Lóa Hallsdóttir
Löngumýri 36, Selfossi,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands miðvikudaginn 17. febrúar. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 26. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahús Suðurlands.

Agnar Hólm Kolbeinsson
Kolbeinn Agnarsson **Guðríður Jónsdóttir**
Kristrún Agnarsdóttir
Róbert Agnarsson **Sigrún Ósk Ómarsdóttir**
Ásdís Helga Agnarsdóttir **Janis Leonovs**
og barnabörn.

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Þorvaldsson
rafvirkjameistari,
Stóragerði 9, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala, Landakoti þriðjudaginn 9. febrúar. Útförin verður gerð frá Grensáskirkju föstudaginn 19. febrúar kl. 15.00.

Guðrún Jónsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir **Magnús R. Jónasson**
Vilborg Sigurðardóttir **Guðmundur Gunnlaugsson**
Ólöf Sigurðardóttir
Jón Sigurðsson **Sigríður Kristjánsdóttir**
afa- og langafabörn.

---

†

Móðir okkar,

Jóna Einarsdóttir
frá Leirulækjarseli,
Arnarkletti 12, Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 20. febrúar kl. 14.00.

Börn, tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.

---

†

Ástkær móðir okkar, dóttir, systir og barnabarn,

Sigrún Kristbjörg Tryggvadóttir
Snægili 12, Akureyri,

lést 13. febrúar. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 23. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð sem hefur verið stofnaður til styrktar sonum hennar 0302-13-495 kt. 050663-6639.

Patrik Orri Jóhannsson
Geir Örn Jacobsen
Arna Ósk Geirsdóttir **Viðar Gunnarsson**
Tryggvi Pálmason
Viðar Geir Viðarsson
Rakel Ósk Viðarsdóttir
Arna Lind Viðarsdóttir
Pálmi Hrafn Tryggvason
Pétur Orri Tryggvason
Sunna Margrét Tryggvadóttir
Geir Örn Ingimarsson **Herborg Káradóttir**

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, stjúpsonur og bróðir,

Rögnvaldur Ámundason,

sem lést að heimili sínu 15. febrúar, verður jarðsunginn föstudaginn 19. febrúar frá Grafarvogskirkju kl. 15.00.

Anatta Ámundason
Ámundi Rögnvaldsson
Benoný Þorsteinn Rögnvaldsson
Eva Jónsdóttir **Benoný Þ. Gunnarsson**
Helga Ámundadóttir og fjölskylda
Ásdís Ámundadóttir og fjölskylda
Hrönn Ámundadóttir og fjölskylda

---

†

Elskulegur faðir okkar, bróðir, fósturssonur, tengdafaðir og afi,

Sigurður Þorvaldsson

lést á gjörgæsludeild Landspítalans Hringbraut, föstudaginn 12. febrúar. Útförin fer fram 25. febrúar kl 11.00 í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu, Hátúni 2. Jarðsett verður í Hruna sama dag. Fjölskylda Sigurðar þakkar auðsýnda samúð og hlýhug í sinn garð. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki gjörgæslunnar fyrir hlýju á erfiðri stundu. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Kiwanisklúbbinn Geysi.

Fyrir hönd aðstandenda,
Aðalheiður Svana Sigurðardóttir **Bárður Jón Grímsson**
Viktor Svan Sigurðarson
Hlynur Smári Sigurðarson
Aron Snær Sigurðarson **Erna Hannesdóttir**
Ingibjörg Erla Björnsdóttir
Björn Júlíusson
Jóhanna, Bjarki, Bríet Ósk og Svanbjörn Bárðarbörn
Ernir Leó Hlynsson

---

†

Okkar elskulega móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sveinbjörg H. Arnmundsdóttir
Skógarseli 43, Reykjavík,

lést á Landspítalanum að morgni 16. febrúar.

Inga Þóra Geirlaugsdóttir **Jón Dalbú Hróbjartsson**
Kári Geirlaugsson **Anna J. Guðmundsdóttir**
Hörður Geirlaugsson **Sigrún Gísladóttir**
Þuríður Erna Geirlaugsdóttir
Laufey G. Geirlaugsdóttir **Sigurbjörn Þorkelsson**
Geirlaug B. Geirlaugsdóttir **Kristján Harðarson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Útförin verður í Hallgrímskirkju mánudaginn 1. mars 2010, kl. 13.00.

Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Sveinusjóð – sem stofnaður var til uppbyggingar sumarbúðastarfi KFUM og KFUK í Ölveri. Kennitala 420369-6119. Reikningsnúmer 0701-05-302000. Einnig er tekið við minningargjöfum í þjónustumiðstöð KFUM og KFUK við Holtaveg eða í síma 588 8899.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



HVAÐ ER Í MATINN?
Á *VÍSIR.IS*

VÍSIR.IS kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á ***VÍSIR.IS***

Hagnýtir látbragðsleikir

BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Eitt sinn kom Paco gamli heim af akrinum með asna sína tíu en ekki er langt síðan skepnur drógu plóg hér í Zújar á suðurhluta Spánar. Þegar hann ætlaði svo að tjóðra tíunda asnann í túninu heima sá hann að tíunda tjóðurbandið var horfið.

HANN lét það þó ekki slá sig út af laginu heldur hófst við líkt og hann hafi þetta fína reipi. Batt hann asnann með reipinu ósýnilega og tókst svo vel til að asninn stóð enn við staurinn morguninn eftir. Ekki nóg með það heldur var asninn atarna ófáanlegur til að hreifa sig spönn frá rassi fyrr en Paco hafði „leyst“ hann aftur.

EF bóndinn úrræðagóði væri enn þá með heyrn myndi ég koma honum í samband við sérstakan saksóknara. Þó að heimsýn þess gamla sé ekki svo skýr þegar komið er úr Jabalcon-dalnum yrði hann engu síður fljótur að átta sig á brögðunum sem brúkuð eru í rimmunni sem fram fer á Fróni.

HANN myndi sjá að tjóðurbandið sem kom í veg fyrir að almenningur gengi af göflunum er saman tvinnað af lögum og reglum. En svo áttuðu sumir sig á látbragðstrikkinu; það er sem sagt hægt að múlbinda lýðinn með því einu að vefja allskonar flækjur úr nánast engu. Þarna koma lagaflækjur sér sérlega vel, eins flækja eignarhaldsfélaga sem og flókin orð.

STUNDUM þurfa orðin reyndar ekki að vera svo flókin. Til dæmis nægir í stærri fyrirtækjum að segja hið leyndardómsfulla orð „launaleynd“ og þá er búið að tryggja að starfsmenn segi fyrr frá blautum draumi en launakjörum sínum.

„FERLI“ er pólitísk sjónhverfing sem stjórnmálamenn nota til að eyða kosningaloforðum með borgaralegum hætti.

„NEIKVÆÐ eiginfjárstaða“ getur verið gríðarlega árangursríkur leikur ef koma á í veg fyrir að lýðurinn ókyrrist þó að feigðarflani sé fylgt af enn meiri móð en áður.

„ENDURSKIPULAGNING á fjárhag“ er tiltölulega vinsælt látbragð þessa dagana. Menn sem hafa farið illa með félög sín koma þá skuldum fyrir kattarnef svo lítið beri á.

ÞEIR sem ekki kunna trikkin sitja hins vegar eins og múlbundnir við sinn keip enda hefur venjulegur launamaður margoft reynt að breyta neikvæðri eiginfjárstöðu í jákvæða með því að leggjast í endurskipulagningu á fjárhag sínum. Flækjan er hins vegar svo einföld að það sjá allir í gegnum þetta hjá honum.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Afnemum VSK
af öllum skóm

NÝTT KORTA TÍMABIL

Skóaðu þig upp!
skór á alla fjölskylduna

Be Wild! Footwear · DreamTeam · Vagabond · ecco · aze · Studio London · Filanto · bullboxer · Viking Guaranteed waterproof footwear · true · Reebok · Lati Bær · Barbie · melania · grisport · Waterland · Spiderman · Dora

Gildir til 21. febrúar eða á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

Frestun á Aidu

Vegna veikinda verður sýningu á Aidu - Ástarþríhyrningnum, sem átti að vera í kvöld í Íslensku óperunni, frestað um tvær vikur, til föstudagsins 5. mars kl. 20. Þeim sem þegar hafa keypt miða á tónleikana er bent á að snúa sér til miðasölu Íslensku óperunnar til að fá miða á nýja sýningu eða endurgreitt.

menning

menning@frettabladid.is

Innri sýn Bjargar

Í listasal Garðabæjar á Garðatorgi 7 stendur nú yfir sýning Bjargar Atla, sem hún nefnir Tilbrigði við stef. Listasalur Garðabæjar er lítill sýningarsalur staðsettur á hæðinni fyrir ofan Bókasafn Garðabæjar og hýsti áður sýningasal Hönnunarsafns Íslands.

Í verkum sínum velur Björg að nota aðferð vatnslitatækninnar og leitast við að ná fram flæði, gagnsæi og tærleika. Hún er heilluð af því að rannsaka áhrif lita og litaandstæðna í myndfletinum.

Myndir hennar eru ekki málaðar eftir beinum fyrirmyndum, heldur tjá í þöglum tónum innri sýn.

Björg hefur haldið nokkrar einkasýningar, síðast í Hafnarborg í Hafnarfirði 2004, og tekið þátt í samsýningum, þar á meðal tveimur sýningum listamanna í Garðabæ árið 2009.

Sýningin er opin frá kl. 13 til 18 og stendur til 28. febrúar.

BJÖRG ATLA Sýnir í Garðabæ.

> Ekki missa af ...

Leikfélag Reykjavíkur efnir til málþingsins „Jóhann Sigurjónsson leikskáld – sígildur eða ekki?" í Borgarleikhúsinu á morgun. Dagskráin hefst kl. 11 með leiklestri á Litla sviðinu á leikriti Jóhanns, Rung læknir. Sveinn Einarsson leikstýrir Hilmi Snæ Guðnasyni, Jakobi Þór Einarssyni og Láru Jóhönnu Jónsdóttur. Málþingið hefst að leiklestri loknum.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

Mið 24/2 kl. 20:00 Aukas. | Mið 17/3 kl. 20:00 Aukas.
Fim 4/3 kl. 20:00

„Besta leiksýning ársins" MBL, IÞ. Aukasýning 4. mars komin í sölu!

Oliver! (Stóra sviðið)

Sun 21/2 kl. 15:00 | Sun 7/3 kl. 19:00 | Lau 27/3 kl. 15:00
Sun 21/2 kl. 19:00 | Sun 14/3 kl. 15:00 | Lau 27/3 kl. 19:00
Sun 28/2 kl. 15:00 | Sun 14/3 kl. 19:00 | Sun 28/3 kl. 15:00
Sun 28/2 kl. 19:00 | Sun 21/3 kl. 15:00
Sun 7/3 kl. 15:00 | Sun 21/3 kl. 19:00

Oliver! ★★★★ MBL, GB.

Gerpla (Stóra sviðið)

Fös 19/2 kl. 20:00 3.K | Fös 5/3 kl. 20:00 7.K | Fim 18/3 kl. 20:00
Lau 20/2 kl. 20:00 4.K | Lau 6/3 kl. 20:00 8.K | Fös 19/3 kl. 20:00
Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. | Fim 11/3 kl. 20:00 | Lau 20/3 kl. 20:00
Fös 26/2 kl. 20:00 5.K | Fös 12/3 kl. 20:00
Lau 27/2 kl. 20:00 6.K | Lau 13/3 kl. 20:00

Miðasala hafin – tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!

Fíasól (Kúlan)

Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. | Sun 28/3 kl. 15:00 | Sun 18/4 kl. 15:00
Sun 14/3 kl. 13:00 | Mið 7/4 kl. 17:00 | Fim 22/4 kl. 13:00 Aukas.
Sun 14/3 kl. 15:00 | Lau 10/4 kl. 13:00 | Fim 22/4 kl. 15:00 Aukas.
Lau 20/3 kl. 13:00 | Lau 10/4 kl. 15:00 | Lau 24/4 kl. 16:00
Lau 20/3 kl. 15:00 | Sun 11/4 kl. 13:00 | Sun 25/4 kl. 13:00
Sun 21/3 kl. 13:00 | Sun 11/4 kl. 15:00 | Sun 25/4 kl. 15:00
Sun 21/3 kl. 15:00 | Mið 14/4 kl. 17:00 | Sun 2/5 kl.13:00
Lau 27/3 kl. 13:00 | Lau 17/4 kl. 13:00 | Sun 2/5 kl 15:00
Lau 27/3 kl. 15:00 | Lau 17/4 kl. 15:00
Sun 28/3 kl. 13:00 | Sun 18/4 kl. 13:00

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!

Hænuungarnir (Kassinn)

Þri 23/2 kl. 20:00 Fors. | Fös 5/3 kl. 20:00 | Fös 12/3 kl. 20:00
Fim 25/2 kl. 20:00 Fors. | Lau 6/3 kl. 20:00 | Lau 13/3 kl. 20:00
Lau 27/2 kl. 20:00 Frums. | Fim 11/3 kl. 20:00

Bráðfyndið verk eftir einn af okkar ástsælustu höfundum!

ALEXANDER ZAKLYNSKY Sýnir fálka á Skúlagötu. Stórbrotnar skepnur, að mati listamannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fálkar á flugi á Skúlagötu

Alexander Zaklynsky opnar fyrstu einkasýninguna sína í Reykjavík á morgun. Hann sýnir málverk af fálkum á flugi. Það er eins og þeir séu í eltingarleik um veggi gallerísins.

„Ég hef verið svo heppinn að sjá fálka á Íslandi, bæði í Hvalfirði og á Snæfellsnesi. Þetta eru tignarlegir fuglar og það er mikil upplifun að sjá þá á flugi. Ég reyni að túlka það augnablik, þegar maður heyrir fyrst vængjasláttinn í þeim og sér þá svo. Fálkar eru víða tákn um þjóðarstolt. Stórbrotnar skepnur," segir Alexander.

Hann hefur búið á Íslandi síðan 2005 en bjó í New York þar á undan. Hann á ættir að rekja til Íslands, Bandaríkjanna og Úkraínu og kom hingað oft sem barn og bjó þá nálægt Selfossi á sumrin. Eftir að Alexander settist hér að stofnaði hann Lost Horse-galleríið, sem var fyrst í gömlu hesthúsi í Skólastræti, en er nú til húsa á Vitastíg. Það pláss er lítið og dugði ekki fyrir fálkana. Sýning Alexanders er því haldin í Reykjavík Art gallerí á Skúlagötu 30. Sýningin verður opnuð á morgun kl. 16 og stendur yfir til 8. mars. **drgunni@frettabladid.is**

„Stórskemmtileg saga"

Egill Helgason / Kiljan

Hrífandi skáldsaga eftir einn dáðasta rithöfund þjóðarinnar.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

KOMIN Í KILJU

„Vel skrifuð og góð bók sem vekur mann til umhugsunar."
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Kristín Marja ... beinir skáldskaparvopninu að innsta kjarna okkar."
Auður Aðalsteinsdóttir / Víðsjá

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 19. febrúar 2010

Tónleikar

22.00 Hljómsveitin **Gæðablóð** heldur tónleika á **Bar og gallery 46** við Hverfisgötu 46.

22.00 **Ljótu hálfvitarnir** og **Dætrasynir** koma fram á tónleikum á **Café Rósenberg** við Klapparstíg.

22.00 **Hjaltalín** heldur tónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri.

Opnanir

16.30 **Erna G.S.** opnar sýningu á ljósmyndaseríu í **Kamesinu**, nýju fjölnotarými í Borgabókasafni við Tryggvagötu 15 (5. hæð). Opið mán.-fim. kl. 10-19, fös. kl. 11-19 og um helgar kl. 13-17.

Fyrirlestrar

12.05 **Stellan Welin** flytur erindi um ræktun kjöts til neyslu með erfðatækni hjá **Háskóla Íslands**, aðalbyggingu við Sæmundargötu 2 (st. 111).

Leikrit

20.00 **Tinna Hrafnsdóttir** og **Sveinn Geirsson** flytja verkið **„Fyrir framan annað fólk"** eftir **Kristján Þórð Hrafnsson** í Iðnó við Vonarstræti.

Dansleikir

Dj. Valli Sport heldur uppi Boogienights-stemningu á skemmtistaðnum **SPOT** við Bæjarlind í Kópavogi.

Plötusnúðarnir **Frigore** og **Ghozt** verða á **Jacobsen** við Austurstræti.

Hljómsveit **Rúnars Þórs** verður á **Ránni** við Hafnargötu 19 í Reykjanesbær.

Sýningar

Á **Listasafninu á Akureyri** við Kaupvangsstræti, hefur verið opnuð yfirlitssýning á verkum hollenska myndlistarmannsins **Jorisar Rademaker**. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-17.

Í **Gallerí Ágúst** við Baldursgötu hefur verið opnuð sýning á verkum **Einars Garibalda Eiríkssonar**. Opið mið.-lau. kl. 12-17.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

IÐNÓ

TILBRIGÐI VIÐ STEF

eftir Þór Rögnvaldsson — Stef: Hin sterkari eftir Strindberg

Næstu sýningar: 21. feb. sun kl. 20.00 Aukasýning
25. feb. fim kl. 20.00 Aukasýning

Fbl.★★★★★ Elísabet Brekkan
Klassískt verk fullt af leikgleði.

Mbl. ★★★ Ingibjörg Þórisdóttir
Leikstjóranum Ingu Bjarnason tekst vel upp enda enginn nýgræðingur í faginu.

Sími: 562 9700 kl. 11–16 og tveim tímum fyrir sýningu
www.midi.is – tilbrigdi.com

~~5.980,-~~ **1.980,-**

~~4.990,-~~ **2.490,-**

~~5.600,-~~ **2.800,-**

Bókamarkaðurinn
Perlunni hefst í dag!
Opið alla daga til 7. mars.

~~6.990,-~~ **3.490,-**



~~14.990,-~~ **7.990,-**

~~5.990,-~~ **2.990,-**



~~8.480,-~~ **2.990,-**
Bók og geisladiskur!

DYNAMO REYKJAVÍK

~~5.480,-~~ **1.980,-**

~~3.590,-~~ **1.790,-**

~~4.690,-~~ **990,-**

~~4.490,-~~ **990,-**

~~2.450,-~~ **990,-**

~~4.950,-~~ **2.490,-**

Opið frá kl. 10–18

Þúsundir titla í boði á ótrúlegu verði!

> PACINO Í STAÐ DE NIRO

Al Pacino hefur tekið við af Robert De Niro sem aðalleikari spennumyndarinnar Son of No One. Myndin fjallar um unga löggu sem fær það verkefni að starfa í hverfinu þar hún ólst upp. De Niro var orðaður við hlutverkið en Pacino hlaut það á endanum. Aðalleikkona myndarinnar verður Katie Holmes.

fólk

folk@frettabladi

Sólinn frá Sandgerði á svið

Hátíðin Aldrei fór ég suður fer að vanda fram á Ísafirði um páskana. Tilkynnt hefur verið um fyrsta holl skemmtikrafta sem fram kemur. Þar á meðal er hljómsveitin Sólinn frá Sandgerði, sem varð fræg í Vaktarþáttunum. Ólafur Ragnar var umboðsmaður sveitarinnar á tímabili og hafði stórar væntingar. Nú kemur Sólinn fram í fyrsta skipti opinberlega.

„Þeir hjá hátíðinni höfðu nú bara samband og vildu að Sólinn tæki lagið, það var ekkert flóknara en það," segir Kiddi Casio, e.þ.s. Halldór Gylfason, söngvari sveitarinnar og aðalsprauta. „Þetta er kærkomið því Sólinn er frábær hljómsveit og það er gott fyrir þennan grænmetisétandi lopapeysuskríl sem verður þarna, að sjá einu sinni almennilega hljómsveit sem FÓLKIÐ fílar."

HALLDÓR GYLFASON Eða Kiddi Casio, söngvari Sólans frá Sandgerði.

Júlíus Brjánsson á yfir höfði sér lögbann vegna auglýsinga sem hann lék í því karakterinn þótti minna of mikið á pabba Ólafs Ragnars í Vaktarseríunni. Halldór segist ekki vera búinn að fá leyfi til að koma fram með Sólinni. „Kannski verður Sólinn stöðvaður af, ég bara veit það ekki. Ég spurði Jörund um leyfi og hann gaf allavega grænt ljós.

Ég þarf að spyrja Jón Gnarr líka næst þegar ég hitti hann. En ef þetta gengur vel þá verður náttúrlega leigð rúta í sumar, gefin út plata og jólalag og lokatakmarkið er svo auðvitað að fara í Eurovision."

Aldrei fór ég suður-hátíðin mun í ár teygja sig út um allan bæ og myndlist, uppistand og fleiri viðburðir verða um allan Ísafjörð. Uppistandshópurinn Mið-Ísland mætir, en rokkið verður sem fyrr mest áberandi. Grugg-hljómsveitin Urmull kemur fram í fyrsta skipti síðan um miðjan 10. áratuginn, en í bandinu voru gaurar sem síðar áttu eftir að láta til sín taka í hljómsveitunum Buttercup, Ampop, Dimma og Reykjavík! Í fyrsta hollinu var einnig tilkynnt um að Bloodgroup, Hjaltalín, Morðingjarnir, Rúnar Þór, Dikta, Pollapönk, Ólöf Arnalds og Hudson Wayne kæmu fram. - drg

VÍGAMENN
Í VONDUM MÁLUM

Stórvirki Halldórs Laxness um fóstbræðurna Þormóð og og Þorgeir er meistaralega skrifuð hetjuharmsaga og bráðfyndin ádeila á hetjudýrkun að fornu og nýju.

Leikverk byggt á bókinni er sýnt í Þjóðleikhúsinu.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Bretar standa við bakið á Cheryl

Söngkonan Cheryl Cole flúði Bretland í vikunni eftir að fjölmiðlar greindu frá framhjáhaldi eiginmanns hennar, Ashley Cole. Breska þjóðin stendur þétt við bakið á sinni konu og hvetur hana til að skilja.

SKILNAÐUR Í UPPSIGLINGU Víst er að breskir fjölmiðlar eiga eftir að fylgja eftir hverju spori sem Ashley og Cheryl Cole taka á næstunni. Daily Mail spáir því að skilnaður sé á næsta leiti.

Cheryl og Ashley Cole eru meðal frægustu para Bretlands. Hann er leikmaður Lundúnaliðsins Chelsea og enska landsliðsins, hún er dómari í vinsælu þáttunum X-Factor og syngur með stúlknasveitinni Girls Aloud. En Ashley hefur hrapað hratt niður vinsældalista bresku þjóðarinnar eftir að götublaðið The Sun greindi frá framhjáhaldi hans á þriðjudaginn. Skömmu áður hafði nektarmyndum af þessum bakverði Chelsea verið lekið til fjölmiðla en þær átti hann að hafa sent til íturvaxinnar undirfatafyrirsætu. Ashley neitaði öllum sakargiftum, viðurkenndi vissulega að hafa tekið af sér myndir en einhverjir óprúttnir náungar, vinir vina hans eins og hann komst að orði, hefðu komist yfir símann og sent myndirnar. En heldur syrti í álinn hjá Ashley þegar ung ljóshærð snót bankaði upp hjá The Sun og upplýsti í blaðaviðtali að hún hefði fengið erótísk sms-skilaboð frá knattspyrnuhetjunni og að þau hefðu átt stundargaman uppi á hótelherbergi landsliðsmannsins, oftar en einu sinni.

The Sun gerði nýverið könnun meðal lesenda sinna og niðurstaða hennar var nánast einróma; Cheryl ætti að losa sig við Ashley fyrir fullt og allt. Aðeins fimm prósent þeirra sem tóku þátt vildu að Cheryl og Ashley ættu að vinna í sínum málum. 25 prósent tóku ekki afstöðu. Málið er allt hið vandræðalegasta fyrir Chelsea og jafnvel enska landsliðið því fyrir skömmu var greint frá því að fyrirliði liðanna tveggja, John Terry, hefði verið konu sinni ótrúr með fyrrum kærustu samherja síns. Carlo Ancelotti, framkvæmdastjóri Chelsea, sagði í fjölmiðlum að honum væri sama hvar sínir menn svæfu á næturnar. Fabio Capello var ekki á sama máli og hefur svipt John Terry fyrirliðastöðunni hjá enska landsliðinu.

SIÐBLINT LJÚFMENNI EÐA AUÐMJÚKUR FANTUR?

Snilldarlega skrifuð verðlaunabók um napran veruleika Indlands

KOMIN Í KILJU

„Þetta er æsileg lesning, krassandi og kaldhæðin ..."
Egill Helgason / Silfur Egils

„... klárlega ein af bókum ársins."
Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Lífvarðanámskeið á Íslandi í mars

Öryggisvarðaskólinn
Sími: 698 1666
ovskoli.is

Terr Security
Terr security býður upp á starfsmöguleika á heimsvísu

CHRISTOPH WALTZ Austurríski leikarinn hefur samþykkt að leika í Water For Elephants.

Waltz leikur geðklofa

Austurríkismaðurinn Christoph Waltz, sem sló í gegn sem nasistaforingi í Inglourious Basterds, fer með stórt hlutverk í kvikmyndinni Water for Elephants. Þar leikur hann geðklofa dýratemjara í fjölleikahúsi, hvorki meira né minna. Með annað aðalhlutverk fer Robert Pattinson úr Twilight-myndunum. Leikur hann náunga sem verður ástfanginn af eiginkonu Waltz, leikinni af Reese Witherspoon. Hinn áður óþekkti Waltz getur valið úr hlutverkum um þessar mundir, enda hefur hann rakað saman verðlaunum fyrir Basterds. Á meðal annarra væntanlegra mynda hans eru The Green Hornet og The Talking Cure.

75 myndir í Grundarfirði

Alþjóðlega stuttmyndahátíðin Northern Wave verður haldin í þriðja sinn í Grundarfirði helgina 3. til 7. mars. Sýndar verða 75 stuttmyndir og tónlistarmyndbönd frá tuttugu löndum, þar á meðal norska myndin Little Penis. Grundfirðingar munu taka þátt í hátíðinni, meðal annars með því að halda fiskisúpukeppni þar sem sóknarprestur bæjarins, Aðalsteinn Þorvaldsson, verður á meðal keppenda. Í dómnefnd hátíðarinnar verða Ragnar Bragason, Kristín Jóhannesdóttir og Hilmar Örn Hilmarsson. Klipparinn og leikstjórinn Valdís Óskarsdóttir mun einnig sitja fyrir svörum. Frítt verður á alla viðburðina. Nánari upplýsingar má finna á síðunni Northernwavefestival.com.

BEYONCÉ Söngkonan reynir hvað hún getur til að halda sambandi sínu fjarri fjölmiðlum.

Þegja yfir hjónabandi

Beyoncé Knowles telur mikilvægt að einkalífi sínu sé haldið fjarri sviðsljósi fjölmiðlanna. Söngkonan giftist rapparanum Jay-Z í leynilegri athöfn árið 2008 og bæði vilja þau sem minnst tjá sig um sambandið. „Ég og Jay höfum alltaf reynt að segja sem minnst um samband okkar. Meira að segja eftir að við giftumst breyttist ekkert hvað það varðaði. Ég held að þetta hafi komið í veg fyrir alls konar vandamál," sagði Beyoncé, sem þakkaði manni sínum þegar hún tók á móti sex Grammy-verðlaunum í síðasta mánuði.

Býður Evu Maríu á stefnumót

Ingi Þór Óskarsson úr Gettu betur-liði Menntaskólans við Hamrahlíð hefur ákveðið að standast áskorun og bjóða spyrlinum Evu Maríu Jónsdóttur á stefnumót. Ingi Þór og félagar etja kappi við Verslunarskólann í 8 liða úrslitum Gettu betur á laugardaginn og þar ætlar hann að bera spurninguna fram.

„Það fer bráðum að koma að þessu," segir Ingi Þór, hvergi banginn. Vinir hans skoruðu á hann að bjóða Evu Maríu á stefnumót á góðgerðarviku í MH síðasta haust. Reiddu þeir fram fimmtán þúsund krónur og rann allur ágóðinn til Barnaspítala Hringsins. Núna er komið að Inga að standa í stykkinu. Fari svo að Eva þekkist boðið yrði það vafalítið óvenjuleg sjón að sjá hina óléttu sjónvarpskonu á stefnumóti með ungum menntaskólanema. „Einhvern tímann er alltaf fyrst," segir Ingi, léttur í bragði.

GETTU BETUR-LIÐ MH Lið MH í Gettu betur: Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, Ingi Þór Óskarsson og Skúli Þór Jónasson. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÞEKKIST HÚN BOÐIÐ? Evu Maríu verður boðið á stefnumót á laugardaginn í beinni útsendingu.

Undirbúningur fyrir viðureignina gegn Versló hefur gengið vel að sögn Inga. Að sjálfsögðu stefnir hann á sigur og vonast í framhaldinu til að hefna ófaranna frá því í fyrra þegar MH tapaði fyrir MR í úrslitunum eftir spennandi viðureign. „Við erum með sama lið og erum búin að bæta okkur eitthvað, myndi ég segja," segir hann. **- fb**

Hengdi sig í fataskáp

Tískuhönnuðurinn Alexander McQueen skrifaði sjálfsmorðsbréf og hengdi sig síðan í fataskáp. Þetta kemur fram í skýrslu sem dánarstjóri í London hefur sent frá sér. McQueen fannst látinn á heimili sínu í London fyrir viku, á sama tíma og undirbúningur var í fullum gangi fyrir vorlínu hans sem átti að kynna í París. Sama dag og hönnuðurinn lést fór jarðarför móður hans fram, sem lést viku áður. McQueen starfaði lengi með Björk Guðmundsdóttur og minnist hún vinar síns á hjartnæman hátt á heimasíðu sinni, Bjork.com.

SENSAI

Sveipaðu húðina bronslitu slöri... úr vatni og silki

Aðaluppistaðan í BRONZING GEL er vatn (70%) og extrakt unnið úr hinu undurfína Koishimaru-silki.
BRONZING GEL leggst yfir húðina eins og fislétt slör, sveipar hana gegnsæjum lit,
veitir henni ríkulegan raka og í dagsbirtunni ljómar hún óviðjafnanlega.
BRONZING POWDER, byggt á hinni einstöku rakaþéttniformúlu (Moist Thight-Fit),
laðar samstundis fram afar jafnan, endingargóðan og umfram allt náttúrulegan ljóma húðarinnar,
hinnar óaðfinnanlegu Silky Bronze-húðar.

Kanebo INTERNATIONAL

Kynning á því nýjasta frá Kanebo
í Debenhams 19.-22. febrúar.

Sérfræðingur Sensai mun veita faglega ráðgjöf.
20% afsláttur af öllum snyrtivörum til mánudags.
Glæsileg gjöf að verðmæti 12.000 kr. fylgir kaupum
fyrir 6.500 kr. eða meira*
* Gildir á meðan birgðir endast

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Tíu lög á aðeins 18 mínútum

„Við erum aðallega að syngja um lífið og tilveruna. Við erum ekkert rosalega pólitískir og ekkert rosalega harðir neitt," segir Almar Daði Kristjánsson, bassaleikari pönksveitarinnar Buxnaskjónar frá Akureyri.

Fyrsta stóra plata sveitarinnar, Nýtt lýðveldi, kemur út í dag á vegum Braks og hefur hún að geyma tíu lög sem eru í sannkallaðri pönklengd, eða aðeins átján mínútur. Fylgir hún í kjölfar hinnar sex laga stuttskífu Þriðja heimsstyrjöldin sem kom út í 74 tölusettum eintökum síðasta vor.

Buxnaskjónar var stofnuð árið 2007 og hefur verið nokkuð dugleg við spilamennsku bæði í heimabænum Akureyri og víðar. Sveitin vakti fyrst athygli síðasta vor þegar hún vann hljómsveitakeppnina Besti byrjandinn sem var haldin í tilefni af AIM-tónlistarhátíðinni á Akureyri. Um svipað leyti óskaði Baldvin Esra hjá Kimi útgáfunni eftir því að gefa út með þeim stóra plötu. „Okkur bauðst þetta tækifæri og við ákváðum að hoppa á það," segir Almar.

Auk hans eru í sveitinni gítarleikarinn og söngvarinn Þorsteinn Kári Guðmundsson og trommarinn Þorsteinn Sindri Baldvinsson. Þeir eru saman í Menntaskólanum á Akureyri og eru á sautjánda og átjánda aldursári. Þrátt fyrir ungan aldur tóku þeir plötuna upp sjálfir og ætla að fylgja henni eftir með spilamennsku á næstunni, þar á meðal á Brak-kvöldi sem verður haldið í byrjun mars. -fb

BUXNASKJÓNAR Pönkararnir þrír hafa sent frá sér sína fyrstu stóru plötu, Nýtt lýðveldi.

Kenna ungu fólki að elda fisk

Sveinn Kjartansson, eigandi Fylgifiska, og Áslaug Snorradóttir ætla að kenna Íslendingum að elda fjölbreytta fiskrétti í nýjum sjónvarpsþáttum sem sýndir verða á RÚV.

SÆLKERINN OG KOKKURINN Áslaug Snorradóttir vonast til að geta boðið upp á rjómatertu í einhverjum þáttunum en Sveinn Kjartansson frá Fylgifiskum ætlar að kenna fólki að elda fisk á fjölbreyttan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þessi hugmynd spratt upp úr rannsókn sem MATÍS vann og leiddi það í ljós að fólk á aldrinum 18-25 ára borðar sirka einn munnbita af fisk á viku," segir Margrét Jónasdóttir en hún framleiðir nýja sjónvarpsþætti sem sýndir verða á RÚV og eiga að leiða fólk í allan sannleika um hvernig sé hægt að matbúa fisk á fjölbreyttan hátt. Áslaug Snorradóttir, matgæðingur og ljósmyndari, og Sveinn Kjartansson, eigandi Fylgifiska, verða stjórnendur þáttarins en það er Hrafnhildur Gunnarsdóttir sem leikstýrir þeim. Þættirnir verða alls átta og eru 25 mínútna langir.

Áslaug og Sveinn voru á leiðinni í Hvalfjörðinn þegar Fréttablaðið náði tali af þeim en þar ætluðu þau að tína krækling. „Vonandi verða þessir þættir til þess að fólk fari að borða meiri fisk," segir Áslaug sem þykir nauðsynlegt að benda á aðrar eldunaraðferðir fisksins en að sjóða hann í pott eða steikja upp úr raspi. Áslaug telur raunar sorglegt hversu lítið Íslendingar borði fisk og rifjar í því sambandi upp litla dæmisögu um íslenskan námsmann sem bjó með fjölþjóðlegu liði á háskólaárum sínum erlendis. „Allir elduðu sinn þjóðarrétt og biðu spenntir eftir því að fá að smakka einhvern framandi fiskrétt frá henni en hún kunni ekkert að matreiða slíkt og skammaðist sín hálfpartinn fyrir það," segir Áslaug og vonar að það eigi eftir að breytast með þessum þáttum.

Íslendingar hafa löngum hreykt sér af því að vera mikil fiskiþjóð en Áslaug bendir á að við borðum lítinn fisk. „Við snobbum svo mikið fyrir útlöndum, þetta tímabil krókódílakjöts og kengúra er búið, það er fínt að fá sér krókódílakjöt í Flórída og kengúrulæri í Ástralíu en við eigum ekkert að þurfa að flytja þennan mat inn," segir Áslaug og bætir því við að Íslendingar séu tiltölulega nýbyrjaðir að elda og hafa gaman af því að borða. „Það er fyrst núna sem það er að skapast einhver stemning í kringum matarvenjur."

freyrgigja@frettabladid.is

Sæktu um Staðgreiðslukort Olís og njóttu betri kjara

-3kr. +Vildarpunktar Icelandair

Alltaf með Staðgreiðslukortinu:

3 kr. afsláttur af eldsneytislítranum frá dæluverði.
2 kr. (1,5%) afsláttur í formi Vildarpunkta Icelandair.
5% afsláttur af vörum, nema tóbaki, tímaritum, símakortum og happdrætti.

Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141.

Við höldum með þér!

olís

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA · 10-0167

Keflavíkurflugvöllur er besti flugvöllur í Evrópu að mati flugfarþega! Alþjóðasamtök flugvalla, Airports Council International, framkvæma stöðugt viðamikla þjónustukönnun á 140 helstu flugvöllum heims, þar af 48 í Evrópu. Farþegar meta gæði rúmlega 30 þjónustuþátta og hefur Keflavíkurflugvöllur tekið þátt í könnuninni frá árinu 2004. Sem dæmi um gæði þjónustunnar var Keflavíkurflugvöllur í þriðja sæti á heimsvísu árið 2004 í flokki flugvalla með undir fimm milljónir farþega á ári. Fyrstu kynni erlendra ferðamanna við Ísland eru oftast þegar þeir lenda á Keflavíkurflugvelli og því er mikilvægt að sú upplifun sé góð. Þar af leiðandi er gott að vita að Keflavíkurflugvöllur er fremstur í flokki flugvalla í Evrópu. Keflavíkurflugvöllur hefur skarað framúr í heildaránægju farþega fyrir kurteisi og hjálpsemi starfsfólks, auðvelt tengiflug, notalegt andrúmsloft og hreinlæti. Farþegar hafa einnig verið mjög ánægðir með skjóta afgreiðslu farangurs, aðgengi að farangurskerrum, bankaþjónustu og veitingastaði í flugstöðinni. Grunnástæðan fyrir ánægju farþega er framúrskarandi starfsfólk. Þá hefur aðstaða og þjónusta við farþega verið bætt mikið á undanförnum árum og þægindi aukist í kjölfar umfangsmikillar stækkunar og endurbóta á flugstöðinni. Tveir veitingastaðir, þrjú kaffihús, bar, banki og þrjár fríhafnarverslanir eru á biðsvæði farþega auk tíu sérverslana með tískufatnað, skartgripi, gleraugu, útivistarvörur, minjagripi, snyrtivörur, bækur og tímarit, raftæki, hönnunarvörur og matvörur. Í komusal á fyrstu hæð flugstöðvarinnar er kaffihús, banki og matvöruverslun. Þar er líka afgreiðsla Upplýsingamiðstöðvar ferðamála og Kynnisferða, bílaleiga og gott aðgengi að bílastæðum flugvallarins. Ljóst er að ekki er sjálfgefið að ná þeim merka árangri að vera kosinn besti flugvöllur í Evrópu. Við hjá Keflavíkurflugvelli erum að sjálfsögðu mjög stolt af árangrinum og vitum að til að verja titilinn á næsta ári þurfum við að gera enn betur því farþegar sem ferðast um flugvöllinn okkar eru sannarlega góðu vanir.

BESTI FLUGVÖLLUR Í EVRÓPU

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

> KR fær nýjan Kana á reynslu

Íslandsmeistarar KR í Iceland Express-deild karla í körfubolta hafa fengið til sín nýjan Kana í stað Semaj Inge sem fór til Hauka á dögunum. Sá heitir Morgan Lewis og er 23 ára gamall skotbakvörður en getur leyst fleiri stöður á vellinum. „Við erum með samningsdrög við hann en höfum ekki samið við hann ennþá. Það er undir honum komið að sanna sig á næstu vikum en við bindum miklar vonir við hann og hann er klár í næsta leik. Við vorum að leita að leikmanni sem svipar til Jasons Dourisseau sem lék með okkur í fyrra til þess að hjálpa okkur í titilvörninni," sagði Páll Kolbeinsson, þjálfari KR, í gær.

ÓSKAR BJARNI ÓSKARSSON: VAR SÁTTUR VIÐ AÐ NÁ STIGI AF BOTNLIÐI N1-DEILDARINNAR Í GÆRKVÖLDI

Framarar eiga ekki að vera á þessum stað

„Framarar voru bara betri, þeir stjórnuðu leiknum," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, eftir að liðið gerði 26-26 jafntefli við Fram í Safamýri. Hlutskipti liðanna er ólíkt, Fram neðst en Valur í öðru sæti. Eins og alltaf þegar þessi lið mætast var baráttan allsráðandi og alveg ljóst að Framarar hafa ekki sagt sitt síðasta orð. Þeir sýndu mikla grimmd í gær.

„Við vissum fyrir leikinn að það yrðu vandamál sóknarlega því við erum með ákveðna menn í meiðslum. En það er ekkert sem afsakar vörnina, hún var bara léleg. Þetta var erfitt og ég er bara sáttur við að hafa náð stigi," sagði Óskar.

Valur hafði eins marks forystu í hálfleik en í seinni hálfleik voru Framarar um tíma fjórum mörkum yfir og virtust ætla að ná báðum stigunum. Þeir gerðu síðan klaufaleg mistök og spennan var mikil á lokamínútunni þar sem bæði lið reyndu að tryggja sér sigurinn.

„Fram er með hörkumannskap og á ekki að vera á þessum stað. Vonandi að þetta komi hjá þeim, þeir eru með flott lið og spiluðu vel í dag," sagði Óskar Bjarni eftir leik.

Guðjón Drengsson, leikmaður Fram, segir að liðið muni ekkert gefa eftir í baráttunni fyrir lífi sínu í deildinni. „Mér finnst við hafa tapað stigi í dag. Þetta var miklu betra en við höfum verið að gera og margt jákvætt í okkar leik," sagði Guðjón.

„Við þurfum að gíra okkur upp í hvern einasta leik eins og við séum að fara að mæta sterkasta liði í heimi. Við munum bara bæta okkur og mæta enn betri. Varnarleikurinn var frábær í þessum leik, við vorum að berjast eins og ljón um hvern einasta bolta. Við erum á réttri leið, það vil ég meina."

Leikurinn í gær olli áhorfendum engum vonbrigðum og spennan var mikil. Orri Freyr Gíslason, leikmaður Vals, var allt annað en sáttur við varnarleik síns liðs og þar með talið síns sjálfs. „Við vorum að keppa gegn neðsta liðinu og varnarleikurinn var hörmulegur. Við eigum að sýna miklu betri „standard" en þetta, við mættum bara eins og algjörir aumingjar í leikinn," sagði Orri. **- egm**

RONALDO Er með 11,3 milljónir punda eða 2,2 milljarða íslenskra króna í árslaun. NORDIC PHOTOS/AFP

Launahæstu leikmenn heims:

Ronaldo situr á toppi listans

FÓTBOLTI Portúgalinn Cristiano Ronaldo er launahæsti fótboltamaður heims en portúgalska markaðsskrifstofan Futebol Finance hefur tekið saman fimmtíu launahæstu knattspyrnumenn heims.

Futebol Finance segir að Cristiano Ronaldo hjá Real Madrid fái 11,3 milljónir punda í árslaun sem eru rúmlega 2,2 milljarðar íslenskra króna. **- óój**

LAUNAHÆSTU LEIKMENN

1. C. Ronaldo (Real Madrid)	*11.3
2. Z. Ibrahimovic (Barcelona)	10.4
3. L. Messi (Barcelona)	9.1
4. S. Eto'o (Inter)	9.1
5. Kaka (Real Madrid)	8.7
6. E. Adebayor (Man. City)	7.4
7. K. Benzema (Real Madrid)	7.4
8. C. Tevez (Man. City)	7
9. J. Terry (Chelsea)	6.5
10. F. Lampard (Chelsea)	6.5

*Tölur eru árslaun í milljónum punda

Erfið fæðing á Anfield

Liverpool þurfti að hafa mikið fyrir því að leggja rúmensku meistarana í Unirea Urziceni í fyrri leik liðanna í 32 liða úrslitum Evrópudeildar UEFA í gær.

FÓTBOLTI Fimmtán leikir fóru fram í 32 liða úrslitum Evrópudeildar UEFA í gærkvöldi þar sem Liverpool lenti í kröppum dansi gegn rúmenska liðinu Unirea Urziceni á Anfield-leikvanginum en vann þó að lokum.

Gestirnir í Unirea lágu aftarlega á vellinum og gáfu fá færi á sér framan af leik á Anfield-leikvanginum. Liverpool var mun meira með boltann en gekk illa að finna glufur á þéttum varnarmúr Rúmenanna. Sóknarþunginn skilaði sér hins vegar loksins þegar tíu mínútur lifðu leiks þegar David Ngog skoraði sigurmark leiksins eftir frábæran undirbúning varamannsins Daniel Pacheco.

Síðari leikur liðanna fer fram á Steaua-leikvanginum í Búkarest 25. febrúar en það er ljóst að rúmenska liðið er sýnd veiði en ekki gefin fyrir Liverpool.

Amauri með tvennu

Af öðrum úrslitum í gærkvöldi má nefna að Juventus vann 1-2 sigur gegn Ajax þrátt fyrir að heimamenn í Ajax hafi tekið forystu í leiknum snemma leiks. Tvenna frá Amauri í síðari hálfleik sá hins vegar til þess að gestirnir frá Tórínó innbyrðu góðan sigur. Fulham vann einnig góðan 2-1 sigur gegn Shakhtar Donetsk á heimavelli sínum Craven Cottage í gærkvöldi. Zoltan Gera og Bobby Zamora skoruðu mörk heimamanna en Luiz Adriano skoraði mark gestanna. Þá vann belgíska félagið Club Brugge óvæntan sigur á heimavelli sínum gegn spænska félaginu Valencia. **omar@frettabladid.is**

BJARGVÆTTURINN David Ngog bjargaði Liverpool með sigurmarki tíu mínútum fyrir leikslok gegn rúmenska liðinu Unirea Urziceni á Anfield-leikvanginum í gærkvöldi. NORDIC PHOTOS/AFP

ÚRSLIT

N1-deild karla

Fram-Valur 26-26 (12-13)
Mörk Fram (skot): Einar Eiðsson 9/5 (9/5), Halldór Jóhann Sigfússon 4 (6), Guðjón Drengsson 4 (6), Haraldur Þorvarðarson 3 (4), Hákon Stefánsson 3 (5), Magnús Stefánsson 2 (2), Daníel Berg Grétarsson 1 (4), Andri Berg Haraldsson 0 (3).
Varin skot: Magnús Erlendsson 18
Hraðaupphlaup: 7 (Guðjón 2, Magnús 2, Einar, Halldór, Hákon)
Fiskuð víti: 5 (Halldór 3, Haraldur, Hákon)
Utan vallar: 8 mín.
Mörk Vals (skot): Orri Freyr Gíslason 7 (8), Arnór Þór Gunnarsson 6/2 (9/2), Elvar Friðriksson 4 (8), Ingvar Árnason 3 (4), Gunnar Ingi Jóhannsson 2 (2), Ernir Hrafn Arnarson 2 (7), Baldvin Þorsteinsson 1 (3), Jón Björgvin Pétursson 1 (2), Sigurður Eggertsson 0 (1), Atli Már Báruson 0 (3).
Varin skot: Hlynur Morthens 16
Hraðaupphlaup: 5 (Ingvar 2, Arnór 2, Gunnar)
Fiskuð víti: 2 (Arnór, Orri)
Utan vallar: 6 mín.

Stjarnan-Akureyri 28-28 (16-15)
Markahæstir hjá Stjörnunni: Ragnar Helgason 8, Kristján Svan Kristjánsson 6.
Markahæstir hjá Akureyri: Oddur Gretarsson 7, Árni Þór Sigtryggsson 7.

Grótta-FH 27-30 (14-15)
Markahæstir hjá Gróttu: Anton Rúnarsson 8, Arnar Freyr Theodórsson 5.
Markahæstir hjá FH: Bjarni Fritzson 8, Ólafur Guðmundsson 6.

Evrópudeild UEFA

Liverpool-Unirea Urziceni 1-0
1-0 David Ngog (81.)
Rubin Kazan-Hapoel Tel-Aviv 3-0
Ajax-Juventus 1-2
1-0 Miralem Sulejmani (16.), 1-1 Amauri (31.), 1-2 Amauri (58.).
Club Brugge-Valencia 1-0
1-0 Rostand Kouemaha (56.).
Twente-Werder Bremen 1-0
1-0 Theo Janssen (39.).
Lille-Fenerbahce 2-1
Standard Liege-Red Bull Salsburg 3-2
Villarreal-Wolfsburg 2-2
1-0 Marcos Senna (43.) 1-1 Grafite (65.), 1-2 Grafite (84.), 2-2 Marcos Gullon (85.).
Athletic Bilbao-Anderlecht 1-1
0-1 Lucas Biglia (35.), 1-1 Mikel San Jose (58.).
Atletico Madrid-Galatasaray 1-1
1-0 Jose Antonio Reyes (23.), 1-1 Abdulkader Keita (77.).
FC Kaupmannahöfn-Marseille 1-3
0-1 Mamadou Niang (72.), 1-1 Jesper Gronkjaer (80.), 1-2 Fabrice Abriel (84.), 1-3 Charles Kabore (90.).
Fulham-Shakhtar Donetsk 2-1
1-0 Zoltan Gera (3.), 1-1 Luiz Adriano (32.), Bobby Zamora (63.).
Hamburg-PSV 1-0
1-0 Marcell Jansen (27.).
Hertha Berlín-Benfica 1-1
0-1 Angel Di Maria (4.), 1-1 Sjálfsmark (33.).
Panathinaikos-Roma 3-2
0-1 Mirko Vucinic (29.), 1-1 Dimitris Salpigidis (66.), 1-2 David Pizarro (81.), 2-2 Lazaros Christodoulopoulos (84.), 3-2 Djibril Cisse (89.).

Íþróttamaður Reykjavíkur:

Ásdís var valin

FRJÁLSAR Ásdís Hjálmsdóttir, frjálsíþróttakona úr Ármanni, var í gær valin íþróttamaður Reykjavíkur fyrir árið 2009 en þetta er í 31. sinn sem Íþróttamaður Reykjavíkur er kjörinn.

Ásdís fékk auk bikarsins 150 þúsund króna styrk frá ÍBR. Ásdís setti nýtt Íslandsmet í spjótkasti, 61,37 metra, í byrjun maí 2009 og komst þá í sjöunda sæti heimslistans.

Ásdís er nú í 22. sæti á heimslistanum en hún hækkaði sig um fjórtán sæti frá því í fyrra og enginn Norðurlandabúi var ofar en hún á listanum. **- óój**

TÍU TÆKI Á TILBOÐI

AEG þvottavél
LAVAMAT 52840
1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Þvottahæfni: A
Orkuflokkur: A+
Notendahandbók á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
TILBOÐSVERÐ kr. 119.900,-
LISTAVERÐ: 144.900,-

AEG þurrkari
LAVATHERM-T55460
Barkalaus
með rakaskynjara
Tekur 6 kg af þvotti
Fjöldi kerfa
Mjög hljóðlátur
Ryðfrí tromla
Notendahandbók á íslensku
TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-
LISTAVERÐ: 119.900,-

40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AEG GAS-HELLUBORÐUM

Elektro Helios þurrkari
TK 7526
Tekur 6 kg af þvotti
Barkalaus
Sænskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar
Fjöldi kerfa
Tvö hitastig
Mjög hljóðlátur
TILBOÐSVERÐ kr. 84.900,-

Elektro Helios þvottavél
TF 1255e
1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Sænskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar
Öll hugsanlega þvottakerfi
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-

E. Helios uppþvottavél
DI 8525
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hitastillingar
Hljóðlát vél 49db (re 1 pw)
Íslenskar leiðbeiningar
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-

E. Helios uppþvottavél
STÁL
DI9125X
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hitastillingar
Hljóðlát vél 49db (re 1 pw)
Íslenskar leiðbeiningar
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
TILBOÐSVERÐ kr. 109.900,-

AEG uppþvottavél
FAVORIT 65010VI
Gerð til innbyggingar
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
Mjög hljóðlát vél 44db (re 1 pw)
Orkunýtni : A
Þvottahæfni : A
Þurrkhæfni : A
TILBOÐSVERÐ kr. 149.900,-
LISTAVERÐ: 189.900,-

AEG kæli- og frystiskápur
SANTO 70298DT
STÁL
Kælir: 221 Lítrar
Frystir: 70 Lítrar
H: 160 / B: 60 / D: 64,5
TILBOÐSVERÐ kr. 149.900,-
LISTAVERÐ: 187.900,-

AEG Mögnuð matvinnsluvél
FP 4200
Stiglaus hraðastilling
2 lítra skál · 6 stál hnýfar
1,5 lítra blandari m/ skál
800 W
TILBOÐSVERÐ kr. 18.990,-
LISTAVERÐ: 23.990,-

ORMSSON
Komdu og gerðu góð kaup!
ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRÍSTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

VIÐHALD 2010

VETRARGARÐINUM, SMÁRALIND 5.- 6. MARS

5. - 6. mars

Glæsileg sýning um viðhaldsmál

Allt um viðhaldið á einum stað fyrir þig
Sýningin Viðhald 2010 verður stórglæsilegt upplýsingatorg þar sem einstaklingar, húsfélög og húseigendur fá svör við spurningum um allt það sem lýtur að viðhaldsmálum. Fjöldi fyrirtækja og opinberra aðila veita upplýsingar um allt sem þig vantar að vita.

100% endurgreiðsla á vsk. út árið 2010
Þú færð allan virðisaukaskatt af vinnulið vegna viðhalds á húsnæði endurgreiddan. Lögin eru í gildi út árið 2010. Það munar um minna. Komdu og fáðu frekari upplýsingar.

Vissir þú að 47% alls íbúðarhúsnæðis í Reykjavík er byggt fyrir 1970! 40 ára gömul hús eru komin á tíma. Það er verk að vinna.

Sýningardagar:
föstudagur 5. mars frá kl 16 - 19.
laugardagur 6. mars frá kl 11 - 17.

Vetrargarðurinn í Smáralind
Enginn aðgangseyrir- allir velkomnir!

Fáðu upplýsingar hjá fjölda fyrirtækja og fagmanna um greiningu, réttindi og skyldur, tilboðsgerð, framkvæmd, eftirlit og ábyrgð. Þú færð svörin á Viðhald 2010. Eftirtaldir aðilar og fleiri, verða á sýningunni og veita upplýsingar.

EFLA verkfræðistofa · PRÓLINE · MÚRBÚÐIN
Sigurður Grétar Guðmundsson - orkuráðgjafi · VERKÍS · Reykjavíkurborg Skipulags og byggingarsvið
Gólflagnir · ALTAK · Eignaumsjón
HGL · STEINDIR · Viðhald & nýsmíði
FLOTUN · KVARNIR · VERKSÝN
ARMAR · Almenna verkfræðistofan · hús&heilsa
VSÓ RÁÐGJÖF · ÍSMAR · fagmenn.is
Íbúðalánasjóður · RSK Ríkisskattstjóri

Vilt þú kynna þína þjónustu? Skráðu þitt fyrirtæki strax í dag!

Vertu hluti af öflugum hópi fagaðila sem kynna sig og sína þjónustu. Viðhald 2010 verður glæsilegt upplýsingatorg þar sem sýningargestir fá ráðgjöf, upplýsingar um viðhaldsmál og tilboð.

Skráning á www.vidhald2010.is

Bakhjarlar: Smáralind · PRÓLINE

Aðalstyrktaraðili: MÚRBÚÐIN

VIÐHALD 2010
vidhald2010.is - vidhald2010@internet.is

dagskrá

> Jack Nicholson

„Ég hrífst af yngri konum. Ekki af því þær eru yngri heldur af því ég er orðinn svo gamall að fæstar konur komast nálægt mér í aldri.“

Nicholson fer með aðalhlutverkið í myndinni The Bucket List sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.

VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER EKKI ALLTAF HRESS

Spekingarnir spjalla á notalegu nótunum

Ég hef stundum haft svolitlar áhyggjur af því að ég sé gamall karl í anda. Ég spila golf, ég horfi á fótbolta í stað þess að spila hann og ég hlusta á Rás 1. Þessar áhyggjur urðu næstum að áþreifanlegri skelfingu þegar ég stóð sjálfan mig að því kvöld eitt að hlusta á þá Ævar Kjartansson og Pál Skúlason, fyrrverandi rektor, ræða við Ólaf Ólafsson, fyrrverandi landlækni. Ég hugsaði með sjálfum mér að væntanlega væru fáir á mínum aldri (31 árs) með stillt inn á þessar heimspekilegu umræður um heilbrigðiskerfið á Íslandi.

En um leið áttaði ég mig á því að þetta var umfram allt notalegt. Áreitið var sama og ekkert og hin hrjúfa og djúpa rödd Ólafs, að ég tali nú ekki um bassakenndan tón Ævars, róuðu mig. Ég var ekki lengur þvingaður til að hlusta á tilboð á pitsum og mér var ekki ógnað af stöðugum gylliboðum um að vera settur á gestalista eða fá ókeypis klippingu eða litun.

Mesta breytingin fólst þó í því að í eyrum mínum dundi ekki sú krafa að ég ætti að vera hress. Því það vill oft loða við útvarpsmenn á ákveðnum útvarpsstöðvum að þeir séu allt að því óþolandi hressir. Það virðist engu máli skipta hvort klukkan sé sex að morgni eða tíu um kvöldið; allir eiga að vera hressir, kátir og í stuði. Ekki ætla ég að halda því fram að Ævar, Páll og Ólafur séu ekki hressir. Síður en svo. Þeir eru hins vegar ekkert að flagga því framan í smettið á manni heldur halda sig einfaldlega réttum megin línunnar, eitthvað sem útvarpsmenn annarra stöðva mættu taka sér til fyrirmyndar.

EKKI ÓGNANDI
Þeir Ólafur, Páll og Ævar verða seint sakaðir um að vera of hressir en þeir halda sig þó réttum megin línunnar.

FÖSTUDAGUR

▶ **18.30 Daily Show: Global Edition** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.00 Wipeout - Ísland** STÖÐ 2

▶ **21.00 Djúpa laugin** SKJÁREINN

▶ **21.05 Á hálum ís** SJÓNVARPIÐ

▶ **22.00 The Bucket List** STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

16.00 Leiðarljós (e)
16.45 Leiðarljós (e)
17.30 Táknmálsfréttir
17.40 Bjargvætturinn (25:26)
18.05 Vetrarólympíuleikarnir - Samantekt
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Útsvar Spurningakeppni sveitarfélaganna. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
▶**21.05 Á hálum ís** (Blades of Glory) Bandarísk gamanmynd frá 2007. Árið 2002 voru tveir skautadansarar sviptir ólympíuverðlaunum og settir í ævilangt keppnisbann fyrir slagsmál. En dyggur aðdáandi bendir þeim á að bannið eigi aðeins við um einstaklingskeppni og því sé þeim frjálst að spreyta sig sem par. Leikstjórar eru Josh Gordon og Will Speck og meðal leikenda eru Will Ferrell, Jon Heder, Will Arnett, Amy Poehler og Jenna Fischer.
22.40 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (frjálsar æfingar karla í listdansi á skautum) (e).
00.30 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Keppni í risasvigi karla)
02.30 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Keppni í tvisvar sinnum 7,5 km skíðagöngu kvenna)
03.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Great Expectations
10.00 No Reservations
12.00 Shrek 2
14.00 Great Expectations
16.00 No Reservations
18.00 Shrek 2
▶**20.00 The Bucket List** Gamanmynd með stórleikurunum Jack Nicholson og Morgan Freeman aðalhlutverkum.
22.00 The Fountain
00.00 Thunderball
02.10 The Invasion
04.00 The Fountain
06.00 Köld slóð

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Kalli litli Kanína og vinir og Ruff's Patch.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 The Apprentice (14:14)
11.05 Chuck (2:22)
11.50 Gossip Girl (5:22)
12.35 Nágrannar
13.00 'Til Death (14:15)
13.25 Extreme Makeover: Home Edition (20:25)
14.10 La Fea Más Bella (130:300)
14.55 La Fea Más Bella (131:300)
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Aðalkötturinn og Kalli litli Kanína og vinir.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (3:25)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir með gamanþátt þar sem allt er leyfilegt.
▶**20.00 Wipeout - Ísland** Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða þraut á sem stystum tíma og reynir ekki aðeins á líkamlegan styrk heldur einnig kænsku, jafnvægi, snerpu og ekki síst heppni.
21.00 Logi í beinni
21.50 My Blue Heaven Gamanmynd með Steve Martin í aðalhlutverki. Martin leikur hallærislegan krimma sem reynir að hefja eðlilegt líf í ofurvenjulegu og ennþá rólegra úthverfi eftir að hafa borið vitni gegn maffíunni.
23.25 Jiminy Glick in Lalawood Martin Short fer með hlutverk slúðurkonungsins og strigakjaftsins Jiminy Glick sem fær aðgang að öllum stóru stjörnunum og flækist inn í hættulegt morðmál á kvikmyndahátíð.
00.55 The Brothers Grimm
02.50 Saw II
04.20 Wipeout - Ísland
05.10 'Til Death (14:15)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Liverpool - Unirea Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
16.20 Liverpool - Unirea Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
18.00 PGA Tour Highlights Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
18.55 Inside the PGA Tour 2010 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
19.20 Atvinnumennirnir okkar: Guðjón Valur Sigurðsson
20.00 La Liga Report Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur
21.00 UFC Live Events: The Enemy
21.45 UFC 110 Countdown Hitað upp fyrir UFC 110 Countdown.
22.25 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
23.15 Poker After Dark Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
00.00 Poker After Dark

SPORT 2 *enski boltinn*

17.00 Everton - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
18.40 Arsenal - Man. Utd. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.20 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
20.50 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
21.20 Premier League Preview 2009/10 Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
21.50 PL Classic Matches: Chelsea - Man Utd, 1999
22.20 PL Classic Matches: Southampton - Liverpool, 2000
22.50 Premier League Preview 2009/10
23.20 Wigan - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Game Tíví (4:17) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Game Tíví (4:17) (e)
12.30 Pepsi MAX tónlist
16.35 What I Like About You (e)
16.55 7th Heaven (3:22)
17.40 Dr. Phil
18.25 One Tree Hill (7:22) (e)
19.05 Still Standing (11:20) (e)
19.30 Fréttir
19.45 King of Queens (12:25) (e)
20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir (3:14)
20.35 Rules of Engagement (2:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp.
▶**21.00 Djúpa laugin** (2:10) Stefnumótaþáttur í beinni útsendingu í umsjón Ragnhildar Magnúsdóttur og Þorbjörgar Marínósdóttur.
22.00 30 Rock (18:22) Bandarísk þáttaröð sem hlotið hefur Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían undanfarin þrjú ár. (e)
22.25 High School Reunion (7:8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fyrrum skólafélagar koma saman á ný og gera upp gömul mál. (e)
23.10 Leverage (4:15) (e)
23.55 The L Word (4:12) (e)
00.45 Saturday Night Live (6:24) (e)
01.35 Fréttir (e)
01.50 King of Queens (12:25) (e)
02.15 Premier League Poker (7:15)
03.55 Girlfriends (16:23) (e)
04.15 The Jay Leno Show (e)
05.00 The Jay Leno Show (e)
05.40 Pepsi MAX tónlist

iNN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
21.00 Eldhús meistaranna Magnús Ingi Magnússon matreiðslumeistari er á heimavelli í eldhúsinu á Sjávarbarnum
21.30 Grínland Alvöru íslenskur gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga

Helgarblað
„Það er töff að vera á móti Eurovision“
Hera Björk og Sindri í Seabear setjast á Rökstóla

Ferðalög
Sirkus slær í gegn hjá Færeyingum – Íslenskur bar og íslensk hönnun í Þórshöfn – Ferðalög fylgja Fréttablaðinu um helgina

Nýtt og gamalt
Unglingar og eldri borgarar ráða í slangur fyrr og nú

Allt sem þú þarft...

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50

Logi í beinni

Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjón Loga Bergmanns Eiðssonar. Gestir hans í þætti kvöldsins verða Sigurjón Sighvatsson, Vala Matt og Máni af X-inu. Þá munu Múgsefjun, Friðrik Dór og Erpur bjóða upp á tónlistaratriði.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Útsvar

Sjónvarpið kl. 20.05

Í kvöld hefst þriðja umferðin í Útsvari, spurningakeppni sveitarfélaganna. Í fyrstu viðureign keppa lið Dalvíkurbyggðar og Reykjavíkur og verður spennandi að sjá hvaða lið eiga eftir að komast í undanúrslitin þennan veturinn. Sem fyrr eru það Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir sem hafa umsjón með keppninni.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Á réttri hillu
14.03 Einhver mun minnast oss
15.03 Útvarpssagan: Brúin á Drinu
15.25 Líf, en aðallega dauði - Fyrr á öldum
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Fimm fjórðu
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Söngfuglar
21.10 Hringsól
22.10 Lestur Passíusálma
22.16 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 Supernanny (20:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp litla ólátabelgi og gefur gagnleg uppeldisráð.

▶ **18.30 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

19.00 The Doctors

19.45 Supernanny (20:20)

20.30 Daily Show: Global Edition

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 NCIS (7:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

22.35 Fringe (23:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

23.20 Breaking Bad (2:7) Spennuþáttur með kolsvortum húmor um efnafræðikennara sem framleiðir og selur eiturlyf til að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar.

00.10 Auddi og Sveppi

00.45 Logi í beinni

01.30 Fréttir Stöðvar 2

02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.35 Judge John Deed **11.25** Only Fools and Horses **12.15** Never Better **12.45** Absolutely Fabulous **13.15** Doctor Who **14.00** Doctor Who **14.45** Lead Balloon **15.15** The Inspector Lynley Mysteries **16.05** Judge John Deed **16.55** Primeval **17.45** The Weakest Link **18.30** Never Better **19.00** Coupling **19.30** Coupling **20.00** The Mighty Boosh **20.30** Marc Wootton Exposed **21.00** This Is Dom Joly **21.30** The Jonathan Ross Show **22.20** Only Fools and Horses **23.10** Never Better **23.40** Absolutely Fabulous

DR 1

14.00 DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie **16.00** Vinter OL Studiet **16.30** Det kongelige spektakel **16.40** Timmy-tid **16.50** Mr.Clay og hans magiske hat. **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.55** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **21.40** Vinter OL Studiet **22.00** Vinter OL

NRK 1

13.00 OL høydepunkter **14.00** NRK nyheter **14.10** OL høydepunkter **15.30** OL høydepunkter **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Distriktsnyheter **17.20** OL direkte **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **18.55** Nytt på nytt **19.25** OL direkte **20.50** OL direkte **22.00** Kveldsnytt **22.15** OL studio **23.30** OL direkte

SVT 1

09.30 Chris på skolbänken **10.00** OS i Vancouver **16.00** OS i Vancouver **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Olympiska vinterstudion **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** OS i Vancouver **23.00** OS i Vancouver

Lottó á facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á **facebook.com/lotto.is** fyrir 1. mars.

Einn heppinn aðdáandi getur unnið glæsilegan **iPod Nano**.

45 MILLJÓNIR

FYRIR ELSKUNA ÞÍNA

Fimmfaldur Lottópottur stefnir í **45 milljónir.**
Leyfðu þér smá Lottó!

Lottó

20/02 2010 | WWW.LOTTO.IS

Fíton / SÍA 5X20022010

MORGUNMATURINN

„Hann byrjar varla dagurinn án þess að ég fái mér rótsterkan kaffibolla. Það er aðaluppistaðan í morgunmatnum. Svo reynir maður að fá sér ávöxt eða eitthvað með þessu til að koma sér aðeins í gang.“

Bjartmar Þórðarson leikari.

Norræni sjóðurinn hafnaði Frímanni

Norræni sjónvarps-og kvikmyndasjóðurinn hafnaði því að styrkja sjónvarpsþáttaröð sem Gunnar Hansson og bróðir hans, Ragnar Hansson, hafa verið að gera með mörgum af fremstu grínistum Norðurlandanna.

Stöð 2 sætti sig ekki við niðurstöðu sjóðsins og hefur skrifað honum bréf þar sem farið er fram á að sjóðurinn endurskoði ákvörðun sína. „Við borgum í þennan sjóð og við fórum fram á það við þá að þeir tækju umsóknina aftur til umfjöllunar,“ segir Pálmi Guðmundsson hjá Stöð 2. Hann segir þættina vera einstaklega frumlega og þeir hefðu þennan samnorræna brag. „Við höfum aldrei þurft að gera þetta áður en þetta sýnir kannski líka hvað við höfum mikla trú á þessum þáttum.“ Hið sama hefur danska sjónvarpsstöðin TV 2 gert sem hefur þegar keypt sýningarréttinn. Til stóð að RÚV myndi sýna þættina en Stöð 2 virðist vera með forskot í því kapphlaupi.

Fréttablaðið hefur fylgst náið með gerð þáttaraðarinnar en meðal þeirra sem koma fram í henni eru Jón Gnarr, Björn Gustafsson og síðast en ekki síst Klovn-stjarnan Frank Hvam en Frímann og Hvam hittust meðal annars á Laundromat-kaffihúsi Friðriks Weisshappel fyrir skemmstu. Þá upplýsti Gunnar í viðtali við Tvíhöfða um helgina að samkomulag við breska grínistann Matt Berry væri í höfn og hann myndi koma fram í þáttunum. - fgg

SYNJAÐ Þáttaröð Gunnars Hanssonar fékk ekki styrk hjá Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðum. Stöð 2 skrifaði sjóðnum bréf í fyrsta skipti og óskaði eftir því að sú ákvörðun yrði endurskoðuð. Matt Berry og Frank Hvam eru meðal þeirra sem koma fram.



LÁRÉTT
2. járna, **6.** holskrúfa, **8.** ílát, **9.** upphrópun, **11.** tveir eins, **12.** máttur, **14.** pabbi, **16.** tveir eins, **17.** líða vel, **18.** for, 2**0.** tveir eins, **21.** malargryfja.

LÓÐRÉTT
1. íþróttafélag, **3.** karlkyn, **4.** ósamlyndi, **5.** örn, **7.** frjáls, **10.** temja, **13.** svelg, **15.** pottréttur, **16.** verkur, **19.** óreiða.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. skóa, **6.** ró, **8.** ker, **9.** aha, **11.** ii, **12.** megin, **14.** faðir, **16.** tt, **17.** una, **18.** aur, **20.** gg, **21.** krús.

LÓÐRÉTT: 1. fram, **3.** kk, **4.** óeining, **5.** ari, **7.** óhefður, **10.** aga, **13.** iðu, **15.** ragú, **16.** tak, **19.** rú.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. Viggo Mortensen.
2. Við Grundarstíg.
3. Sjúkrastofnun sem mun sérhæfa sig í liðskipta- og offituaðgerðum fyrir útlendinga.

Auglýsingasími 512 5401
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

HERA BJÖRK ÞÓRHALLSDÓTTIR: HLAKKA TIL AÐ HNEYKSLA FÓLK Í OSLÓ

Birta hannar kjól Heru

„Við erum byrjaðar að pæla aðeins og hugsa en það er ekkert niðurneglt. Við erum með ákveðnar hugmyndir í kollinum,“ segir Hera Björk Þórhallsdóttir en Birta Björnsdóttir hjá Júniform mun hanna kjólinn sem söngkonan klæðist þegar hún syngur framlag Íslands í Eurovision-söngvakeppninni í Ósló. Hera segir þær fullar af eldmóði en Birta hannaði kjólinn sem Hera klæddist á úrslitakvöldinu hér á landi og einnig kjólinn sem söngkonan var í þegar hún hafnaði í öðru sæti í dönsku söngvakeppninni fyrir rúmu ári. „Ég hef alltaf verið mjög hrifin af hennar hönnun og hún hentar konum með mitt vaxtarlag mjög vel.“

Nafn Birtu hefur verið á allra vörum að undanförnu eftir að Fréttablaðið greindi frá bréfi Lindu Bjargar Árnadóttur, fagstjóra fatahönnunarbrautar LHÍ, til Evu Maríu Jónsdóttur, þar sem kjólar hönnuðarins voru gagnrýndir harðlega og þeir sagðir ljótustu kjólarnir sem sést hefðu í sjónvarpi. Birta sendi í gær fjölmiðlum afrit af bréfi sínu til rektors LHÍ þar sem hún óskaði eftir afsökunarbeiðni frá skólanum en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá stendur rektorinn, Hjálmar H. Ragnarsson, með fagstjóranum,

Hera segir að þessi umræða hafi ekki dregið þær niður. „Nei, síður en svo. Við látum þetta ekki hafa nein áhrif á okkur, við erum bara fullar eldmóðs og það er hlaupið í okkur eitthvert keppnisskap. Við getum bara ekki beðið eftir því að hneyksla fólk,“ segir Hera og hlær.

Hera var reyndar ekki í miklum Eurovision-pælingum þegar Fréttablaðið náði tali af henni því hún var að renna sér á skíðum í Hlíðarfjalli með fjölskyldunni. „Maður verður að slappa líka af en vinnan er í fullum gangi,“ segir Hera en hamingjuóskum hefur rignt yfir hana, meðal annars frá bakröddunum sem sungu með Heru í danska Eurovisioninu. Hera segir að bakraddirnar sem voru henni til halds og trausts í Söngvakeppni Sjónvarpsins verði með henni, að viðbættri stórsöngkonunni Kristjönu Stefánsdóttur. „Hún verður fjórða bakröddin og svo verður hún raddþjálfarinn minn. Þótt ég sé raddþjálfari líka þá þarf ég manneskju til að huga að röddinni.“

freyrgigja@frettabladid.is

BIRTA SNÝR AFTUR

Birta Björnsdóttir mun hanna kjólinn sem **Hera Björk Þórhallsdóttir** klæðist í Eurovision. Hera Björk klæddist kjól frá Birtu á lokakvöldi Söngvakeppni sjónvarpsins og þegar hún hafnaði í öðru sæti í danska Eurovision.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTIR AF FÓLKI

María Sigrún Hilmarsdóttir hefur farið vel af stað í hlutverki sínu sem fréttalesari. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur áhorfið á fréttir RÚV aukist eftir að hún tók við af Elínu Hirst, ekki síst meðal ungra karla. Ekki léleg byrjun það.

RÚV hefur fengið á sig gagnrýni úr ýmsum áttum undanfarið. Kvikmyndagerðarmenn eru ósáttir við forgangsröðun hlutafélagsins opinbera á meðan aðrir setja spurningarmerki við uppsagnir og niðurskurð á öðrum sviðum. Karlinn í brúnni, **Páll Magnússon**, gefur færi á sér á laugardaginn, en hann hefir boðað komu sína í þátt Tvíhöfða, Sigurjóns Kjartanssonar og Jóns Gnarrs, á Kananum. Þeir ná oft alls kyns leyndarmálum upp úr viðmælendum sínum, svo að spennandi verður að heyra hvort útvarpsstjórinn varpar nýju ljósi umræðurnar.

Danski stórleikarinn **Viggo Mortensen** er staddur á landinu, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Stúlkan sem talað var um að væri með honum í för er spænska leikkonan **Ariadna Gil**, en hún lék meðal annars í stórmyndinni Pan's Labyrinth frá árinu 2006. Viggo og Ariadna hafa sést á leið austur á land, en eins og fram kom í blaðinu í gær ferðast Daninn vopnaður myndavél og smellir af í gríð og erg.

- fgg, afb

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
SIGINN FISKUR frá Drangsnesi
GLÆNÝ LÚÐA,LAXAFLÖK, ÞORSKHNAKKAR
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Rúnagaldur ryður brautina

„Það er afskaplega gaman að Þjóðverjar skuli hafa áhuga á þessari bók,“ segir rithöfundurinn Elías Snæland Jónsson.

Bók hans, Rúnagaldur, verður gefin út í Þýskalandi á næsta ári og er þetta fyrsta bók Elíasar sem fær dreifingu erlendis. Ryður hún vonandi brautina fyrir næstu bækur hans. „Ég er mest hissa á því hvað þeir voru fljótir til því þeir höfðu samband strax í byrjun desember, nokkrum vikum eftir að bókin kom út.“ Bókin kemur út hjá forlaginu Aufbau sem er mjög virt á sínu sviði og ætti því að fá góða kynningu.

Elías, sem hefur lengi fengist við ritstörf, hefur gefið út þó nokkuð af barna- og unglingabókum. Nágrannalöndin hafa sýnt áhuga á að gefa þær út en aldrei hefur orðið af því. Hann vill þó ekki meina að langþráður draumur sé að rætast með útrásinni til Þýskalands. „Maður er fyrst og fremst að skrifa fyrir íslenskan markað og íslenska neytendur. Það er rós í hnappagatið ef útlendingar hafa áhuga á að gefa út bækur eftir mann en það er ekkert sérstakt keppikefli í sjálfu sér.“

Rúnagaldur er spennusaga sem tengir saman sögur Eddukvæðanna um norrænu goðin og þann áhuga sem sumir af forystumönnum þriðja ríkisins höfðu á kvæðunum. Bókin er einnig sú fyrsta sem útgefandinn Skrudda selur á erlendri grundu. - fb

ELÍAS SNÆLAND JÓNSSON Rúnagaldur er fyrsta bók Elíasar sem fær dreifingu erlendis. Hún kemur út seinni part næsta árs á vegum Aufbau.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skóflóð ...

30.000

skópör!

Nú er RISA skó-útsala í Gula Húsinu!
Fjöldi þekktra gæðamerkja. Margar gerðir í öllum stærðum. Eitthvað fyrir alla: Börn, konur og karla.
Einstakt tækifæri til að eignast gæða skó á ótrúlegu verði!

Verð frá 990,-

GULA HÚSIÐ

FAXAFENI 8

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR.IS "...ég sá það á vísi"

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sigmundur spyrill

Stjórnmálaskóli ungra framsóknarmanna verður haldinn um helgina. Formaður flokksins, **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**, hyggst stjórna svokölluðu pöbbkvissi fyrir nemendur skólans en Sigmundur hefur farið mikinn í spurningaþáttum í útvarpi að undanförnu, meðal annars á Rás 2.

Reynir ósærður

Netmiðlar greindu frá því í gær að ráðist hefði verið á **Reyni Traustason**, ritstjóra DV, á benínstöð. Sannleikurinn ku hins vegar vera sá að ókunnugur maður vatt sér upp að Reyni, fór heldur óblíðum orðum um blað hans og umfjöllun þess um íslenskt viðskiptalíf á árum áður og var með ógnandi tilburði. Að sögn Reynis var maðurinn vel til hafður og minnti einna helst á 2007-tímabilið.

Var sein á fundinn

Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins, lét salarfylli af gestum bíða eftir sér góðar þrjár mínútur umfram akademískt korter áður en hún hélt fyrirlestur í Háskólanum í gær. Einhverjir voru farnir að ókyrrast þegar fundarstjóri, Ólafur Þ. Harðarson, tilkynnti að stjórnmálakonan hefði tafist. Skýringin sem hún gaf var að hún hefði verið í sjónvarpsviðtali fyrir sunnudagsþátt um alþjóðastjórnmál og það hafi dregist á langinn.

- fgg, óká

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Gæti lent í fangelsi fyrir að aka á nagladekkjum
2. Þingmaður hjólar í Evu Joly - telur framlag hennar ofmetið
3. Mál Franklíns Steiners tekið fyrir í héraðsdómi
4. KR - sport dæmt til að greiða Samson tæpar sex milljónir
5. Borgaði 850 þúsund fyrir símanúmer

73,8%

23,7%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

ÚTSALA
enn meiri verðlækkun
25%-40% afsláttur

skovby Excellent Dining Rooms

Afar vönduð
borðstofuhúsgögn
Vegna hagstæðra samninga við byrgja getum við nú boðið nokkur borðstofusett á ótrúlegu verði!
Borð frá Skovby og eikarstólar með slitsterku áklæði

40% afsláttur

Borð eik stækkanlegt kr. 179.000.-
Stóll, eik með slitsterku microfiberáklæði kr. 32.000.-

Svefnsófar Úrval af svefnsófum og tungusvefnsófum

Tilboðsverð kr. 175.000.-

3ja sæta sófi með áklæði sem með einu handtaki er breytt í svefnsófa

40% afsláttur

Borð hnota stækkanlegt kr. 179.000.-
Stóll, hnota með slitsterku microfiberáklæði kr. 32.000.-

40% afsláttur
Tilboðsverð kr. 349.000.-

Afar vandað leðursófasett 3+1+1

Eitt mesta úrval landsins af
hvíldarstólum

Vandaður leðurhvíldarstóll
Tilboðsverð kr. 99.000.-

Vandaður leðurhvíldarstóll
Tilboðsverð kr. 99.000.-

Nýtt

Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.

Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar.
Innbyggður skemill.

Tilboðsverð kr. 99.000.-

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl. 10-18 Laugardag kl. 11-16

www.valhusgogn.is